

**SKOÐUN** Nauðsynlegt er að tryggja framboð af kennurum, skrifar Jóhanna Einarsdóttir. 13



**MENNING** Á appland.is er hægt að fá upplýsingar um hvernig er hægt að nota iPad og smáforrit í skólastarfi. 26



**SPORT** Skíðagöngukappinn Brynjar Leó Kristinsson reynir af kappi við Ólympíulágmarkið. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**6. nóvember 2013**
261. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



**Stíga varlega til jarðar**
Icelandair Group skilaði besta ársfjórðungsuppgjöri í sögu félagsins á þriðja fjórðungi þessa árs. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri félagsins, býst við áframhaldandi vexti.

**FRÉTTIR**

***Ákæra birt í dag*** Hannesi Smárasyni verður birt ákæra í dag í máli tengdu FI-Group. Lögmaður Hannesar gagnrýnir upplýsingagjöf Héraðsdóms Reykjavíkur um málið. 6

**Skelfileg ásökun** Ólafur Ólafsson segir „skelfilegt að sitja undir áburði um sýndarviðskipti“ í Al-Thani-málinu. 6



12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | | NA | 10 |
| Akureyri | 3° | | A | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | | NA | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | | NA | 10 |
| Reykjavík | 4° | | A | 11 |

**Áfram hvasst** Í dag verður strekkingur, allhvasst eða hvasst víða um land, síst norðanlands. Þungbúið og úrkoma í flestum landshlutum. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

**Markaðurinn | Stöð 2 | Fólk**




# Prestur segir Dróma setja Langholtskirkju afarkosti

Hvorki gengur né rekur í samningaviðræðum Langholtskirkju við Dróma. Skulda á annað hundrað milljóna. Sóknarprestur segir Dróma setja kirkjunni afarkosti. Formaður sóknarnefndar kveðst trúa á farsæla lausn.

**FJÁRMÁL** „Það er hálfgerð handrukkun í gangi hérna, en við trúum á upprisuna,“ segir Guðbjörg Jóhannesdóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju. Sóknin á nú í samningaviðræðum við Dróma vegna skulda safnaðarins, sem eru á annað hundrað milljóna króna.

„Það eru eiginlega engar samningaviðræður. Þeir hafa sett okkur afarkosti sem eru með þeim hætti að þeir myndu binda söfnuðinn til næstu 30 ára svo það yrði varla nokkur starfsemi hér,“ segir Guðbjörg.

Skuldir sóknarinnar eru vegna orgelkaupa og viðgerða á kirkjunni, og eru frá því um síðustu aldamót, segir Björg Dan Róbertsdóttir, formaður sóknarnefndar Langholtskirkju. Óheppilegt sé hversu lítill gangur virðist vera á viðræðunum. „Ég trúi því að þetta muni leysast farsællega,“ segir Björg sem vill ekki gefa upp nákvæmlega hve skuldin er há en staðfestir að hún standi í yfir 100 milljónum króna í dag.

Lánin sem sóknin tók voru ekki í erlendri mynt, en hafa engu að síður hækkað verulega frá hruninu, segir Björg. Þá segir hún að ákveðinn forsendubrestur hafi orðið þar sem sóknargjöld sem renna til kirkjunnar hafa dregist saman, sem og aðrar tekjur vegna viðburða í safnaðarheimilinu.

Safnaðarheimilið var sett að veði fyrir lánunum, en þar sem óheimilt er að veðsetja kirkjubygginguna ar er engin hætta á að sóknin tapi kirkjunni, segir Björg.

Björg segir stöðuna vissulega erfiða fyrir sóknina en að fjölmargir sjálfboðaliðar geri söfnuðinum kleift að halda uppi öflugu starfi þrátt fyrir fjárhagsörðugleikana.

Samkvæmt upplýsingum frá Dróma er mál Langholtskirkju í samningaferli. Frekari upplýsingar verði ekki gefnar. brjann@frettabladid.is



**Þeir þeir myndu binda söfnuðinn til næstu 30 ára svo það yrði varla nokkur starfsemi hér.**

*Guðbjörg Jóhannesdóttir, sóknarprestur í Langholtskirkju*



**JÓLAUNDIRBÚNINGUR Í BORGINNI** Á Snorrabrautinni rakst ljósmyndari Fréttablaðsins á þennan klifurmeistara, sem vann við að þræða ljósaseríur á trjágreinar svo jólin fari nú örugglega ekki fram hjá nokkrum manni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ferðum fraktvéla fækkar:

## Flugið annar ekki eftirspurn

**VIÐSKIPTI** Framboð á fraktflugi til Bandaríkjanna annar ekki eftirspurn fyrirtækja sem selja fersk matvæli.

„Í dag fara ekki nema ein til tvær fraktvélar á viku til Bandaríkjanna en það fóru fleiri á árunum fyrir hrun,“ segir Svavar Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Sæmarks, sem selur ferskan fisk til Bandaríkjanna.

Mikael Tal Grétarsson, forstöðumaður útflutnings hjá Icelandair Cargo, segir skýringuna að innflutningur hafi dregist saman á síðustu árum.

„Við gætum hugsanlega flogið fleiri ferðir út en þá myndu vélarnar koma tómar til baka og þá myndi kostnaðurinn við innflutninginn lenda á útflytjendum, sem þeir skiljanlega vilja ekki borga,“ segir Mikael.

-hg / sjá Markaðinn.






BBC kannaði vinsældir Ásgeirs Trausta með því að hringja til Íslands:

# Með gamla símaskrá að vopni

**TÓNLIST** „Þetta kom mér mjög á óvart og ég var við það að skella á hann,“ segir Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, sem fékk skemmtilegt símtal frá þáttastjórnandanum Dermot O´Leary á BBC Radio 2 útvarpsstöðinni fyrir skömmu.

Um er að ræða viðtal sem Ásgeir Trausti fór í á BBC Radio 2 útvarpsstöðinni, en það tók skemmtilega og óvænta stefnu.

Stjórnandi þáttarins, Dermot O´Leary ákvað að gera dálitla tilraun. Hann hafði heyrt að tíu prósent Íslendinga ættu plötu Ásgeirs, Dýrð í dauðaþögn, og hafði í fórum sínum gamla símaskrá frá sendiráði Íslands í London.

„Hann ákvað að opna símaskrána, sem er frá árinu 2009, einhvers staðar, finna eitthvert nafn í skránni og hringja í þá manneskju. Það reyndist vera Margrét,“ segir María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs Trausta, um gjörninginn.

Í samtali O´Learys og Margrétar kom í ljós að mamma Ásgeirs hafði kennt syni Margrétar þegar þau bjuggu öll á Húsavík.

„Tilraun þáttastjórnandans gekk því upp, auðvitað átti hún diskinn og öllum þarna á útvarpsstöðinni var mikið skemmt,“ segir María Rut.

-glp / sjá síðu 46



**Eftir þetta atvik hef ég sett mér það markmið að sjá hann á tónleikum sem allra fyrst.**

*Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur*




## SPURNING DAGSINS



Úlfur, heldurðu að borgararnir muni hlýða kallinu?

**„Ég vona það, þó að tæknilega megi túlka það þannig að það sé bæði með og á móti boðskapi plötunnar.“**

Rapparinn Úlfur Kolka hefur hrundið af stað söfnun á vefnum til að fjármagna plötuna Borgaraleg óhlýðni.

Lögregla leitar uppruna stúlku sem fannst ráfandi stefnulaust í Dyflinni:

# Hefur ekkert tjáð sig í mánuð

**ÍRLAND** „Þekkir þú þessa stúlku?“ segir í tilkynningu frá lögreglunni í Dyflinni sem birti í gær myndir af stúlku einni sem fannst ráfandi og ringluð í borginni fyrir tæpum mánuði. Frá þessu segir á fréttavef Sky.

Hún hefur ekkert tjáð sig við lögreglu síðan hún fannst, en líklegt þykir að hún sé erlend, mögulega frá Austur-Evrópu.

Hún er talin geta verið allt niður í fjórtán ára gömul og hefur verið í umsjá félagsmálayfirvalda síðan hún fannst. Hún er um 170 sentimetrar á hæð, grannvaxin, með sítt ljóst hár. Hún er með spangir á tönnum, en læknar hafa ekki getað ráðið í uppruna hennar út frá þeim.

Lögreglan leitar nú allra leiða til að komast að uppruna stúlkunnar og hefur varið rúmlega tvö þúsund mannaflsstundum til þess. Meðal annars hefur verið leitað aðstoðar Interpol en án árangurs. **- þj**



**ÓÞEKKTUR UPPRUNI** Lögreglan í Dyflinni birti þessa mynd af stúlkunni í von um að einhver geti gefið upplýsingar um hana.

Lýst eftir Alexander Jafet:

# 13 ára týndur

**LÖGREGLAN** Lögreglan lýsti í gær eftir Alexander Jafet Rúnarssyni, sem er 13 ára, lágvaxinn, grannur, um 45 kíló, með stutt skollitað hár.



**ALEXANDER JAFET RÚNARSSON**

Þegar hann strauk frá meðferðarheimilinu Stuðlum í fyrrakvöld var hann í hvítri hettupeysu og bláum buxum.

Upplýsingum um ferðir Alexanders skal koma til lögreglu. **-gb**



**Í TOGI** Varðskipið Þór með Fernöndu í togi. Hér sjást skipin frá golfvellinum á Hvaleyrarholti um miðjan dag í gær. Fernanda er farin að kólna og telja menn að allar glæður séu kulnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ákveðið hvað gert verður við flakið af Fernöndu í dag:

# Varðskipið Þór með skipið í togi

**BJÖRGUNARSTARF Það ræðst í dag hvað gert verður við flakið af flutningaskipinu Fernöndu.**

**Haft verður samráð við hlutaðeigandi aðila, það er slökkviliðið, umhverfisstofnun, eigendur skipsins, tryggingafélag þess, Hafnarfjarðarhöfn og fleiri um hvaða leiðir komi til greina við förgun Fernöndu.**

**Varðskipið Þór var með skipið í vari út af Helgaskeri við Hafnarfirði í nótt. Í gær fór áhöfn Þórs ásamt slökkviliðsmönnum um borð og héldu áfram að kæla flakið og hreinsuðu til eftir því sem hægt var. Enginn eldur var sjáanlegur um borð og töldu menn að hann væri kulnaður enda skipið farið að kólna.** **- jme**

Landamæravörðum refsað:

# Dauðadómar eftir uppreisn

**BANGLADESS, AP** Dómstóll í Bangladess dæmdi í gær 152 menn til dauða fyrir þátttöku í blóðugri uppreisn landamæravarða árið 2009.

Að auki var 161 dæmdur í ævilangt fangelsi. 256 fengu styttri dóma. Alls voru 846 sakborningar dregnir fyrir dómstóla, en 277 þeirra voru sýknaðir.

Uppreisnin stóð í tvo daga og kostaði 74 manns lífið, þar af 57 yfirmenn í hernum. Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt réttarhöldin og segja að 47 hinna grunuðu hið minnsta hafi látist í fangelsi. **- gb**

Konungleg heimsókn:

# Danadrotning væntanleg

**HEIMSÓKN „Það er mikið fagnaðarefni að Margrét Danadrottning ætli að vera viðstödd hátíðahöldin. Heimsóknin sýnir áhuga hennar á safni Árna Magnússonar,“ segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar.**

**Margrét Danadrottning hefur þegið heimboð forseta Íslands og verður í opinberri heimsókn hér á landi 12. til 14. nóvember og tekur drottningin þátt í hátíðahöldum vegna 350 ára ártíðar Árna Magnússonar handritasafnara. Hátíðahöldin ná hámarki á fæðingardegi hans, 13. nóvember.** **- jme**

# Bann við hatursáróðri brot á tjáningarfrelsi

ÖSE segir breytingu á hegningarlögum um hatursáróður gegn transfólki ógna tjáningarfrelsi og leggur til að Alþingi hafni breytingunni. Formaður Samtakanna ´78 segir transfólk síst mega við minni réttarvernd en aðrir minnihlutahópar.

**MANNRÉTTINDI** „Við teljum þessar breytingar vega að tjáningarfrelsi og þrátt fyrir að þeim sé ætlað að vernda minnihlutahópa á aldrei að hefta tjáningarfrelsi,“ segir Gunnar Vrang, talsmaður fulltrúa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, varðandi frelsi fjölmiðla, í samtali við Fréttablaðið.

Fulltrúi ÖSE, Dunja Mijatovic, segir í yfirlýsingu að embættið telji nýtt lagafrumvarp innanríkisráðherra brjóta gegn tjáningarfrelsi og hvetur alþingismenn til að hafna því.

Frumvarpið er breytingartillaga á hegningarlögum þar sem gert er refsivert að hæðast að transfólki en áður var því aðeins beint að trúarbrögðum og kynhneigð. Í athugasemdum við frumvarpið segir að markmiðið sé að veita einstaklingum með kynáttunarvanda refsivernd til samræmis við aðra hópa sem eru taldir þurfa á sérstakri vernd að halda. Að auki er frumvarpið samið vegna fyrirhugaðrar fullgildingar á viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot.

„Það er hlutverk okkar að bregðast við hvers kyns lagabreytingum hjá ríkjum innan ÖSE sem ógna tjáningarfrelsi borgaranna,“ segir Gunnar aðspurður hvort embættið geri bara athugasemdir við það að transfólki sé bætt við ákvæðið eða hvort hið sama eigi við um lagaákvæðið sem fyrir sé. Þannig geti embættið ekki lagst gegn fyrirliggjandi ákvæði, en geri athugasemdir við breytingartillöguna.

Í yfirlýsingunni segir að frelsi til að tjá skoðanir sínar sé grundvallarmannréttindi sem þarf að vernda og megi aðeins skerða ef um er að ræða viljandi og hættulegan áróður fyrir ofbeldi. Jafnvel þótt við teljum ummæli móðgandi, andstyggileg, meiðandi eða ögrandi verði slíkar skoðanir að fá að heyrast.

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna ´78, segir að evrópsk lagahefð sem Ísland er hluti af, sérstaklega hvað varðar mannréttindi, byggi á að hatursfull umræða sem beinist að hópum grafi undan lýðræði.

„Það er sérstaklega slæmt að transfólk sem hópur dragist inn í þessa umræðu. Þótt þeir sem hafa tjáð sig um málið hafi ekkert á móti transfólki þá er raunin sú að það verður fyrir miklum fordómum í okkar samfélagi í sínu daglega lífi og þarf síst minna á réttarvernd gegn hatursorðræðu að halda en aðrir hópar, sem taldir eru upp í ákvæðinu sem fyrir er.“

fanney@frettabladid.is




**GLEÐIGANGAN Í REYKJAVÍK** Transfólk vakti athygli á málum sínum í Gay Pride í Reykjavík í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR**



**DUNJA MIJATOVIC**

**LOKAÐ** Í DAG VEGNA JARÐARFARAR.

Skrifstofur Valitor, að Dalshrauni 3 í Hafnarfirði, verða lokaðar í dag frá kl. 12 vegna jarðarfarar.

VALITOR

Dýrgripir leyndust meðal nýfundnu listaverkanna 1.400 úr fórum nasista:

# Áður óþekkt listaverk fundust

**ÞÝSKALAND** Áður óþekkt listaverk eftir meistara á borð við Marc Chagall og Henri Matisse leyndust á meðal listaverkanna 1.400 sem fundust í München nýverið.

Sérfræðingum hefur enn ekki gefist tími til að kanna nema rúman þriðjung verkanna, og jafnvel ekki allt það til hlítar.

Verkin fundust í febrúar á síðasta ári, fagmannlega geymd í einu herbergi í ríkmannlegri íbúð í München, Eigandi íbúðarinnar hefur ekki óskað eftir því að fá þau afhent aftur, en sérfræðingum hefur enn ekki tekist að skera úr um það hvort þau séu öll illa fengin.

Ljóst þykir þó að verkin voru í fórum þýskra nasista á stríðsárunum. Meðal verkanna eru listaverk eftir þekkta listamenn á borð við Pablo Picasso, Max Liebermann og Ernst Ludwig Kirchner.

Það tók lögregluna þrjá daga að flytja verkin út úr íbúðinni í örugga geymslu annars staðar.

Lögreglan komst á sporið við hefðbundna handahófsleit tollvarða í lest á leiðinni frá Zürich í Sviss til München í Þýskalandi árið 2010. **- gb**



**LISTAVERKAFUNDURINN KYNNTUR FJÖLMIÐLUM** Lögreglumenn og sérfræðingar efndu til blaðamannafundar í Augsburg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1019

**FJÖLBREYTTIR KOSTIR**
KALLA Á TRAUSTA RÁÐGJÖF

Að kaupa sér íbúð og skipta um húsnæði er stór ákvörðun sem getur haft mikil áhrif á bæði fjárhag og lífsstíl. Ýmsir kostir eru í boði og til að standa sem best að ákvörðuninni er mikilvægt að fá vandaða ráðgjöf.

▶ Á arionbanki.is/ibudalausnir finnur þú myndbönd þar sem Marta og aðrir fjármálaráðgjafar Arion banka gefa góð ráð.

ARION **ÍBÚÐALAUSNIR**

Arion banki

## SVONA ERUM VIÐ



**82,7%** **fólks á aldrinum 16 til 74 ára**

**voru að jafnaði á vinnumarkaði á tímabilinu júlí til september.**

Alls voru því 188.500 manns á vinnumarkaði síðsumars.

Nafn fannst í gögnum sem lögregla lagði hald á í húsleit á kampavínsklúbbi:

# Lögregla bað verjanda að víkja

**LÖGREGLUMÁL** Stefáni Karli Kristjánssyni, verjanda eins forsvarmanna kampavínsklúbbsins Strawberries, sem nú sætir rannsókn vegna gruns um vændissölu, hefur verið gert af lögreglu að segja sig frá málinu vegna rannsóknarhagsmuna. Ástæðan er sú að nafn lögmannsins fannst í gögnum sem tengjast starfsemi staðarins, sem lögregla hefur nú til rannsóknar. Stefán Karl vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað að öðru leyti en því að ekkert óeðlilegt væri við að skjólstæðingar hans hefðu nafnið hans í sínum fórum.

Fyrir rúmri viku sagði fréttastofa Stöðvar 2 frá umfangsmikilli lögregluaðgerð á veitingastaðnum Strawberries í Lækjargötu, vegna gruns um vændiskaup og milligöngu um vændi. Fjórir menn af sex, sem handteknir voru vegna málsins, verða í gæsluvarðhaldi fram til 8. nóvember og er eigandi staðarins þeirra á meðal.

### ➜ Hvað segja lögin?

Ekki má skipa eða tilnefna þann verjanda sem gegnt hefur starfi matsmanns eða kann að verða kvaddur til að gefa skýrslu sem vitni í máli ellegar er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

**Úr lögum um meðferð sakamála.**



**UMFANGSMIKIL RANNSÓKN** Eigandi Strawberries við Lækjargötu og þrír til viðbótar eru í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar.



**STYKKISHÓLMUR** Smábátsjómenn vilja fara um Landeyjarsund. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Greiða leið í Landeyjasundi:

## Dýpka fyrir síldveiðimenn

**SJÁVARÚTVEGUR** „Vegna síldveiða er þörf á þessari aðgerð núna," segir í tillögu um að dýpka Landeyjasund. Bæjarstjórnin í Stykkishólmi samþykkti tillöguna.

„Þetta er mikið hagsmuna- og öryggismál fyrir smábátasjómenn að geta valið siglingaleiðina í gegnum Landeyjasund. Teljum við rétt að fara í þessar framkvæmdir sem fyrst og bíða ekki eftir að vinnu við fjárhagsáætlun 2014 verði lokið," segir í tillögunni. Byggingarfulltrúi á að leita tilboða í verkið. **- gar**

Risavaxinn vinnustaður:

## Yfir 21% vinna á flugvellinum

**KÖNNUN** Yfir 21 prósent vinnandi íbúa Reykjaness vinnur á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt könnun sem MMR gerði fyrir Atvinnu- og hafnasvið Reykjanesbæjar í október.

Í frétt Víkurfrétta er rætt við Pétur Jóhannsson, framkvæmdastjóra sviðsins, sem segir mikilvægt að eiga svo sterka stoð í flugþjónustunni.

Hann bendir á að til viðbótar við þann stóra hóp sem starfi á vellinum verði einnig til störf í Reykjanesbæ við að þjónusta ferðamenn sem sæki inn í bæinn. Þannig hafi flugvöllurinn ákveðin margfeldisáhrif út fyrir vallarsvæðið. **- bj**

# Stytting náms ekki svarið

Forseti Menntavísindasviðs HÍ segir vel menntaða kennara nauðsynlega og ekki eigi að slá af kröfunum. Börnunum fjölgar á meðan leikskólakennurum fækkar og því forgangsmál að fjölga nemendum í kennaranámi.

**MENNTAMÁL** „Þegar Landspítalinn á í vandræðum vegna skorts á læknum dettur engum í hug að stytta læknanámið en þegar það verður kennaraskortur þá er það fyrsta svarið," segir Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.



**JÓHANNA EINARSDÓTIR**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur sagt að til að mæta skorti á faglærðum leikskólakennurum á Íslandi þurfi að endurskoða námið og bjóða styttri námsleiðir. Aðsóknin í leikskólakennaranám hrundi eftir að það var lengt úr þremur árum í fimm ár.

Jóhanna segir vel menntaða leikskólakennara vera nauðsynlega í flóknara samfélagi. „Börn alast upp við aukið fjölmenningarsamfélag, tækni og tækifæri. Kennarar standa frammi fyrir miklum áskorunum, eru með fjölbreytta nemendahópa og við gerum kröfur um að öllum börnum sé sinnt og mætt," segir Jóhanna.

Hún bætir við að leikskólastarf hafi breyst mikið á síðustu tveimur áratugum þar sem almennt séu öll börn frá tveggja ára aldri í leikskólum stóran hluta dagsins. Börnunum fjölgar og því segir Jóhanna það grafalvarlegt mál að leikskólakennurum fækki.

„Það er forgangsmál hjá okkur að fjölga nemendum í kennaranámi. Við erum að vinna að ýmsum hugmyndum til að gera námið meira spennandi og aðgengilegra fyrir fólk en við eigum ekki að slá af kröfunum. Við viljum vera í fararbroddi í menntun og bera okkur saman við þá sem standa sig best í menntamálum á heimsvísu," segir Jóhanna.

erlabjorg@frettabladid.is



**LEIKSKÓLI** Leikskólakennarar þurfa að ljúka fimm ára háskólanámi til að fá fullgild starfsréttindi FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

### ➜ Þriggja ára nám



**„Mér finnst að leikskólakennarar eigi að fá kennsluréttindi eftir þriggja ára nám. Svo ætti kerfið að hvetja fólk til að fara í mastersnám og sérhæfa sig. En mér finnst mikilvægt að fólk fái starfsreynslu áður en það velur sérhæfingu."**

*Elín Anna Lárusdóttir, leikskólakennari á Laugasól.*

### ➜ Réttar forsendur



**„Það þarf að kynna starfið fyrir fólki. Ég valdi mér námið þrátt fyrir léleg laun. Fólk þarf að kynnast því hvað þetta er yndislegur starfsstaður svo það velji sér námið á réttum forsendum. En námið á að vera fimm ár og launin þarf að hækka."**

*Emilía Rafnsdóttir, leikskólakennari á Öskju.*

### ➜ Ekki án réttinda



**„Ég prófaði að vinna á leikskóla, mér fannst það skemmtilegt og krefjandi starf og vildi ekki vinna á leikskólanum án réttinda. Ég velti fyrir mér launum en maður verður að vera bjartsýnn og skella sér í næstu kjarabaráttu."**

*Hanna Rós Jónasdóttir leikskólakennari.*

### ➜ Ekki gefa afslátt



**„Námið gefur djúpa og góða þekkingu og er mjög þarft. Við erum fagfólk í okkar starfi og það á ekki að gefa afslátt af því. Hlutverk okkar sem erum útskrifuð er að tala upp kennarastéttina, en ekki niður."**

*Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri á Álfaborg.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**Á morgun**
Vindasamt á annesjum A- og V-til.



**Föstudagur**
Dregur aðeins úr vindi.

**VINDASAMT** Það er heldur napurt á landinu þessa dagana. Búast má við strekkingi eða allhvössum vindi á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og við SA-ströndina fram að helgi. Á föstdaginn léttir til á sunnan- og vestanverðu landinu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Berlín | 9° | Friedrichshafen | 12° | Las Palmas | 24° | New York | 16° | París | 16° |
| Aþena | 18° | Billund | 9° | Gautaborg | 8° | London | 15° | Orlando | 28° | San Francisco | 18° |
| Basel | 17° | Frankfurt | 13° | Kaupmannahöfn | 8° | Mallorca | 25° | Ósló | 5° | Stokkhólmur | 6° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Tölvur fyrir kröfuharða
## – í viðskiptum eða bara heima




NP900X3C-A02SE

## Kraftmikil og nett – 1.16 kg

- Skjár: 13.3 "Super Bright 400 nits HD (1600 x 900)
- Örgjörvi: Intel ® Core ™ i5 Processor 3317 U
- Skjákort: Intel ® HD Graphics 4000
- Vinnsluminni: 4GB
- Harður diskur: 128 GB SSD

Verð áður: 274.900,-

**Tilboðsverð: 199.900,-**

Einstaklega bjartur skjár.
"Fast start" engin bið - bara byrja að vinna !
Lítil, nett en samt mjög kraftmikil.

## Samsung fartölva 15,6" með snertiskjá




NP880Z5E-X02SE

**8 series - fyrir þá vandlátu
i7 örgjörvi**

Skjár: 15,6" Superbright LED (1920x1080)
Örgjörvi: Intel® Core™ i7-3635QM
Skjákort: AMD Radeon™ HD8870M
Vinnsluminni: 8GB DDR3
Harður diskur: 1TB

**Verð: 299.900 -**

## Allt í skjánum – engar snúrur




DP700A7D-X01

**Þráðlaust lyklaborð og mús
Einstaklega falleg Samsung hönnun**

Skjár: 27" Full HD snertiskjár (1920x1080)
Örgjörvi: Intel® Core™ i7-3770T Processor
Skjákort: AMD Radeon™ HD7850M
Vinnsluminni: 8GB
Harður diskur: 1TB

Verð áður: 369.900,-

**Tilboðsverð: 329.900,-**

## Gæðayfirburðir Samsung fartölva




### Samsung tölvur eru áreiðanlegustu tölvur á markaðnum í dag og bila minnst.

Þetta kemur fram í áreiðanleikakönnun tölvuviðhalds-fyrirtækisins **RESCUECOM** sem birt var á dögunum.

**Samsung** fékk 648 stig í könnuninni en þar kom fram að aðeins 0,7% **Samsung** tölva í Bandaríkjunum þurfti að þjónusta vegna bilana.
Asus var í öðru sæti með 332 stig og Lenovo/IBM í því þriðja með 228 stig. Aðrir framleiðendur fengu lægri einkunn.

**HEIMILD:**
**Computer Reliability Report 2013 · WWW.RESCUECOM.COM**

## Fjárfestu í gæðum – það borgar sig alltaf.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
SKEIFUNNI 11 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | **ORMSSON** AKRANESI SÍMI 530 2870 | **ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | **ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000 | **ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | **ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | **ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | **ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

KVIKA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvernig telur formaður fjárlaganefndar að freista megi þess að fá fólk aftur til Íslands eftir nám erlendis?
**2.** Hvað heitir heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur sem fékk verðlaun í Lübeck?
**3.** Hvaða þjóð sendir nú geimfar áleiðis til Mars?

**SVÖR**
**1.** Með markaðsvöxtum á námslán þeirra sem skila sér ekki til Íslands. **2.** Hrafnhildur. **3.** Indverjar.

Hannesi Smárasyni birt ákæra í dag vegna millifærslu af reikningi FI Group

# Lögmaður gagnrýnir dómstól

**DÓMSTÓLAR** „Það er staðfest að ákæra verður birt í dag,“ segir Gísli Hall, lögmaður Hannesar Smárasonar. Ákæran snýst um millifærslu tæplega þriggja milljarða króna af reikningum FL Group til Kaupþings í Lúxemborg árið 2005.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. nóvember. Gísli segir að hvorki hann né umbjóðandi hans hafi séð ákæruna. Samkvæmt lögum hafi ákærður maður þrjá sólarhringa til að bregðast við ákæru áður en hún er gerð opinber.


**HANNES SMÁRASON**

Gísli segir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi tekið upp það vinnulag þegar hann gefur út fyrirkall, sem er undanfari birtingar, að færa nöfn inn í málaskrá dómsins. Hún sé aðgengileg á netinu.

> Þetta er að mínu mati gagnrýnivert“
> *Gísli Hall lögmaður*

„Þannig er jafnvel ekki útilokað að fjölmiðlar fái upplýsingar um ákæru á undan þeim sem ákærðir er. Þetta er að mínu mati gagnrýnivert,“ segir Gísli Hall. Reglunni um þriggja sólarhringa frestinn sé í raun kippt úr sambandi án þess að nokkrir hagsmunir séu í húfi sem réttlæti það. **- jme**

Borgarstjóri í vanda:

# Játar að hafa notað eiturlyf

**KANADA, AP Rob Ford, borgarstjóri í Toronto, hefur viðurkennt að hafa notað fíkniefni fyrir um það bil ári og segir það hafa verið gert í einhverju fyllerísrugli.**

**Ásakanir um þetta birtust fyrst í fjölmiðlum í maí síðastliðnum, og var fullyrt að þetta hefði náðst á myndband. Ford neitaði lengi vel að myndbandið væri til, en neyddist til að viðurkenna það eftir að lögreglan hafði komist yfir eintak af myndbandinu.** **- gb**




# Ólafur vísaði á bug sýndarviðskiptum

Skýrslutaka yfir Ólafi Ólafssyni fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun í Al-Thani-málinu. Hann sagði skelfilegt að sitja undir áburði um sýndarviðskipti.

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í Al-Thani-málinu hélt áfram í gær. Ólafur Ólafsson, einn hinna ákærðu, gaf fyrstur manna skýrslu fyrir dómi og stóð skýrslutakan yfir í tvær klukkustundir.

„Tengsl mín má rekja aftur til sameiningar Búnaðarbanka og Kaupþings,“ sagði Ólafur um aðkomu sína að málinu.

Því næst lýsti hann viðskiptasambandinu á milli Kaupþings banka og Sjeiks Mohammes Al-Thani. Hann kynntist Al-Thani á skotveiðum á landareign lögmanns Al-Thani. Eftir það stofnuðu þeir sjóðinn Choice Stay Limited sem ætlaði að fara í margvíslegar fjárfestingar, meðal annars í París og í Íran.

Að sögn Ólafs þótti Kaupþingi á þessum tíma áhugavert að eiga í viðskiptum við Al-Thani. „Hreiðar lýsti yfir miklum áhuga á samstarfi,“ sagði hann og á við Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings.

Ákveðið var að Al-Thani myndi kaupa 5,01 prósents hlut í Kaupþingi í lok september 2008. Kaupþing fjármagnaði kaupin að fullu en Al-Thani skrifaði undir 12,5 milljarða króna sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt Ólafi var það hugmynd Hreiðars Más að nota ábyrgð hans.

Saksóknari taldi að þarna hafi verið um sýndarviðskipti að ræða til að blekkja markaðinn og styrkja stöðu Kaupþings. Því hafnaði Ólafur. Hann sagðist ekki hrifinn af orðinu „sýndarviðskipti“. „Það er skelfilegt að sitja undir áburði um sýndarviðskipti,“ sagði hann.

Ólafur hafði milligöngu um kaupin á hlutunum í Kaupþingi í gegnum félag sitt Gerland, sem var í eigu Choice Stay Limited. Ólafur sagði að fjármögnunin hefði verið áætluð til skamms tíma og hann ekki átt að njóta neins hagnaðar af viðskiptunum. Hann hafi ekki séð neina áhættu fyrir Kaupþing samfara viðskiptunum og taldi þau góð fyrir bankann.

Saksóknari spurði Ólaf nokkrum sinnum að því hvers vegna hann hefði ákveðið að gerast milliliður um viðskiptin ef hann ætlaði ekki að hagnast á þeim og sagði hann það aðeins hafa verið vegna fyrri tengsla sinna við Al-Thani. freyr@frettabladid.is


**Í RÉTTARSALNUM** Ólafur Ólafsson við aðalmeðferð í Al-Thani-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Fremstir á myndinni eru Sigurður Einarsson og verjandi Ólafs, Þórólfur Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Dagur 2 í Al Thani-málinu

- Eitt vitnanna í gær var Eggert Hilmarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings í Lúxemborg. Hann var spurður hvort markmiðið hafi verið að segja opinberlega bara frá aðkomu Al-Thanis að málinu en ekki Ólafs. Sagðist hann ekki muna það en vissi að því hefði verið varpað fram. Einnig var birtur tölvupóstur þar sem hann sagðist hafa áhyggjur af því að bankinn væri að kaupa í sjálfum sér.
- Bjarnfreður Ólafsson, stjórnarmaður Kaupþings, bar einnig vitni í gær. Hann sagðist hafa skilið „strúktúrinn“ þannig sem settur var upp í tengslum við kaup Al-Thani í Kaupþingi að Ólafur ætti að njóta hagnaðar af þeim.
- Ólafur var með hálsríg við skýrslutökuna og varð því að hreyfa allan líkamann í átt að saksóknaranum eða verjendum í málinu er hann svaraði spurningum þeirra.
- „Þetta voru allt sjeikar. Þeim var ekki skemmt þegar þeir voru kallaðir súkkulaðisjeikar með óbragði.“ – Ólafur Ólafsson um sjeikana frá Katar sem hann átti í viðskiptum við.
- Auk Ólafs eru sakborningar í málinu þeir Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson og Magnús Guðmundsson. Þeir eru ákærðir fyrir markaðsmisnotkun, umboðssvik, hylmingu og peningaþvætti.




Talning Creditinfo á fólki í fréttum og þáttum fyrir konur í atvinnulífinu:

# Karlar 70 prósent viðmælenda

**FÉLAGSMÁL** „Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Þetta hefur þó heldur mjakast því árið 2005 voru átta karlar á móti tveimur konum viðmælendur í fréttum en í dag er hlutfallið sjö karlar á móti þremur konum,“ segir Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu.

Félagið ýtti fjölmiðlaverkefni sínu úr vör í gær og kynnti um leið könnun sem Creditinfo gerði fyrir félagið á hlutfalli viðmælenda eftir kyni í fréttum og spjallþáttum í ljósvakamiðlana. Taldir voru viðmælendur á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 30. ágúst 2013.


**HULDA BJARNADÓTTIR**

Heildarfjöldi viðmælenda var rúmlega 100 þúsund. Af þeim voru 70 þúsund karlar. Hlutfall kvenna í spjallþáttum var heldur hærra en í fréttum. Karlar voru um það bil tvöfalt fleiri en konur sem viðmælendur í spjallþáttum.

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri 365 frétta, var þátttakandi á fundi FKA í gær. Hann segir að fréttastofan vilji fara í samstarf við FKA og hugsanlega fleiri aðila um að afla gagna um kynjahlutföll viðmælenda í öllum fréttamiðlum 365. „Markmiðið með því samstarfi á síðan að vera að jafna þessi hlutföll, mun hraðar en hefur gerst á undanförnum átta árum,“ segir Ólafur. **- jme**






## Reitir hjálpa þínum vinnustað að þróast

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land. Fjölbreytt eignasafn Reita gefur þínum vinnustað tækifæri til að þróast, hvort sem þú vilt stækka við þig eða grípa ný tækifæri í rekstri með endurhönnun húsnæðis. Þannig geta þú og þínir átt góðan vinnustað.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




RANGE ROVER VOGUE dísil
Nýskr. 12/07, ekinn 110 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 270328.
Frábært verð
8.390 þús.



CHEVROLET CRUZE
Nýskr. 05/13, ekinn 9 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr.120272.



MERCEDES BENZ C200 cdi
Nýskr. 11/11, ekinn 22 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.890 þús.
Rnr.281027.



TOYOTA PRIUS HYBRID
Nýskr. 03/11, ekinn 22 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.950 þús.
Rnr.130782.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 50 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.740 þús.
Rnr.141776.



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 03/10, ekinn 71 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.740 þús.
Rnr.141753.



NISSAN PATROL SE
Nýskr. 02/08, ekinn 95 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr.151666.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Formaður skóla- og frístundaráðs boðar umbætur í tæknimálum skóla:

# 170 milljónir í tölvubúnað

**SKÓLAR** Fjárfesting til endurnýjunar tölvubúnaðar í skólum og frístundamiðstöðvum í Reykjavík verður aukin mikið ef fjárhagsáætlun fyrir næsta ár nær fram að ganga. Þar er gert ráð fyrir því að verja 170 milljónum til kaupa á tækjabúnaði í stað 85 milljóna í ár auk þess sem kapp verður lagt á að bæta gagnatengingu í skólum.

Fréttablaðið fjallaði síðasta haust um áhyggjur skólastjórnenda af tölvukostinum sem hafði ekki verið endurnýjaður í fjögur ár og væri hamlandi í starfi skólanna.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

„Staðan var orðin slæm eftir að búnaðurinn hafði ekki verið endurnýjaður í fjögur ár,“ segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, í samtali við Fréttablaðið og bætir við að þetta séu aðallega jákvæðar fréttir fyrir skólaþróun í stóra samhenginu.

„En nú stefnum við að því að í lok árs 2016 verði tækjamálin komin í gott horf og þá erum við að miða við að einungis þurfi eðlilega endurnýjun í framhaldinu.“

Oddný bætir því við að borgin hafi einnig tekið upp nýtt vinnulag við innkaup og endurnýjun tækja þar sem kaup eru sniðin að hverri stofnun út frá áherslum í skólastarfi hennar og fjármagni í stað þess að allar stofnanir séu settar undir sama hatt.

- þj

# Ekkert skip hentugt fyrir Landeyjahöfn

**Baldur gæti hentað sem arftaki Herjólfs en hefur ekki haffærnisleyfi á svæðinu. Leitað hefur verið að heppilegu skipi innanlands til siglinga í Landeyjahöfn án árangurs. Bæjarráð Vestmannaeyja vill að ráðist verði strax í útboð á nýrri ferju.**

**SAMGÖNGUR** Baldur mun ekki sigla á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar en sýnt hefur verið fram á að Baldur gæti siglt um 70 fleiri daga en Herjólfur yfir vetrartímann.

Undanfarin ár hefur bæjarráð Vestmannaeyja reynt að finna skip sem hentar betur til siglinga á milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. Baldur getur siglt í 3,3 metra ölduhæð en Herjólfur aðeins í 2,5 metra ölduhæð. Baldur hefur þó ekki haffærnisleyfi til að sigla á þessu tiltekna hafsvæði.

Þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun árið 2010 var vitað að Herjólfur hentaði ekki fyrir höfnina og hefur alla tíð staðið til að fá annað skip. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að sá fjöldi daga, sem Herjólfur getur ekki siglt yfir vetrartímann eða þurfi að fara um Þorlákshöfn, sé óviðunandi.

„Frátafir vegna ölduhæðar verða 30 til 40 prósent á tímabilinu nóvember til mars þegar siglt er á Herjólfi. Væri siglt á skipi sem réði við 3,5 metra ölduhæð færu heildarfrátafir niður í 15 til 20 prósent og tiltölulega fáir heilir dagar myndu falla út.“

Elliði segir þjóðhagslega hagkvæmt að finna hentugra skip. Það komu að meðaltali 120 þúsund manns á ári með Herjólfi frá Þorlákshöfn en frá Landeyjahöfn komu 300 þúsund manns til Eyja í fyrra. Einnig kostar hver dagur sem sigla þarf til Þorlákshafnar í stað Landeyjarhafnar milljón krónum meira.



**LANDEYJAHÖFN** var opnuð við hátíðlega athöfn árið 2010 en það hefur alltaf legið fyrir að Herjólfur henti ekki fyrir höfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

„Vestmannaeyjaferja hefur aldrei orðið eins gömul og Herjólfur er orðinn nú. Skipið er líka hannað til að sigla í Þorlákshöfn, það er of djúprist fyrir Landeyjahöfn og ræður þar að auki ekki við næga ölduhæð,“ segir Elliði.

Að sögn Elliða er styttri siglingarleið hagkvæm fyrir atvinnulífið og ferðamennsku og bætir lífsskilyrði í Eyjum.

Í fundargerð bæjarráðs Vestmannaeyja er harmað að Baldur fái ekki undanþágu til siglinga. Þar sem fullreynt sé að finna heppilegt skip til siglinga í Landeyjahöfn og fyrir liggi að allar stórvægilegar breytingar á höfninni séu fjarri, hvetji bæjarráð innanríkisráðherra til að ráðast strax í útboð á nýrri ferju til siglinga í Landeyjahöfn. Sú ferja þurfi að bera fleiri bíla en Herjólfur, ráða við að lágmarki 3,5 metra ölduhæð og vera búin til siglinga í Þorlákshöfn.



**„Vestmannaeyjaferja hefur aldrei orðið eins gömul og Herjólfur er orðinn nú.“**

*Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.*

erlabjorg@frettabladid.is

Einn af hverjum 50 landsmönnum býr við skort á efnislegum gæðum:

# Jöfnuður óvíða meiri í Evrópu

**FÉLAGSMÁL** Munurinn á þeim tekjuhæstu og tekjulægstu hér á landi er með því minnsta sem gerist í Evrópu samkvæmt rannsókn Hagstofu Íslands.

Sá fimmtungur þjóðarinnar, sem hæstar tekjur hafði á síðasta ári, aflaði að jafnaði 3,4 sinnum hærri upphæðar en sá fimmtungur sem hafði minnstar tekjur. Jöfnuðurinn reyndist aðeins meiri í Noregi og Slóveníu samkvæmt samanburði Hagstofunnar á tölum frá öðrum ríkjum Evrópu.

Ójöfnuðurinn reyndist mestur á Spáni, þar sem sá fimmtungur þjóðarinnar, sem mestar tekjur hafði, aflaði meira en sjö sinnum hærri upphæðar en lægst launaði fimmtungurinn.

Hlutfall landsmanna sem eru undir lágtekjumörkum er lægst hér á landi af öllum ríkjum Evrópu. Um 7,9 prósent landsmanna voru í þessari stöðu. Aðeins hér á landi og í Tékklandi var hlutfallið undir 10 prósentum.



**TEKJUR** 17,1 prósent af íbúum landa Evrópusambandsins eru fyrir neðan lágtekjumörk, samanborið við 7,9 prósent Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þeir sem eru undir lágtekjumörkum eru með innan við 60 prósent af launum dæmigerðs launamanns. Fyrir einstakling á það við um þá sem voru með innan við 156 þúsund krónur í laun og bætur á mánuði á síðasta ári. Fyrir sambýlisfólk með tvö börn er miðað við þá sem voru með innan við 328 þúsund krónur.

- bj



HRÆRIVÉLAR
**15%**
AFSLÁTTUR
KitchenAid
Electrolux
KENWOOD
BOSCH
DOMO



BRAUÐRISTAR & KATLAR
**20%**
AFSLÁTTUR

KAFFIVÉLAR
**20%**
AFSLÁTTUR





TÖFRASPROTAR
**25%**
AFSLÁTTUR



VÖFFLUJÁRN
**25%**
AFSLÁTTUR



ELDHÚSVOGIR
**50%**
AFSLÁTTUR

# KAUPTU NÚNA OG SPARAÐU NÆSTU 4 DAGA*
# 15-50%
# AF JÓLAGJÖFUM



TRISTAR

**GR-2841 Mínútugrill með riffluðum grillfleti**
Tilvalið til að steikja hamborgara, steikur, samlokur, pylsur & pannini. Lagar sig að þykkt og formi. Fullt verð kr. **9.490**

**6.990**
26% AFSLÁTTUR



**7.990**
34% AFSLÁTTUR

TRISTAR

**VB-3908 Gufusuðupottur**
Gufusýður grænmeti, fisk, hrísgrjón, egg og kartöflur. Vítamín tapast síður og matreiðslan er eins holl og hugsast getur.
Verð áður kr. **11.990**



MALAR ÍS
1,5 LÍTRA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**8.888**
40% AFSLÁTTUR

Electrolux

**ESB-2300 Blandari Perfect Mix**
Glæsilegur kraftmikill blandari með 1,5 lítra glerkönnu og 450W mótor. Stiglaus hraðastilling og auðveldur í þrifum. Malar klaka og frosin ber.
Fullt verð kr **14.990**

Electrolux

**ZB-2805 Unirapido ryksugan**
Upplifðu þessa einstöku léttryksugu með skafti sem gerir dagleg þrif að leik einum. Mótordrifinn bursti og kraftmikill sogkraftur með 18 volta rafhlöðu. Ótrúlega létt og lipur í allri notkun. Fullt verð kr. **18.990**



**14.990**
SPARAÐU 4.000

BRAUN Oral-B

**DB-4010 Rafhlöðudrifinn tannbursti**
Fáðu betri tannheilsu og skínandi bros með þessum sniðuga rafhlöðudrifna tannbursta frá Oral B. Fullt verð kr. **3.990**



**1.995**
50% AFSLÁTTUR



**3.990**
34% AFSLÁTTUR

BRAUN Oral-B

**D-12513 Hlaðanlegur rafmagnstannbursti**
Gæða tannbursti frá Oral B, merkinu sem flestir tannlæknar í heiminum mæla með. Hausinn snýst **7600 snúninga** á mínútu. Vísindalega sannað að mun betri árangur næst til að hreinsa burtu tannstein og óhreinindi á yfirboði tannana með rafmagnstannbursta. Þú verður að prófa.
Fullt verð kr. **5.990**

DOMO

**DO-9090W Ferðavog**
Vigtaðu farangurinn áður en farið er í flug og forðastu að borga fyrir yfirvigt.
Verð áður kr. 3.990



**2.990**
25% AFSLÁTTUR



DOMO

**DO-7032 Snyrtiklippur**
Sérhannaðar klippur fyrir minni svæði eins og **nefhár og augnbrýr**. Úr burstuðu stáli. Verð áður kr. 2.990

TRISTAR

**DO-7033 Hár- & skeggsnyrtir**
Vandaður hár- og skeggsnyrtir með stillanlegri sídd og fínstillingu fyrir skegg og barta. Hleðslustandur og 45 mín hleðsla. Verð áður kr **5.990**



**1.495**
50% AFSLÁTTUR

**4.444**
SPARAÐU 1.546

Rafha ehf

**Opið alla helgina**
virka daga 10-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

*Tilboðin gilda 6.-10. nóvember 2013

Óvænt áhrif innflytjenda:

## Launin hækka en lækka ekki

**DANMÖRK** Laun Dana hækkuðu þegar innflytjendur fóru að fá lægst launuðu störfin. Þetta sýnir rannsókn Mette Foged, doktorsnema við Háskólann í Kaupmannahöfn. Hún segir að Danir sem áður voru í lægst launuðu störfunum hafi fengið meira krefjandi störf.

Margir höfðu óttast að straumur innflytjenda til Danmerkur á tíunda áratug síðustu aldar myndi verða til þess að laun lækkuðu og að atvinnuleysi ykist. - ibs

Hótanir gegn pólítíkusum:

## Sprengihleðslur settar á bílana

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglan í Svíþjóð hefur staðfest að sprengihleðslur hafi í þessari viku fundist á bílum tveggja stjórnmálamanna sem tilheyra Svíþjóðardemókrötum. Skemmdir urðu á bílunum þegar sprengihleðslurnar sprungu. Skilaboð til stjórnmálamannanna höfðu einnig verið krotuð á bústaði þeirra.

Lögreglan kveðst ekki vita til þess að viðkomandi stjórnmálamönnum hafi áður borist hótanir, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. - ibs




# Mænusótt lætur á sér kræla

Tíu staðfest tilfelli af mænusótt meðal sýrlenskra barna vekja ugg. Sjúkdómsins hafði ekki orðið vart í landinu í fjórtán ár. Talsmaður UNICEF segir að bólusetningar barna á hrjáðum svæðum séu lykilatriðið í baráttunni.

**FRÉTTASKÝRING**
Hver er staðan í baráttunni gegn útbreiðslu mænusóttar?

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) staðfesti nýlega að tíu börn í héraðinu Deir al-Zour í Sýrlandi hefðu smitast af mænusótt. Þetta er í fyrsta sinn í fjórtán ár sem mænuveiki verður vart í landinu og er talsvert bakslag fyrir baráttuna við að útrýma þessum skæða sjúkdómi og varpa ljósi á mikilvægi bólusetninga.

„Þetta eykur enn á neyðina og er stórslys. Þetta er enn eitt dæmið um að börnin eru yfirleitt þau sem líða mest þar sem átök eiga sér stað,“ segir Juliette Touma í samtali við Fréttablaðið. Hún er talsmaður UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, í Sýrlandi.

Síðustu tvö ár hafa bólusetningar í Sýrlandi nær lagst af vegna borgarastyrjaldarinnar sem þar geisar og er talið að um hálf milljón barna sé ekki bólusett, flest á þeim svæðum þar sem átök hafa verið hvað mest. Áður en átökin brutust út er talið að um 95% sýrlenskra barna hafi verið bólusett.

Talið er að veiruafbrigðið sé upprunnið í Pakistan og hafi komið til Sýrlands með pakistönskum vígamönnum sem taka þátt í borgarastyrjöldinni.

Sýrlensk stjórnvöld tilkynntu á mánudag að þau myndu sjá til þess, í samvinnu við hjálparstofnanir, að öll börn í landinu yrðu bólusett.

„Við höfum náð að bólusetja 41.000 börn upp á síðkastið í Deir al-Zour,“ segir Juliette og bætir því við að nú sé hafin bólusetningarherferð um allt landið sem miðar að því að bólusetja 1,6 milljónir barna gegn mænusótt, og 2,4 milljónir barna fyrir hettusótt, mislingum og rauðum hundum.

„Þetta er góð byrjun, en aðgangur að stríðssvæðunum er lykilatriðið og það verður gríðarmikið verkefni að ná til allra þessara barna.“

Juliette segir að þótt bólusetningar séu mest aðkallandi verkefnið núna, sé í mörg horn að líta til að standa vörð um velferð þeirra fjögurra milljóna sýrlenskra barna sem eiga um sárt að binda vegna átakanna.

„Fyrir utan bólusetningar vinnum við, ásamt samstarfsaðilum okkar, að því að koma til þeirra hreinu vatni og tryggja heilsu þeirra og öryggi ásamt menntun,“ segir hún.

Baráttan gegn mænusótt á heimsvísu hefur gengið afar vel síðustu ár og er sjúkdómurinn nú aðeins landlægur í þremur löndum, Nígeríu, Pakistan og Afganistan, samanborið við 125 lönd fyrir aldarfjórðungi. Það er meðal annars að þakka átaki á vegum WHO og UNICEF með fulltingi Rótarýhreyfingarinnar og fleiri aðila.

Varðandi baráttuna gegn mænuveiki á heimsvísu segir Juliette að þau tilfelli sem staðfest hafi verið í Sýrlandi séu talsvert áfall. „Það þýðir ekki bara aukna hættu á að sjúkdómurinn skjóti rótum í Sýrlandi, heldur getur hann nú dreifst með flóttafólki út til nágrannaríkjanna og enn víðar.“

thorgils@frettabladid.is

### ➜ Hvað er mænusótt?

Mænusótt, sem einnig nefnist mænuveiki eða lömunarveiki, er bráðsmitandi veirusjúkdómur sem ræðst á taugakerfi manna og getur valdið varanlegri lömun á skömmum tíma. Engin lækning er við sjúkdómnum sjálfum en hægt er að hefta útbreiðslu hans með bólusetningu. Mænusótt var landlæg um öll Vesturlönd allt fram á miðja 20. öld þegar bóluefni komu fyrst fram á sjónarsviðið.

Sjúkdómurinn berst manna á milli með snertingu. Veiran berst inn um munn, fjölgar sér í þörmum fólks og skilar sér aftur út með hægðum. Því er hreinlæti afar mikilvægt í baráttunni gegn útbreiðslu. Flestir sem bera veiruna eru einkennalausir og geta því dreift veirunni áfram án þess að vita af því. Sýking getur haft varanleg áhrif, til dæmis lömun, vöðvarýrnun, ofþreytu og veldur verkjum í vöðvum og liðum.



**BÓLUSETNINGAR ERU LYKILLINN** Þessi unga stúlka í Damaskus í Sýrlandi fékk í síðustu viku bóluefni gegn mænusótt. MYND/UNICEF

### Mænusóttartilfelli vekja ugg

Mænusótt, sem orðið hefur vart í ungum börnum í norðausturhluta Sýrlands, ógnar milljónum barna í Mið-Austurlöndum, að sögn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).




Heimild: The Global Polio Eradication Initiative.
(c)Graphic News






**STJÓRNARHERNUM FAGNAÐ** Almenningur á átakasvæðunum hefur fagnað því að sigur vannst á uppreisnarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppreisnarmenn í Kongó yfirbugaðir:

## Leggja niður vopn

**KONGÓ** Bertrand Bisimwa, leiðtogi uppreisnarhópsins M23 í austanverðu Austur-Kongó, segir að samtökin muni nú leggja niður vopn, en reyna þess í stað að ná fram markmiðum sínum eftir pólitískum leiðum.

Stjórnarherinn í Kongó hafði áður lýst því yfir að fullnaðarsigur væri unninn á uppreisnarmönnum. Þeir hafi verið hraktir af öllum þeim svæðum, sem þeir höfðu náð á vald sitt.

Fyrir hálfu öðru ári hóf hópurinn vopnaða baráttu gegn stjórnarhernum, að eigin sögn vegna þess að stjórnin hafi ekki staðið við friðarsamkomulag.

Hópurinn hafði notið stuðnings frá Rúandastjórn, en úr þeim stuðningi hefur dregið verulega. Nýverið fékk stjórnarherinn í Kongó þrjú þúsund manna fjölþjóðalið frá Sameinuðu þjóðunum til liðs við sig, og virðist það hafa ráðið úrslitum í átökunum.

Fjölmargir aðrir uppreisnarhópar eiga þó enn í vopnuðu stríði á þessum slóðum. - gb




**Random hilla**
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 216x82x26sm
**249.000,-**

Var áður 325.400,-
Þú sparar 76.400,-

---



**Randomito hilla**
Hönnun: Neuland Industriedesign

Stærð: 96x82x20sm
**89.900,-** Hvít

Þú sparar 10.000,-
Aðrir litir 95.900,-

---



**Tense borð 90x240sm**
Hönnun: Neuland Industriedesign

**399.900,-**
Verð áður 498,500,-
Þú sparar 98,600,-

---



**Achille stóll**
Hönnun: Jean Marie
Massaud, 2011

**118.900,-**
Þú sparar 15.600,-

---

Penninn
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafjörður

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# SKOÐUN

Hvernig er bezt að vinna gegn atgervisflótta?

## Veriði bara í útlöndum



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, hefur varpað fram þeirri hugmynd að leggja vaxtaálag á námslán þeirra sem ílendast í útlöndum eftir nám erlendis, í stað þess að helga íslenzku samfélagi krafta sína. Hugmyndina setti þingmaðurinn fram í samhengi við umræður um læknaskort á Íslandi.

Hér virðist Vigdís hafa talað áður en hún náði að hugsa. Ef hugmyndinni yrði hrint í framkvæmd hefði hún áreiðanlega neikvæð áhrif á íslenzkt samfélag. Hún myndi ekki hvetja fólk til að fara til útlanda í nám. Margir sem læra erlendis sækja sér ekki eingöngu menntun heldur líka starfsreynslu, sem á að ýta undir vegna þess að hún nýtist þegar fólk snýr aftur heim. Og hvað ætti að gera við þá sem hafa menntað sig á Íslandi og flytja svo til útlanda?

Atgervisflótti er klárlega vandamál á Íslandi nútímans. Fjárlaganefndarformaðurinn nálgast það hins vegar úr kolvitlausri átt. Það er miklu nær að skoða hvernig hægt er að skapa það umhverfi á Íslandi að það hvetji fólk sem hefur aflað sér dýrmætrar þekkingar og reynslu erlendis til að snúa heim og nýta þau verðmæti hér.

Margir af þeim sem afla sér verðmætustu þekkingarinnar gera það ekki á kostnað íslenzkra skattgreiðenda, heldur erlendra. Læknar í sérnámi kosta til dæmis margir hverjir Lánasjóðinn ekki neitt heldur strita á lágum launum hjá skattgreiðendum í nágrannalöndunum. Við megum þakka fyrir á meðan lýðskrumspólitíkusum í Skandinavíu dettur ekki í hug að rukka Íslendinga um námslaun læknanna sem snúa aftur heim.

Það er reyndar vandamál sem verður æ ólíklegra, vegna þess að kjör og aðstaða á íslenzkum sjúkrahúsum eru með þeim hætti að læknarnir eru hættir að koma heim. Það er nærtækara að reyna að gera eitthvað í því og haga málum þannig að fólkið sem hefur lagt á sig langt og erfitt sérnám hafi jákvæðan hvata til að snúa aftur.

Sama má segja um fólkið sem hefur helgað sig rannsóknum í framhaldsnámi sínu (oft á styrkjum frá erlendum stofnunum, fremur en á íslenzkum námslánum) og hefur hug á að snúa aftur til Íslands og nýta þekkinguna í þágu íslenzks atvinnulífs eða velferðarþjónustu. Staðan hér á landi er sú að vísindarannsóknir eru fjársveltar, nánast sama hvaða alþjóðlegur samanburður er notaður. Þar að auki er hlutfall samkeppnissjóða, þar sem vísindamenn keppa um styrki á grundvelli gæða rannsóknanna, miklu lægra en víðast hvar í nágrannalöndunum. Alltof stórum hluta opinbers rannsóknarfjár er úthlutað pólitískt, út frá hagsmunum hefðbundinna atvinnugreina, byggðarlaga og stofnana.

Hans Guttormur Þormar, vísinda- og uppfinningamaður, skrifaði grein á Vísi í gær, þar sem hann bendir á að ungir vísindamenn sem standi framarlega á alþjóðavettvangi viti að tvö til þrjú ár án nauðsynlegrar fjármögnunar rannsókna þeirra muni eyðileggja framtíð þeirra sem framsækinna vísindamanna, því að samkeppnin sé óendanlega hörð í heimi vísindanna. „Þessir einstaklingar hafa margir hverjir því aðeins um tvennt að velja, fara úr landi eða hætta í vísindum og standa ekki framar að uppbyggingu vísinda- og tækniþróunar á Íslandi,“ skrifar Hans.

Með því að reka óbreytta stefnu hér á landi er í rauninni verið að segja við þetta fólk: Menntið ykkur í útlöndum – og veriði svo bara þar. Íslenzkt samfélag þarf ekki á ykkur að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

SAMTÖK FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA SFÚ





**Opinn aðalfundur SFÚ Hótel Borg miðvikudaginn 6. nóvember 2013 kl. 16:00 - 18:00**

**Samkeppni í sjávarútvegi**

**Dagskrá:**

**Kl. 16:00** Setningarræða Jóns Steins Elíassonar, formanns SFÚ
**Kl. 16:15** Ávarp Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
**Kl. 16:30** Samkeppni og fiskmarkaðir - Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA
**Kl. 17:00** Frá sjónarhóli neytenda - Gunnar Örn Örlygsson, AG-Seafood
**Kl. 17:15** Sjónarmið launþega - Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

**Að lokinni dagskrá verður boðið upp á léttar veitingar.**
**Allir velkomnir**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Valkostirnir

Enn og aftur er komin upp umræðan um hvort verja eigi opinberum fjármunum í menningu og listir. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, veltir fyrir sér útgjaldahliðinni og spyr hvort við höfum efni á því að reka sinfóníuhljómsveit eða þjóðleikhús í núverandi mynd. Hann víkur einnig að utanríkisþjónustunni þar sem honum virðist þykja nóg um fjáraustúrinn. Er þetta ekki bara rétt hjá Elliða? Hvað erum við að spandera í listir og menningu, jafnvel þó komið hafi í ljós að stuðningur við skapandi greinar skili sér með ágætis rentu aftur í samfélagið? Og utanríkisþjónustan? Hvað erum við að hugsa með að vinna íslenskum útflutningi nýja og öfluga markaði í komandi framtíð? Nei, núið skal blíva.



### Jólaþrif úr bakherbergjum

Um fátt annað er rætt meira í pólitíkinni en bækur þeirra Össurar Skarphéðinssonar og Steingríms J. Sigfússonar, en þær þykja gefa ágæta innsýn í það sem fram fór innan stjórnarinnar, allavega þeirra upplifun af því. Nú fer hins vegar hver að verða síðastur að láta flakka allt það sem fór fram í reykfylltum bakherbergjum í aðdraganda og eftirleik hrunsins, áður en hinir verða fljótari til. Þú selur ekki bækur með gömlum sköndulum.



### Gott að búa í Kópavogi

Það ku vera gott að búa í Kópavogi. Störf við stjórn Kópavogsbæjar eru hins vegar ekki eins eftirsótt, að minnsta kosti miðað við tíðindi gærdagsins þar sem efstu tvö á lista Samfylkingar tilkynntu að þau myndu ekki leita endurkjörs og framsóknarmaðurinn litríki, Ómar Stefánsson, sagði sig frá störfum, næstu árin hið minnsta, en útilokaði ekki framhald síðar og lofaði því að þekkja ekki sinn vitjunartíma.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Einu sinni var …

SAMFÉLAG



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

Einu sinni var lítil þjóð sem þótti vænt um landið sitt og langaði að vernda og varðveita sérstaka og fallega náttúru þess fyrir komandi kynslóðir og fólk alls staðar að úr heiminum. Íbúar þessa litla lands þóttu mjög duglegir og vinnusamir og vildu gera vel.

Svona gæti fallegt ævintýri byrjað, en raunin er önnur:

Alveg frá því að menn byggðu þetta land var gengið á forðann, á auðlindirnar sem voru til staðar. Menn eyddu skóg- og kjarrlendi í stórum stíl þangað til næstum ekkert var eftir og auðn blasti við. Menn ofveiddu fiskistofna þangað til allt var búið og einungis draugabæir voru eftir sem sögðu frá gullgrafaraæði þeirra sem vildu gerast ríkir á einni nóttu. Menn vildu finna olíu, búa til stórskipahöfn og virkja hverja einustu sprænu á landinu. Menn vildu líka sigra heiminn í fjármálageiranum og töldu þjóðinni trú um að á þessu litla landi byggju snillingar sem væru miklu gáfaðri en annars staðar. Þessi spilaborg hrundi eins og margt annað. Leitt var bara að þeir sem áttu það síst skilið þurftu að borga brúsann. Heilbrigðiskerfið hrundi, menntamálin sátu á hakanum og starfsgreinar sem héldu þjóðfélaginu uppi þurftu að berjast fyrir tilveru sinni.

**➜ Ævintýri þessa litla lands er ekki búið. Þar er nóg til af veraldlegum gæðum þannig að allir gætu lifað góðu lífi. En einfeldni og trúgirni þarf að víkja fyrir gagnrýninni hugsun og skynsemi.**

**En viti menn:** Þessi litla þjóð var svo trúgjörn að hún kaus aftur menn yfir sig sem lofuðu öllu fögru og gátu svo ekki staðið við loforðin sín. Þetta voru sömu menn sem predikuðu um óheft frelsi, hagvöxt, lægri skatta og meiri eyðslu til þess að koma „hjólum atvinnulífsins“ af stað. Málin sem snertu vernd einstakrar náttúru í þessu fallega landi voru sett aftast á dagskrá. Nýir og breiðir vegir sem ekki var talin þörf á voru settir í forgangsröð í staðinn fyrir að hlúa að velferðarmálunum. Og hugrakkir menn sem létu ekki allt yfir sig ganga og mótmæltu voru handteknir og settir í steininn.

**Gott fólk:** Ævintýri þessa litla lands er ekki búið. Þar er nóg til af veraldlegum gæðum þannig að allir gætu lifað góðu lífi. En einfeldni og trúgirni þarf að víkja fyrir gagnrýninni hugsun og skynsemi. Gefum þeim sem lugu sig inn í valdastöður frí og látum ævintýrin gerast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Nýtt kennaranám, tækifæri og áskoranir

MENNTUN



**Jóhanna Einarsdóttir**
forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Árið 2008 sameinuðust Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands (HÍ) og þar með varð til Menntavísindasvið (MVS) sem eitt af fimm fræðasviðum HÍ. Á MVS eru þrjár deildir: Kennaradeild, sem menntar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, Uppeldis- og menntunarfræðideild og Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.

Við MVS starfa helstu sérfræðingar þjóðarinnar í menntamálum og gegna þeir mikilvægu hlutverki við mótun íslensks samfélags. Akademískir starfsmenn á Menntavísindasviði stunda rannsóknir sem geta haft mikla þýðingu fyrir starfshætti í skólum og stefnumótun í menntamálum. Þeir leggja sig fram um að birta rannsóknarniðurstöður sínar, ekki einungis í ritrýndum erlendum tímaritum, heldur ekki síður á innlendum vettvangi svo niðurstöðurnar geti betur nýst íslenskum kennurum og samfélaginu í heild.

Kennarar við MVS eru höfundar námsefnis sem kennt er í skólum landsins, þeir taka þátt í þróun aðalnámskrár og eru kallaðir til ráðgjafar í skólum, á vettvangi sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis.

### Betri kennarar

Með lögum frá Alþingi árið 2008 var nám kennara á öllum skólastigum lengt í fimm ára meistaranám. Sú lagasetning endurspeglar skilning yfirvalda á mikilvægi menntunar kennara fyrir gæði skólastarfs og með þeim lögum skipuðu Íslendingar sér í forystusveit í menntamálum á Norðurlöndum, ásamt Finnum. Samhliða lengingu kennaranámsins og sameiningu KHÍ við Háskóla Íslands hefur námið verið endurskoðað.

Auk áherslu á kennslufræði og tengsla við skólakerfið eru rannsóknir og fræðileg vinnubrögð ríkur þáttur í náminu, einkum á meistarastigi. Einnig stunda nú um áttatíu kandídatar doktorsnám við sviðið. Samstarf milli sviða og deilda HÍ hefur aukist og sömuleiðis samstarf við erlenda háskóla og eiga nemendur þess kost að sækja hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla.

### Færri umsækjendur

Samfara lengingu kennaranámsins fækkaði töluvert umsóknum um nám við Kennaradeild. Á árunum 2003-2007 hófu að meðaltali 235 nemendur grunnskólakennaranám árlega og 102 leikskólakennaranám.

Ef tímabilið frá 2008-2012 er skoðað til samanburðar, kemur í ljós að veruleg fækkun hefur orðið en á því tímabili innrituðust að meðaltali 174 nemendur árlega í grunnskólakennaranám og að meðaltali 51 í leikskólakennaranám. Þetta eru uggvænlegar tölur sem sýna að fækkun nýnema í grunnskólakennaranámi nemur 35% og 50% meðal nýnema í leikskólakennaranámi. Á sama tíma hefur börnum á leik- og grunnskólaaldri fjölgað hratt. Á næstu árum munum við jafnframt kveðja stóra árganga af starfandi kennurum sem fara munu á eftirlaun.

**➜ Afar áríðandi er að kennaramenntastofnanir, sveitarfélög, fræðsluyfirvöld og samtök kennara taki höndum saman um átak til að vekja athygli ungs fólks á þeim fjölbreyttu og mikilvægu störfum sem kennarar vinna.**

### Snúum vörn í sókn

Öllum sem til þekkja má vera ljós brýn nauðsyn þess að tryggja nægilegt framboð af vel menntuðum kennurum á næstu árum. Hér þarf að snúa vörn í sókn. Allir foreldrar vilja vel menntaða kennara fyrir börnin sín og stjórnvöld vilja góða skóla. Til að svo megi verða þarf að tryggja nægilega nýliðun í þeim stéttum sem mennta börn og ungmenni þessa lands. Til þess þarf að breyta viðhorfum til kennarastarfsins.

Afar áríðandi er að kennaramenntastofnanir, sveitarfélög, fræðsluyfirvöld og samtök kennara taki höndum saman um átak til að vekja athygli ungs fólks á þeim fjölbreyttu og mikilvægu störfum sem kennarar vinna. Hér eru ótal sóknarfæri í þágu barna í þessu landi.

# Geðheilsustöð Breiðholts; nýleg nærþjónusta

HEILBRIGÐISMÁL



**Lúðvíg Lárusson**
sálfræðingur Geðheilsustöðvar Breiðholts og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts

Í tengslum við alþjóða geðheilbrigðisdaginn sem var í október er tilvalið að kynna úrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir fullorðna sem greindir eru með geðraskanir. Geðheilsustöð Breiðholts var stofnuð 2012 og er samvinnuverkefni Heimaþjónustu Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að auðvelda og auka samvinnu þessara tveggja stofnana ásamt því að veita heildræna þjónustu í nærumhverfinu. Geðheilsustöðin er einnig í samstarfi við geðsvið Landspítalans, aðrar stofnanir og samtök sem koma að þjónustu og stuðningi við einstaklinga með geðraskanir.

Við Geðheilsustöð Breiðholts er starfandi geðteymi sem sinnir þeim einstaklingum sem þurfa langtímaþjónustu og eftirfylgni hvort sem það er með viðtölum, heimavitjunum, eftirliti með lyfjagjöf eða fræðslu. Geðteymið sinnir einnig þjónustu til íbúa í Árbæ, Grafarvogi og Grafarholti. Geðheilsustöðin veitir almenningi ráðgjöf og fræðslu, með því að hafa opinn ráðgjafasíma fjórum sinnum í viku. Í ráðgjafasímann getur hver sem er hringt undir nafnleynd og óskað eftir leiðbeiningu um lausn mála eða fengið upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í þjóðfélaginu. Geðheilsustöðin heldur fræðslu fyrir almenning þrisvar á ári í samvinnu við notendasamtökin Hugarafl. Fræðsla verður í sal félagsstarfsemi Árskóga þar sem fjallað verður um hvernig hægt sé að bæta geðheilsu sína og annarra. Þverfaglegur hópur fagfólks vinnur innan Geðheilsustöðvarinnar og vinnur starfsfólkið eftir batahugmyndafræði (recovery). Með batahugmyndafræðinni er unnið með valdeflingu þar sem m.a er að unnið með notendum í að taka aukna ábyrgð á eigin bata, heilsu og velferð. Notendum er hjálpað til að byggja upp betri sjálfsmynd og aukna vitund um eigið vald og val í lífinu. Í batastýrðri þjónustu er gjarnan nýtt persónuleg reynslu þeirra sem hafa náð bata af geðröskunum. Á Geðheilsustöðinni er unnið að innleiðingu á batahugmyndafræðinni í samvinnu við geðsvið Landspítalans og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**➜ Notendum er hjálpað til að byggja upp betri sjálfsmynd.**

Starfsemi Geðheilsustöðvarinnar er tilraunaverkefni til þriggja ára og verður gerð gæðaúttekt á starfseminni við lok verkefnisins. Þá verður horft til mikilvægis þess að stofna sambærilega geðheilsustöð í öðrum borgarhlutum.





†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, bróðir, afi og langafi,

**ÞORBERGUR ÁGÚST ÞORBERGSSON**
**Lyngbergi 13, Þorlákshöfn,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 23. október. Útförin fór fram í kyrrþey föstudaginn 1. nóvember. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Lára Concordia Þorbergsson**
**Ingibjörg Þorbergsdóttir**
**Aldrianne Roman**
**Alexander Andrésson**
**Þórey M. Þorbergsdóttir**
**Daniel Alvin Haraldsson**
**Deandre Anderson**
**Freyja Alexandersdóttir**
**Ronel Gray**
**Darnell Holland**
**Anthony Kyle**
**Alexander James**

---



†

Elsku besta mamma mín,
tengdamamma og amma okkar,

**ANNA S. ÁRNADÓTTIR**
**Hofakri 5, Garðabæ,**

lést á Landspítala í Landakoti miðvikudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 8. nóvember kl. 13.00.

**Sigríður Anna Ásgeirsdóttir** **Atli B. Guðmundsson**
**Hugi Snær Hlynsson**
**Harpa Lind Atladóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON SVEINN DANÍELSSON**
**Hvassaleiti 56, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 30. október. Útför hans verður gerð frá Dómkirkjunni mánudaginn 11. nóvember kl. 15.00.

**Valgerður Proppé**
**Elísabet Hákonardóttir** **Halldór Valdimarsson**
**Marteinn Hákonarson**
**Helgi Daníelsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓHANNES G. BJARNASON**
**Sólvallagötu 17, Reykjavík,**

er látinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. nóvember kl. 15.00.

**Jóhanna A. Jóhannesdóttir** **Vigfús Jóhannesson**
**Stefán Jóhannesson**
**Bjarni Jóhannesson**
**Rúnar Jóhannesson** **Sif Sigurðardóttir**
**og barnabörnin.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**ÓLÖF VALGERÐUR JÓNASDÓTTIR**
**frá Vogum, Mývatnssveit,**
**Eyrarvegi 25, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 2. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. nóvember nk. kl. 13.30.

**Jónas Valgeir Torfason** **Sigríður A. Whitt**
**Pétur Torfason** **Ólína Fjóla Hermannsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---




---

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar

**SVAVARS JÓHANNESSONAR**
**Sléttahrauni 21, Hafnarfirði.**

**Fjölskyldan.**

---



†

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA RAGNA LEIFSDÓTTIR**
**Gautlandi 15,**

lést á krabbameinsdeild Landspítala, Hringbraut, föstudaginn 1. nóv. Útförin fer fram frá Áskirkju mánud. 11. nóv. kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið eða önnur líknarfélög.

**Álfheiður Erla Sigurðardóttir** **Guðbrandur Gunnar Björnsson**
**Sigurður Freyr Guðbrandsson** **Katja Dinse**
**Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir** **Gunnlaugur Vésteinsson**
**Ragna Björk Guðbrandsdóttir** **Manuel Plasencia Gutiérrez**
**og barnabarnabörn**

---



†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA EMILÍA ELÍASDÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 26. október. Útförin fór fram í kyrrþey mánudaginn 4. nóvember að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks A4 á Hrafnistu fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Elsa Karen Staib** **Walter Staib**
**Ingigerður Arnardóttir** **Sólmundur Jónsson**
**Gunnhildur Arnardóttir** **Hafsteinn Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og fjölskylda.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÓN KOLBEINS**
**viðskiptafræðingur,**
**Nýbýlavegi 60, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 28. október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 8. nóvember kl. 15.00.

**Ingibjörg Kolbeins Sigurðardóttir**
**Guðbjörg Hildur Kolbeins** **Hilmar Thor Bjarnason**
**Páll Kolbeins**
**Sigurður Örn Kolbeins**
**Aðalheiður Ingibjörg Kolbeins Hilmarsdóttir**

---



†

Hjartkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,

**BENEDIKT LEÓSSON**
**kranamaður,**
**Lögbergsgötu 5, Akureyri,**
**nú Mýrarvegi 111,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 3. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akureyrar.

**Ásta Alfreðsdóttir**
**J. Pétur Benediktsson og systkini.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**RAGNAR JÓNSSON**
**fyrrv. varðstjóri S.V.R.**
**Hraunbæ 80, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 30. október. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Parkisonsamtökin á Íslandi.

**Guðbjörg Gísladóttir**
**Jón Gísli Ragnarsson** **Helena Björg Harðardóttir**
**Margrét Björg Ragnarsdóttir** **Björn Ingi Magnússon**
**Sigurborg Ragnarsdóttir Tremblay** **Jason Tremblay**
**og barnabörn.**

---



**GUÐRÚN GUNNARS** Syngur lög frá ferlinum í Salnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Söngur í þrjátíu ár

Guðrún Gunnarsdóttir söngkona fagnaði 50 ára afmæli á árinu. Í tilefni þess og útkomu plötunnar Best er hún með tónleika í Salnum í kvöld.

Ný plata með Guðrúnu Gunnarsdóttur söngkonu er að koma út á vegum Dimmu. Hún heitir einfaldlega Best og er með hennar bestu lögum. Guðrún fagnar útkomu hennar og fimmtugsafmæli fyrr á árinu með því að halda tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld, 6. nóvember.

Á efnisskránni verða ýmis lög frá ferlinum, sem spannar um 30 ár. Má þar nefna lög af sólóplötunum Eins og vindurinn og Umvafin englum, lög af plötunni sem var gerð til heiðurs Cornelis Vreeswijk og metsöluplötunni Óður til Ellýjar sem var tekin upp í Salnum og Guðrún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir árið 2003.

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir og
tengdamóðir, amma og systir,

**ÞÓRDÍS HELGA**
**JÓNSDÓTTIR OSTERHORN**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi föstudaginn 1. nóvember sl. Útför verður auglýst síðar.

**Jochen Osterhorn**
**Svanhildur Björk Gilles** **Bjorn Gilles**
**Kristjana Osterhorn** **Jan Meier**
**Liv, Thorben og Solvey Gilles**
**Svanhildur Erna Jónsdóttir**
**Guðrún Kristín Jónsdóttir** **Haukur Bessason**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**RÖGNVALDUR BERGSSON**
**Víðihlíð, Austurbyggð 17,**
**áður til heimilis að Seljahlíð 11c, Akureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 3. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Steinunn G. Rögnvaldsdóttir** **Bjarni Baldursson**
**Freyja Rögnvaldsdóttir** **Hörður Benediktsson**
**Edda B. Rögnvaldsdóttir** **Sigurjón Sveinbjörnsson**
**Sólveig Rögnvaldsdóttir** **Friðrik Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLA ENGILRÁÐ STEFÁNSDÓTTIR**
**síðast til heimilis í Hveragerði,**

lést á Fossheimum, Selfossi, 3. nóvember sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju, Álftanesi, fimmtudaginn 14. nóvember kl. 11.00

**Steinunn Hrefna Gunnarsdóttir** **Róbert Guðni Einarsson**
**Björk Kolbrún Gunnarsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Gunnur Kristín Gunnarsdóttir** **Hlynur Þorsteinsson**
**Kristján Gunnar Gunnarsson** **Guðrún Anna Jóhannsdóttir**
**Katrín Kristbjörg Baldvinsdóttir** **Sigurbjartur Guðmundsson**
**Guðjón Baldvin Baldvinsson** **Þóranna Gunnlaugsdóttir**
**Börkur Bragi Baldvinsson** **Edda Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. nóvember 2013 | 31. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




SÍÐA 4

## Ný dreifingarmiðstöð Eimskips

Tekin hefur verið í notkun ný dreifingarmiðstöð Eimskips Flytjanda á Reyðarfirði. Um er að ræða fyrstu sérhönnuðu vörudreifingarmiðstöðina sem Eimskip byggir utan Reykjavíkur. Húsið er 668 fermetrar og á því þrír hleðslurampar og tvennar stórar vörudyr. Fram kemur í tilkynningu fyrirtækisins að framkvæmdir við húsið hafi hafist í maí og því hafi framkvæmdatíminn aðeins verið um fimm mánuðir. Landstólpi byggði húsið, en VSÓ ráðgjöf sá um útboð og hafði eftirlit með framkvæmdunum. - óká

## Hagvaxtarspáin færð niður

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins segir komið að viðsnúningi í efnahagslífi Evrópu, en að hagvöxtur í evrulöndunum verði hægari en áður hafi verið spáð. Fréttavefur BBC hefur eftir tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar að „vonarglæta" hafi orðið að „áþreifanlegri jákvæðri þróun". Á evrusvæðinu, í þeim átján löndum sem nota evruna, er spáð vexti upp á 1,1 prósent á næsta ári.

Í umfjöllun BBC er bent á að þetta sé í annað sinn á þessu ári sem hagvaxtarspáin fyrir evrusvæðið á árinu 2014 sé lækkuð, en í maí var hún færð úr 1,4 prósentum í 1,2 prósent.

Framkvæmdastjórnin spáir því nú að hagvöxtur á evrusvæðinu verði 1,7 prósent 2015. Í Evrópusambandinu í heild er spáð 1,4 prósenta vexti á næsta ári og 1,9 prósentum á því þarnæsta. - óká

## Eiga um 2.600 milljarða króna

Hrein eign íslensku lífeyrissjóðanna nam 2.583 milljörðum króna í lok september. Það er aukning um 41 milljarð króna, eða 1,6 prósentustig, frá mánuðinum á undan.

Frá þessu var greint á vef Seðlabankans í gær í frétt um bráðabirgðatölur lífeyrissjóðanna. Þar segir einnig að innlend verðbréfaeign sjóðanna hafi í mánuðinum numið 1.848 milljörðum króna og aukist um rúma nítján milljarða króna. Erlend verðbréfaeign sjóðanna var 586 milljarðar króna. - hg

Magnaðir
morgunfundir
Advania



Kynntu þér spennandi dagskrá og skráðu þig
advania.is/fundir

advania
Welcome to IT

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

**Þróun fiskafla í tonnum og verðmæti frá 2003 til 2012**




Samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands gefur út, hefur aflaverðmæti fiskveiða aukist um 137% frá árinu 2003- 2012 en á sama tíma hefur afli í tonnum minnkað um 27%. Árið 2003 var afli úr sjó 1,97 milljón tonna en 1,45 milljón tonna árið 2003. Verðmæti þessa afla var 67 ma.kr. árið 2003 en 159 ma.kr. árið 2013 þrátt fyrir minnkandi afla á tímabilinu.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan – dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 6. nóvember**
- Vöruskipti við útlönd október 2013 – bráðabirgðatölur
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í september 2013
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Útgáfudagur Peningamála og vaxtaákvörðunardagur

**Föstudagur 8. nóvember**
- Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 11. nóvember**
- Vodafone
  - Uppgjör 3. ársfjórðungs

**Þriðjudagur 12. nóvember**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagur 13. nóvember**
- Útboð ríkisvíxla

**Fimmtudagur 14. nóvember**
- Fiskafli í október 2013

**Föstudagur 15. nóvember**
- Atvinnuleysi í október 2013
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs
- Birtingaráætlun 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**4 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**3 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ICELANDAIR** 94,0% frá áramótum

**NÝHERJI** 4,9% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**NÝHERJI** -20,2% frá áramótum

**ATLANTIC PETROLEUM** -5,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 164,50 | 36,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | -21,2% | -6,5% |
| Bank Nordic (DKK) | 133,00 | 29,1% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 228,00 | -0,9% | 0,7% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 28,00 | -14,0% | -2,4% |
| Hagar | 36,90 | 62,2% | 2,1% |
| Icelandair Group | 15,95 | 94,0% | -2,1% |
| Marel | 125,00 | -11,0% | 0,0% |
| Nýherji | 3,23 | -20,2% | 4,9% |
| Reginn | 13,76 | 25,1% | 1,1% |
| Tryggingamiðstöðin* | 30,10 | 12,7% | -0,8% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 11,15 | 20,9% | 0,1% |
| Össur | 216,00 | 11,3% | 1,9% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.166,38 | 10,1% | 0,0% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 12,90 | 37,2% | 0,8% |
| HB Grandi | 18,00 | 20,0% | 11,1% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 13,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Bregðast við ábendingum:

## Bakkavör fær skammir

Bakkavör segir verkferla í skoðun í flatbökuverksmiðju í Harrow í Bretlandi þar sem verkalýðsfélag segir vinnulöggjöf Evrópusambandsins brotna.

Í umfjöllun Food Manufacture er haft eftir talsmanni Bakkavarar að fyrirtækið vinni með starfsfólki og fulltrúum verkalýðsfélagsins til þess að tryggja að tilmælum í vinnutímatilskipun ESB verði fylgt.

Verkalýðsfélagið segir dæmi um 647 brot á vinnutímatilskipuninni hjá verksmiðjunni frá júlíbyrjun og fram í septemberlok á þessu ári. Verkafólk á að fá ellefu tíma hvíld á milli vakta, en dæmi eru sögð um að fólk, sem hafi stimplað sig út, mæti aftur til starfa þremur til fjórum klukkustundum síðar.

Verkalýðsfélagið vill að Bakkavör birti að fullu vinnutímaskýrslur starfsfólks. - óká

# Slegist um fraktrými í vélum til Ameríku

***Fulltrúar fyrirtækja sem flytja fersk matvæli til Bandaríkjanna segja framboð á fraktflugi ekki anna eftirspurn. Skýringuna má að sögn starfsmanns Icelandair Cargo rekja til minni innflutnings.***

**ÚTFLUTNINGUR**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Burðargetan úr landi er takmörkuð því í dag fara ekki nema ein til tvær fraktvélar á viku til Bandaríkjanna en það fóru fleiri á árunum fyrir hrun," segir Svavar Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Sæmarks, sem selur ferskan fisk til Bandaríkjanna.

Svavar segir þessa fækkun í ferðum fraktvéla hafa leitt til þess að útflutningur fyrirtækisins til Bandaríkjanna sé nú minni en hann gæti annars verið.

„Við erum eins og önnur fyrirtæki í þessum geira að berjast fyrir því að koma ferskum fiski til Bandaríkjanna á meðan það er eftirspurn eftir vörunni, og því er þessi takmarkaða burðargeta ekki að hjálpa til," segir Svavar.

„Það er slegist um plássin vestur um haf því sala á fiski hefur aukist töluvert mikið og kjötið er eingöngu á haustin og því þurfa sumir frá að hverfa á vissum árstímum," segir Baldvin Jónsson. Hann hefur síðastliðin átta ár haft milligöngu um sölu á íslenskum matvælum til Bandaríkjanna. Þar má nefna vörur eins og skyr, osta og lambakjöt, sem seldar eru í verslunum Whole Foods Market.

Baldvin nefnir sem dæmi að starfsmenn íslensks fyrirtækis hafi farið með tvö hundruð kassa af lambakjöti út á Keflavíkurflugvöll, en sökum plássleysis hafi þeir þurft að fara með hluta sendingarinnar aftur til Reykjavíkur.

„Þá kom flugstjórinn og sagði að það væri mótvindur og að það þyrfti því að draga úr þyngd vélarinnar. Þá þurftu þeir að taka 70 kassa úr vélinni og þá stemmdu útflutningspappírarnir ekki þegar kjötið kom til Bandaríkjanna. Þetta getur því valdið töfum á sendingum og þá fer mikilvægt geymslupol matvælanna til spillis," segir Baldvin.




**ÚTRÁS** Bandaríska verslanakeðjan Whole Foods Market selur meðal annars íslenskt lambakjöt. MYND/BALDVIN JÓNSSON.

Mikael Tal Grétarsson, forstöðumaður útflutnings hjá Icelandair Cargo, segir það rétt að eftirspurn eftir fraktflugi til Bandaríkjanna geti oft verið meiri en framboðið.

„Á heildina litið hefur okkur hins vegar gengið vel að anna eftirspurn. Hún sveiflast eftir árstíðum og vikudögum og framboðið hjá okkur er mest yfir sumartímann. En við eigum erfiðara með að fljúga jafn oft og áður því innflutningur með flugvélum er ekki eins mikill og fyrir nokkrum árum. Við gætum hugsanlega flogið fleiri ferðir út en þá myndu vélarnar koma tómar til baka og þá myndi kostnaðurinn við innflutninginn lenda á útflytjendum, sem þeir skiljanlega vilja ekki borga," segir Mikael.

Níu mánaða uppgjör MP banka sýnir aukinn hagnað milli ára:

# Skilaði 590 milljóna hagnaði

Rekstur MP banka skilaði 590 milljóna króna hagnaði eftir skatta á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Hagnaður bankans á sama tímabili árið 2012 var 372 milljónir króna.

Bankinn sendi í gær frá sér tilkynningu vegna uppgjörsins og þar segir einnig að vaxta- og þóknanatekjur bankans hafi aukist um 200 milljónir króna milli ára. Bankinn hafði 20,4 milljarða króna í handbæru fé og var lausafjárstaða hans því vel yfir kröfum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, sagði í tilkynningunni að uppgjörið væri til vitnis um góðan árangur mikilvægustu tekjusviða bankans.

„Bankinn hefur vaxið mikið á þessum tíma og náð árangri, afkoma hefur verið jákvæð og lausafjár- og eiginfjárstaða er góð," sagði Sigurður Atli. - hg



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Heildareignir MP banka hafa dregist saman frá áramótum og námu 63 milljörðum króna í september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR




ENNEMM / SÍA / NM57985

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við út á hvað starfið gengur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir stór og smá fyrirtæki í smásölu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt smásölufyrirtækjum þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

**Rúnar Björgvinsson hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í smásölu. Rúnar er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Áhersla á innri vöxt skilar árangri

***Rekstur Icelandair Group á þriðja fjórðungi ársins skilaði hagnaði upp á um átta milljarða íslenskra króna. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri félagsins, býst við áframhaldandi vexti. Hann segir Icelandair ætla að fjölga ferðum, bæta flugvélum við flotann og fara í framkvæmdir vegna nýrrar byggingar fyrirtækisins í Hafnarfirði.***

**VIÐTAL**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is



**Í BRÚNNI** Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir mikilvægt að stöðugleiki ríki í almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og uppbyggingu ferðaþjónustu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Icelandair Group skilaði besta ársfjórðungsuppgjöri í sögu félagsins á þriðja fjórðungi þessa árs. Hagnaður félagsins var þá 65,3 milljónir dala, eða um 7,8 milljarðar íslenskra króna.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir áherslu félagsins á innri vöxt eiga stóran þátt í góðri afkomu þess.

„Við höfum ekki keypt nein önnur félög á undanförnum árum heldur lagt áherslu á innri vöxt. Því erum við afskaplega sátt við þessa niðurstöðu hvað reksturinn varðar en það er í sjálfu sér ekkert gefið til lengri tíma litið. Ég hef sagt að við þurfum að stíga varlega til jarðar og það verður ekki gert með því að hleypa rekstrarkostnaði upp í loft,“ segir Björgólfur og útskýrir að félagið þurfi að fara varlega þegar kemur að rekstrarþáttum eins og launahækkunum.

**Ferðum fjölgi um átján prósent**

Þessi innri vöxtur, sem Björgólfur talar um, tengist að miklu leyti flugáætlun Icelandair sem er stærsta fyrirtækið innan Icelandair Group.

Icelandair tilkynnti nýverið að flugáætlun fyrirtækisins fyrir næsta ár verði sú umfangsmesta í sögu þess og að ferðum muni fjölga um átján prósent milli áranna 2013 og 2014. Fyrirtækið hefur í hyggju að bæta þremur nýjum áfangastöðum við áætlunina og fjölga ferðum til ýmissa borga.

„Við höfum bætt við nýjum leiðum bæði til Bandaríkjanna og Evrópu og fjölgað ferðum á marga aðra áfangastaði. Þessi áhersla á innri vöxt tengist einnig verkefnum sem fyrirtæki okkar hafa staðið að í innlendri ferðaþjónustu. Þar er bæði um að ræða hótelin okkar og ferðaskipuleggjendur eins og Iceland Travel.“

Björgólfur segir að hann búist við áframhaldandi vexti Icelandair og nefnir þar sérstaklega aukin tækifæri í ferðum yfir Norður-Atlantshaf.

„Þar er reyndar mjög harður samkeppnismarkaður þar sem við erum að keppa við mjög stóra aðila. En við höfum einbeitt okkur sérstaklega að þessum ferðum á milli Evrópu og Ameríku og séð tækifæri í því að viðskiptavinir okkar sem fara yfir Norður-Atlantshaf, og þurfa að millilenda á ferðum sínum, geti ferðast á milli staða á skemmri tíma vegna þess hversu stuttan tíma millilendingin í Keflavík tekur.“

**Nýjar vélar afhentar 2018**

Stjórnendur Icelandair munu að sögn Björgólfs fjölga farþegavélum fyrirtækisins á næsta ári með kaupum á notuðum vélum. Þá verður fyrirtækið búið að bæta tíu farþegavélum við flota sinn frá árinu 2008.

Icelandair Group og bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing undirrituðu að auki viljayfirlýsingu í desember á síðasta ári um kaup á sextán Boeing 737 MAX-flugvélum. Heildarverðmæti vélanna er samkvæmt listaverði Boeing um 1,6 milljarðar Bandaríkjadala, eða um 195 milljarðar íslenskra króna. Fyrstu vélarnar verða afhentar árið 2018.

Spurður hvort nýju vélarnar komi ekki of seint í ljósi aukinna umsvifa Icelandair segir Björgólfur að það sé alltaf hægt að velta þeirri spurningu upp hvort vélarnar hefðu átt að koma fyrr.

„Niðurstaðan er hins vegar þessi og það fellur vel að stefnu okkar að gera þetta svona. Við sjáum góð tækifæri með þessum vélum. Þær búa yfir nýjustu tækni og aukinni hagkvæmni þegar kemur að eldsneytiseyðslu. En ég hef einnig bent á að eldri vélarnar okkar séu mjög góðar fyrir leiðakerfið enda eru þær langdrægar og drífa þangað sem nýju vélarnar ná ekki,“ segir Björgólfur.

**Þjálfunarsetur í Hafnarfirði**

Fjárfestingar í tengslum við aukin umsvif Icelandair ná ekki einungis til kaupa á nýjum flugvélum því fyrirtækið sótti í september síðastliðnum um sextán þúsund fermetra lóð í Selhrauni í Vallahverfi í Hafnarfirði.

Í umsókn Icelandair kemur fram að fyrirtækið vilji reisa þar byggingu undir skrifstofur, kennslusetur og flugherma. Fyrirtækið hafði nokkrum vikum áður undirritað samning við bandaríska fyrirtækið Opinicus um rekstur flughermis fyrir Boeing 757-þotur á Íslandi.

„Við erum búin að skoða það mjög lengi að koma upp þjálfunaraðstöðu hvað varðar flugtengda starfsemi samstæðunnar, sem í þessu tilviki lýtur að þjálfun flugmanna, flugfreyja og flugþjóna. Þessi tiltekni staður var valinn því að við sáum að meirihluti áhafnar okkar er búsettur á höfuðborgarsvæðinu og Hafnarfjörður er auðvitað einnig í ákveðinni nálægð við Keflavík. Staðsetningin er því góð frá rekstrarsjónarmiði.“

**Stöðugleikinn mikilvægur**

Björgólfur undirstrikar hversu mikilvægt það sé að hans mati að hér ríki stöðugleiki þegar kemur að almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og uppbyggingu innlendrar ferðaþjónustu.

„Við erum auðvitað íslenskt félag þó við séum fyrst og síðast að sækja tekjur út fyrir landsteinana. Efnahagsumhverfið á Íslandi hefur því áhrif á framtíð okkar og framtíð ferðaþjónustunnar. Það er mjög óþægilegt fyrir félag eins og okkar að vinna í umhverfi gjaldeyrishafta og við höfum lagt áherslu á að það þurfi að breytast,“ segir hann.

„Varðandi innlendu ferðaþjónustuna hef ég sagt að við þurfum að koma upp einhvers konar gjaldtöku sem á að dekka þá uppbyggingu sem við sjáum að þarf að eiga sér stað á ákveðnum stöðum. Ég hef lagt áherslu á að þau áform sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur kynnt um svokallaðan náttúrupassa, sem á að afla fjárs til uppbyggingar ferðamannastaða, séu eitthvað sem þurfi að komast í framkvæmd sem fyrst. Það væri hins vegar bara einn þáttur í þeirri vinnu sem þyrfti að fara í varðandi stefnumörkun í ferðaþjónustu á landinu.“

> „Við erum auðvitað íslenskt félag þó við séum fyrst og síðast að sækja tekjur út fyrir landsteinana.

Björgólfur segir að hann sé að hluta til hlynntur þeirri hugmynd að erlendir ferðamenn greiði hærra gjald í tengslum við verkefni eins og náttúrupassann.

„Ég held að þessi aðferðafræði geti alveg átt rétt á sér. Það kunna að vera rök fyrir því að Íslendingar geti keypt þennan passa í gegnum skattkerfið eða á einhvern annan hátt og að hann gildi þá til lengri tíma og fáist keyptur á lægra verði. Ég held að það verði aldrei sátt um það að Íslendingar, sem ferðast um sitt land, geti ekki verið með annað verðlag á þeim passa,“ segir Björgólfur.

## HÖFÐA TIL NÝS MARKHÓPS MEÐ NEWARK




**ALMERKTUR ICELANDAIR** Þessi lestarvagn er einn fimmtán vagna sem merktir eru Icelandair að innan. MYND/ICELANDAIR

Icelandair hefur síðustu misseri lagt nokkra áherslu á flug til Norður-Ameríku og bætt þar við sig áfangastöðum jafnt og þétt. Í síðastliðinni viku bættist enn einn við þegar hafið var flug til Newark-flugvallar í New Jersey og á næsta ári bætast við Vancouver og Edmonton, en með því verða áfangastaðirnir í álfunni orðnir þrettán talsins.

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir markmiðið með þessari fjölgun vera að breikka og dýpka leiðarkerfið.

„Við sjáum tækifæri á þessum markaði milli Ameríku og Evrópu, sérstaklega á hinum svokölluðu „secondary markets“, utan stóru miðstöðvanna, til að flytja farþega yfir hafið. Til dæmis er aðeins eitt flugfélag að fljúga milli Edmonton og Evrópu.“

Samfara uppganginum rekur Icelandair virka markaðsherferð vestra. Til að mynda eru fimmtán lestarvagnar í New York og New Jersey nú í umferð, kyrfilega merktir Icelandair.

„Við erum að reyna að ná í nýjan markhóp með flugi til og frá Newark, þar sem við erum að bjóða upp á flug sem er nær fólki en JFK.“

Birkir segir að kynningarstarfið sé byggt á fyrri herferðum og hafi þegar vakið mikla athygli.



**BIRKIR HÓLM GUÐNASON**




## BESTA LÁGA VERÐIÐ

**Flugfargjald segir ekki allt um lokaverð fyrir flug með lággjaldaflugfélögum enda rukka mörg þeirra aukagjöld fyrir ýmislegt. Túristi.is birtir lista yfir tuttugu ódýrustu lággjaldaflugfélög Evrópu. Í fyrsta sæti er Pegasus Airlines.**


Jólapúðar

**Amma mús – handavinnuhús**
Laugavegur 18, 101 Reykjavik
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388

Amma mús -handavinnuhús



Lionssalurinn Lundur
- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablót

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994




# HREINSA HÚSGÖGN

**HREINSANDI KYNNIR** *Fyrirtækið Hreinsandi á Eldshöfða 1 hreinsar alla húsmuni, frá borðstofu- og hægindastólum til rúmdýna og gólfteppa.*

Húsgögn þarf að hreinsa reglulega að sögn Daníels Einarssonar hjá Hreinsanda. „Reynslan kennir manni að lítið þýðir að nota ryksuguna, bursta eða uppþvottalög. Yfirleitt þarf að taka til hressilegra ráða og þar komum við til sögunnar,“ segir hann. Hreinsandi sérhæfir sig í þrifum á húsgögnum af öllu tagi og byggir á áratuga reynslu og tækniþekkingu. Starfsaðstaða fyrirtækisins á Eldshöfða 1 er afar góð. „Þar höfum við tæki og efni til hreinsunarstarfa og að auki rúmgóða þurrkklefa sem gera okkur kleift að skila húsmunum fyrr en ella og eins hreinum og mögulegt er,“ upplýsir Daníel, en fyrirtækið sinnir einnig lyktareyðingu, sótthreinsun og eyðingu á myglusveppi í húsmunum.

„Einu húsgögnin sem ekki óhreinkast eru líklega þau sem enginn notar og geymd eru undir plasti,“ segir Daníel og telur óhugsandi að varast öll óhreinindi. „Fólk og gæludýr bera þau með sér inn í hús, ryk berst inn um opna glugga, mataragnir falla á teppi, stóla og sófa. Sviti og fita festist í stólum, sófum og rúmdýnum,“ lýsir hann.

Starfsmenn Hreinsanda byrja á því að þurrhreinsa það sem kemur inn til þeirra og síðan tekur við djúphreinsun með ákveðnum efnum. „Oft geta blettir valdið vandamálum, sérstaklega ef þeir hafa setið lengi í áklæðinu. Þá duga oft ekki hefðbundnar aðferðir heldur beitum við ýmiss konar efnum. Þau þarf að nota með varúð enda gagnslaust að fjarlægja blett ef það kostar skemmdir í áklæði eða lit,“ segir Daníel og bendir á að efnameðferð byggist á reynslu og þekkingu og yfir henni búi starfsmenn Hreinsanda.

Hreinsandi hreinsar alla húsmuni, frá borðstofu- og hægindastólum til rúmdýna og gólfteppa. Fyrirtækið hefur einnig tekið að sér að hreinsa heilu búslóðirnar vegna bruna, reyks eða vatns fyrir tryggingafélög. Það hefur það einnig hreinsað búslóðir vegna myglusveppagróa. Það er gert með því að hreinsa húsgögnin og setja þau í ósonklefa í sólarhring.

**FYRIR OG EFTIR**
Til vinstri er skítugur sófastóll en til hægri sést eins stóll sem er búið að hreinsa. Munurinn er mikill.

Hreinsandi
fyrir alla muni
Eldshöfða 1
www.hreinsandi.is
hreinsandi@hreinsandi.is
s. 577 5000

**MIKILL MUNUR**
Hér hefur helmingur sófa verið hreinsaður og eins og sést er munurinn verulegur.




White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS






Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.






Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Miðvikudagurinn 6. nóvember

# FÉLAGSMIÐSTÖÐVADAGURINN



Vissir þú að 74,2% unglinga í 9.–10. bekk fóru í félagsmiðstöðina sína á síðasta ári?

Í dag er félagsmiðstöðvadagur Samfés og félagsmiðstöðvar um allt land taka vel á móti gestum og kynna starfsemi sína.

Kíktu við og kynntu þér starfið í félagsmiðstöðinni þinni!

Samfés eru frjáls félagasamtök 115 félagsmiðstöðva á Íslandi sem standa fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir unglinga á hverju ári.

www.samfes.is
www.facebook.com/samfes

SAMFÉS

MIÐVIKUDAGUR 6. NÓV. 2013
23. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
FJÖLVARPSBLAÐ STÖÐVAR 2



# STÆRRA OG BETRA FJÖLVARP

**NÝJAR STÖÐVAR OG MEIRI SKEMMTUN FYRIR ÁHORFENDUR**



**ULTIMATE SPIDER MAN**
Teiknimyndaþættir um hinn sívinsæla Köngulóarmann, eða Spider Man, eru einnig sýndir á Disney XD-rásinni. Þar berst hann við illar ofurhetjur í samfloti við aðrar góðar ofurhetjur, eins og Nova, White Tiger, Power Man og Iron Fist. Þeir lenda í æsispennandi ævintýrum í hverjum þætti, þar sem hið góða berst við hið illa.

# FJÖLBREYTT BARNAEFNI Á FJÖLVARPINU

## Fjölvarpið sér ungviðinu fyrir dægrastyttingu á barnarásum sínum

Barnarásir Fjölvarpsins bjóða upp á fjölbreytt barnaefni við allra hæfi. Til dæmis má nefna rásina Disney XD sem sýnir ýmsa vandaða þætti til að stytta krökkum stundirnar, en myndefnið er ætlað krökkum á aldrinum 4-10 ára.



**Finnbogi og Felix**
Meðal gesta þar á bæ eru bræðurnir Finnbogi og Felix, en þættirnir um þá eru sprenghlægilegir ævintýraþættir. Stjúpbræðurnir láta ekkert stöðva sig heldur gera hreinlega hvað sem þeim dettur í hug hverju sinni. Stóra systir þeirra reynir að góma þá við grallaraskapinn og breiðnefurinn þeirra starfar sem njósnari og verndar heiminn gegn illum fyrirætlunum dr. Hinriks Diðriks.



**Iron Man**
Iron Man þekkja bæði börn og fullorðnir, en ofurhetjan er byggð á teiknimyndasögum Marvels. Iron Man er einnig tíður gestur á barnarásinni Disney XD. Þættirnir segja frá samnefndri ofurhetju sem verndar heiminn í brynvörðum búningi.

# STÓRMYND UM MORÐIÐ Á KENNEDY

## Á NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL

**Fimmtíu ár eru liðin síðan John F. Kennedy Bandaríkjaforseti var myrtur. Sunnudaginn 17. nóvember mun fjölvarpsstöðin National Geographic frumsýna glænýja sjónvarpsmynd, Killing Kennedy þar sem Rob Lowe fer með aðalhlutverk.**

**Myndin er byggð á metsölubók eftir Bill O'Reilly og Martin Dugard sem vakti mikla athygli á síðasta ári.**

**Ginnifer Goodwin leikur Jacqueline Kennedy og Michelle Trachtenberg leikur Marinu Oswald, eiginkonu Lee Harvey Oswald.**

**John F. Kennedy var skotinn til bana í Dallas í Texas 22. nóvember 1963. Stöð 2 mun sýna mjög áhugaverðan þátt miðvikudaginn 20. nóvember sem kallast The Kennedy Detail og fjallar um lífverði forsetans sem segja í fyrsta sinn sína hlið á málinu. Á Gullstöðinni hefjast sýningar á þáttaröðinni The Kennedys fimmtudaginn 14. nóvember og verður hann á dagskrá á hverju kvöldi til 21. nóvember.**



# BESTI KÖRFUBOLTI Í HEIMI Í BEINNI Á

# NBA TV



NBA TV er íþróttastöð sem er helguð NBA-deildinni í körfuknattleik. Beinar útsendingar og frábærir þættir um allt sem gerist í sterkustu körfuknattleiksdeild í heimi.

**Tímabilið í NBA hófst með látum í október og það er spennandi vetur framundan. Aðdáendur NBA geta fylgst með öllu því sem fram fer í vetur á NBA TV. Sýnt er beint frá leikjum á nær hverju kvöldi en beinu útsendingarnar hefjast jafnan um eða eftir miðnætti að íslenskum tíma. Á stöðinni er einnig fjöldi skemmtilegra þátta um liðin, leikmennina og leikina auk þess sem sýndir eru klassískir leikir með hetjum liðinna ára.**

## BEINAR ÚTSENDINGAR Á NBA TV Í NÓVEMBER

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn 6. nóv. | Memphis - New Orleans | 01:00 |
| Föstudaginn 8. nóv. | Detroit - Oklahoma City | 00:30 |
| Laugardaginn 9. nóv. | Houston - L.A. Clippers | 01:00 |
| Sunnudaginn 10. nóv. | Oklahoma City - Washington | 00:00 |
| Mánudaginn 11. nóv. | Indiana - Memphis | 00:00 |
| Mánudaginn 11. nóv. | L.A. Clippers - Minnesota | 03:30 |
| Þriðjudaginn 12. nóv. | Miami - Milwaukee | 00:30 |
| Þriðjudaginn 12. nóv. | L.A. Lakers - New Orleans | 03:30 |
| Miðvikudaginn 13. nóv. | San Antonio - Washington | 01:30 |
| Föstudaginn 15. nóv. | Toronto - Chicago | 00:00 |
| Föstudaginn 15. nóv. | Sacramento - Detroit | 03:30 |
| Laugardaginn 16. nóv. | Chicago - Indiana | 01:00 |
| Laugardaginn 16. nóv. | Golden State - Utah | 03:30 |
| Sunnudaginn 17. nóv. | Sacramento - Memphis | 23:00 |
| Mánudaginn 18. nóv. | Brooklyn - Portland | 00:30 |
| Þriðjudaginn 19. nóv. | Miami - Atlanta | 00:30 |
| Miðvikudaginn 20. nóv. | Minnesota - L.A. Clippers | 01:00 |
| Fimmtudaginn 21. nóv. | Denver - Chicago | 03:30 |
| Föstudaginn 22. nóv. | Detroit - Atlanta | 00:30 |
| Föstudaginn 22. nóv. | Portland - Chicago | 03:00 |
| Laugardaginn 23. nóv. | Washington - New York | 00:00 |
| Laugardaginn 23. nóv. | Golden State - Portland | 03:30 |
| Sunnudaginn 24. nóv. | Brooklyn - Detroit | 19:00 |
| Mánudaginn 25. nóv. | San Antonio - New Orleans | 01:30 |
| Þriðjudaginn 26. nóv. | Atlanta - Orlando | 00:30 |
| Miðvikudaginn 27. nóv. | Oklahoma City - San Antonio | 01:00 |
| Föstudaginn 29. nóv. | Denver - New York | 02:00 |
| Laugardaginn 30. nóv. | Dallas - Minnesota | 01:30 |

**Allir tímar eru um eða eftir miðnætti að kvöldi þess dags sem leikurinn fer fram.**

# FRÁBÆRIR TÓNLEIKAR ALLAN SÓLARHRINGINN

Skemmtilegir tónleikar og heimildarmyndir um tónlistarmenn eru sýnd á tónleikastöðinni iConcert sem Fjölvarp Stöðvar 2 hóf nýlega að sýna frá.



**Loksins býðst íslenskum sjónvarpsáhorfendum að horfa á tónleika frægra listamanna í heild sinni í frábærum mynd- og hljómgæðum. Fjölvarp Stöðvar 2 hefur nú bætt tónleikastöðinni iConcert við fjölbreytt framboð sitt en stöðin sýnir tónleika, auk heimildarmynda um tónlist, allan sólarhringinn. Margir skemmtilegir tónleikar verða næstu daga á iConcert. Í kvöld, miðvikudagskvöld, verða sýndir tónleikar með Manic Street Preachers, Primal Scream og Alice Cooper. Á morgun, fimmtudag, má hlýða á tónleika með Gwen Stefani auk þess sem hinir vinsælu þættir Later… with Jools Holland verða sýndir á hverju kvöldi. Helgin á iConcert verður síðan full af frábæru efni. Þar má fyrst nefna eina vinsælustu rokksveit síðustu áratuga, ólátabelgina í Oasis, en stöðin mun sýna eina tónleika og heimildarmynd um sveitina á föstudagskvöld. Gömlu kempurnar í Toto eiga sviðið á laugardagskvöld og degi síðar má hlýða á Kaiser Chiefs, Scissor Sisters og Dave Matthews Band. Dagskrá iConcert má finna á vef Stöðvar 2 og á www3.iconcerts.com.**



Gömlu kempurnar í KISS hljóma á VH1-Classic. MYND/AFP

# NÝTT ROKK OG VEL BLÁSIÐ HÁR

Fjölvarp Stöðvar 2 hefur hafið sýningar á tveimur skemmtilegum tónlistarstöðvum sem sinna báðar rokktónlist þótt með ólíkum hætti sé. Önnur tónlistarstöðin ber heitið MTV Rocks og sýnir nýja og nýlega rokktónlist en VH1-Classic sýnir eldri rokktónlist, þá helst frá sjöunda, áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Dagskrá MTV Rocks samanstendur meðal annars af þáttum sem sýna myndbönd með nýjustu lögum vinsælustu rokkhljómsveita veraldar. Þættirnir eru klukkutíma langir og eru helgaðir sérstökum listamönnum og einnig eru þar þættir með ungum og efnilegum rokksveitum.

VH1-Classic sinnir eldri rokktónlist og þar fá axlarpúðar, andlitsmálning og vel blásið hár að njóta sín í bland við þyngri „grunge“-tónlist tíunda áratugar síðustu aldar. Stöðin sýnir meðal annars þætti sem helgaðir eru stökum áratugum og einnig vinsælustu rokklögum tónlistarsögunnar. VH1-Classic fær fólk á miðjum aldri svo sannarlega til að rifja upp skemmtilega tíma.

Dagskrá stöðvanna má finna á vef Stöðvar 2 og á einnig á **www.mtv.co.uk** og **www.mtv.tv.**

# STÆRRI ÁSKRIFTARPAKKAR

Fjölvarpið er að taka stórfelldum breytingum um þessar mundir og hafa áskriftarpakkar stækkað verulega. Fjölmargar nýjar og áhugaverðar sjónvarpsstöðvar hafa bæst við það mikla úrval sem fyrir var og eru nýir áskriftarpakkar að líta dagsins ljós. **Hér fyrir neðan er að finna gagnlegar upplýsingar um áskriftarpakkana í Fjölvarpinu. Vakin er athygli á því að breytingarnar eiga sér stað á netmyndlyklum símafélaganna Vodafone & Símans.**

**ÞÚ GREIÐIR MINNA!**
**Þeir sem eru með áskriftarpakka hjá 365 greiða 1.000 kr. minna af fjölvarpspakkanum**

## FRÁBÆRT **FJÖLVARP**

### Veröld
*Fjölbreytt úrval stöðva með alls kyns efni. Barnaefni, fréttir, tónlist, bíómyndir, heimildarmyndir – allur pakkinn!*
66 stöðvar
digital ísland 46 stöðvar
**5.990 kr.**

### Fréttir og fræðsla
*Frábærar fréttastöðvar, heimildarmyndir og fjölbreytt efni fyrir fróðleiksfúsa.*
28 stöðvar
digital ísland 20 stöðvar
**3.990 kr.**

### Toppur
*Allt sem hugurinn girnist. Fréttir, bíómyndir, barnaefni, íþróttir, lífsstílsþættir, raunveruleikaþættir, tónlist og heimildarþættir.*
26 stöðvar
digital ísland 23 stöðvar
**3.990 kr.**

### Evrópa
*Allar bestu evrópsku fréttastöðvarnar í einum og sama pakkanum.*
23 stöðvar
digital ísland 14 stöðvar
**2.990 kr.**

### Landsbyggð
*Flottur og fjölbreyttur pakki með stöðvum sem nást út um allt land í gegnum Digital Ísland.*
digital ísland *7 stöðvar*
**2.990 kr.**

### Erlent sport
*Allt það nýjasta og áhugaverðasta sem evrópskar íþróttastöðvar hafa upp á að bjóða. Algjörlega ómissandi fyrir unnendur fjölbreyttra íþrótta. Golf, körfubolti, fótbolti í bland við ítarlegar íþróttafréttir á SKY News.*
10 stöðvar
digital ísland 9 stöðvar
**2.990 kr.**

### Háskerpa og þrívídd
*Fjölbreytt úrval stöðva í bestu mögulegu gæðum, háskerpu og þrívídd.*
16 stöðvar
**3.990 kr.**

### Bíó og skemmtun
*Pakki sem hentar allri fjölskyldunni. Bíómyndir, tíska, fréttir af fræga fólkinu, tónlist, íþróttir, barnaefni og fréttastöðvar og matreiðsluþættir.*
30 stöðvar
digital ísland 19 stöðvar
**3.990 kr.**

### Brot af því besta
*Sérstakur þriggja mánaða kynningarpakki sem gefur þér tækifæri til að kynnast frábærri dagskrá Fjölvarpsins. Fréttir og fróðleikur, bíómyndir, skemmtiþættir, íþróttir og margt annað.*
**SÍMINN OG VODAFONE**
10 stöðvar
**1.990 kr.**



## HVAR FINN ÉG FJÖLVARPSSTÖÐVARNAR Á MYNDLYKLINUM?

### SÍMINN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rás Heiti** | | | | | |
| 31 **DR1** | 62 **Animal Planet** | 77 **Fox News** | 99 **Fashion One** | 133 **Hustler TV** | **235 NRK3 & Super HD** |
| 32 **DR2** | 63 **Discovery Channel** | 81 **Cartoon Network** | 100 **Fine Living** | 134 **Blue Hustler** | **236 SVT1 HD** |
| 33 **NRK1** | 64 **Discovery World** | 82 **Disney JR** | 105 **TVE** | 142 **Eurosport** | **238 DR3 HD** |
| 34 **NRK2** | 66 **Nat. Geography** | 83 **Disney XD** | 106 **ARD** | 143 **Eurosport 2** | **257 BBC HD** |
| 35 **NRK3 & Super** | 67 **Discovery I.D.** | 84 **Boomerang!** | 108 **SAT1** | 144 **Extreme Sports** | **258 High TV 3D HD** |
| 36 **SVT1** | 68 **Nat Geo Wild** | 85 **JimJam** | 109 **ZDF** | 145 **Motors TV** | **293 Fashion One HD** |
| 37 **SVT2** | 69 **BBC Knowledge** | 91 **Star!** | 111 **TVP Polonia** | 147 **Golf Channel** | **297 Outdoor Ch. HD** |
| 38 **Kringvarp Færeyja** | 71 **BBC World News** | 92 **E! Networks** | 112 **Rai Due** | 148 **Liverpool TV** | **298 Luxe TV HD** |
| 52 **CBS Reality** | 72 **CNBC** | 93 **Fashion One** | 113 **TV5 Monde** | 149 **NBA TV** | **299 Fashion TV HD** |
| 53 **BBC Entertainm.** | 73 **Bloomberg** | 94 **BBC Lifestyle** | 123 **MTV Hits** | 150 **Man Utd TV** | **328 IConcerts HD** |
| 54 **TCM** | 74 **CNBC** | 96 **Travel Channel** | 125 **VH1 Hits** | 151 **Chelsea TV** | |
| 55 **MGM** | 75 **Sky News** | 97 **Style Network** | 126 **VH1 Classic** | 231 **DR1 HD** | |
| 58 **Eurochannel** | 76 **AlJazeera** | 98 **Food Network** | 129 **MTV Rocks** | 233 **NRK1 HD** | |

### VODAFONE

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rás Heiti** | | | | | |
| 30 **DR1** | 54 **Food Network** | 68 **Discovery I.D.** | 84 **BBC News** | 111 **Eurosport 2** | 156 **MTV Rocks** |
| 31 **DR2** | 55 **E! Network** | 69 **CBS Reality** | 85 **Bloomberg** | 115 **NBA TV** | 523 **High TV 3D** |
| 32 **SVT1** | 56 **Style Network** | 70 **Disney Channel** | 86 **AlJazeera** | 116 **Man Utd TV** | 530 **DR1 HD** |
| 33 **SVT2** | 57 **Fashion TV** | 71 **JimJam** | 90 **ARD** | 117 **Liverpool TV** | 531 **DR3 HD** |
| 34 **NRK1** | 58 **Fashion One** | 73 **Cartoon Network** | 91 **ZDF** | 118 **Chelsea TV** | 532 **SVT1 HD** |
| 35 **NRK2** | 59 **Fine Living** | 74 **Disney JR** | 92 **SAT1** | 120 **Golf Channel** | 534 **NRK1 HD** |
| 36 **NRK3 & Super** | 61 **Nat. Geographic** | 75 **Boomerang!** | 100 **TV5 Monde** | 121 **Motors TV** | 536 **NRK3 HD** |
| 48 **MGM** | 62 **Nat Geo Wild** | 76 **Disney XD** | 101 **TVP Polonia** | 122 **Extreme Sports** | 556 **LUXE TV HD** |
| 49 **TCM** | 63 **Animal Planet** | 80 **Sky News** | 102 **Eurochannel** | 141 **Blue Hustler** | 557 **Fashion TV HD** |
| 50 **BBC Entertainm.** | 64 **BBC Knowledge** | 81 **Fox News** | 106 **Rai Due** | 142 **Hustler TV** | 558 **Fashion One HD** |
| 51 **BBC Lifestyle** | 65 **Discovery Ch.** | 82 **CNN** | 108 **TVE** | 150 **MTV Hits** | 610 **Hustler TV HD 3D** |
| 53 **Travel Channel** | 66 **Discovery World** | 83 **CNBC** | 110 **Eurosport** | 151 **VH1 Classic** | |

### DIGITAL ÍSLAND

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rás Heiti** | | | | | |
| 22 **Discovery Ch.** | 32 **CNN** | 45 **Man Utd TV** | 54 **TCM** | 64 **Cartoon Network** | 75 **NRK2** |
| 23 **Discovery World** | 33 **CNBC** | 47 **Liverpool TV** | 55 **Travel Channel** | 65 **MTV Hits** | 80 **ARD** |
| 24 **Discovery I.D.** | 34 **BBC World News** | 48 **NBA TV** | 56 **Food Network** | 66 **VH1 Classic** | 81 **ZDF** |
| 25 **Nat. Geographic** | 36 **AlJazeera News** | 49 **Golf Channel** | 57 **E!** | 70 **DR1** | 82 **SAT1** |
| 26 **Nat Geo Wild** | 40 **Eurosport** | 50 **BBC Entertainm.** | 58 **Style Network** | 71 **DR2** | 89 **TVE** |
| 27 **Animal Planet** | 41 **Eurosport 2** | 51 **BBC Lifestyle** | 60 **Disney Channel** | 72 **SVT1** | 90 **Blue Hustler** |
| 30 **Sky News** | 42 **Extreme Sports** | 53 **MGM Movie** | 61 **Jim Jam** | 73 **SVT2** | 91 **Hustler TV** |
| 31 **Fox News** | 44 **Chelsea TV** | **Channel** | 63 **Boomerang!** | 74 **NRK1** | |

Stöð 2 kynnir með stolti **glæsilegustu vetrardagskrá** frá upphafi

# Við lofum góðum **íslenskum vetri**

*margfalt skemmtilegri!*




Við erum afar ánægð með nýju vetrardagskrána okkar og flöggum nýjum og spennandi íslenskum þáttum. Aldrei áður hefur úrvalið verið jafn glæsilegt, fleiri og fjölbreyttari íslenskir þættir en nokkru sinni fyrr ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki. **Við óskum þér góðrar skemmtunar með Stöð 2 í allan vetur.**

Með **Skemmtipakkanum** færðu mikið fyrir lítið!

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

**Margfalt meiri skemmtun** á aðeins

# 7.990 kr.




**STÖÐ 2**
Engin sjónvarpsstöð á Íslandi frumsýnir daglega fleiri þætti og bíómyndir en Stöð 2. Fréttir og meiri íslensk dagskrárgerð en nokkru sinni fyrr.

**STÖÐ 3**
Ný og fersk stöð með erlent gæðaefni í bland við nýtt íslenskt.

**KRAKKASTÖÐIN**
Talsett barnaefni daglega frá morgni til kvölds á sérstakri barnastöð. Barna-kvikmynd alla daga klukkan 19:00.

**BÍÓSTÖÐIN**
Frábærar kvik-myndir, allan sólarhringinn.

**GULLSTÖÐIN**
Klassískir innlendir og erlendir sjónvarpsþættir.

**POPPTÍVÍ**
Tónlistarmyndbönd eins og þú getur í þig látið.

**TÓNLIST.IS**
Öll íslensk og erlend tónlist á einum stað, þriggja mánaða aðgangur með áskrift.

**VILD**
Með aðgangi að Vild getur fjölskyldan hæglega sparað sem nemur mánaðar-áskrift.





# BANVÆNN FENGUR

Á Fjölvarpi Stöðvar 2 er að finna gæðastöðvar sem leggja áherslu á dýralíf og fræðslu. Til dæmis Nat Geo Wild þar sem áhersla er lögð á þætti sem fjalla um villta náttúru, dýralíf og náttúrusögu. Animal Planet er frábær sjónvarpsstöð fyrir alla sem hafa áhuga á dýrum. Á Discovery Channel er lögð áhersla á fræðslu- og raunveruleikaþætti á borð við Myth-Busters, Unsolved History og Dirty Jobs.

Þátturinn Deadliest Catch á Discovery hefur hlotið heimsfrægð. Hann fjallar um krabbaveiðimenn í Beringshafi sem sinna erfiðu og hættulegu starfi. Titill þáttanna útleggst á íslensku; Banvænn fengur. Hann er dreginn af þeirri staðreynd að krabbaveiðum í Beringshafi fylgir mikil hætta á líkamstjóni og jafnvel dauða. Til marks um vinsældir þáttanna má nefna að níunda þáttaröðin var frumsýnd í vor á Discovery.



Skavlan fær til sín heimsfræga gesti í bland við fræga fólkið á Norðurlöndum.

# NORRÆNI SPJALLÞÁTTAKÓNGURINN

Á norrænum stöðvum Fjölvarpsins er margt áhugavert að sjá. Spjallþáttakóngurinn Skavlan sem sendur er út á föstudagskvöldum á NRK og SVT og á DR2 á laugardagskvöldum hefur vakið mikla athygli fyrir að ná til sín áhugaverðum einstaklingum, jafnt þekktum heimamönnum sem alþjóðlegum stjörnum. Gestir hans eru stjórnmálamenn, listamenn, íþróttamenn og konungborið fólk svo eitthvað sé nefnt. Geir Haarde kom fram í þættinum árið 2009 ásamt Liv Ullman, Garry Kasparov og fleirum.

Þegar enskumælandi gestir eru hjá Skavlan fer öll umræða fram á því tungumáli. Fyrir stuttu var Bianca Jagger gestur ásamt Malala, stúlkunni sem skotin var í höfuðið af talibönum, en einnig var gestur í þeim þætti Marta Lovísa Noregsprinsessa, sem býr í Lundúnum. Margir heimsfrægir gestir hafa komið til Skavlans svo sem Robbie Williams, Will Smith, Tom Jones, Rihanna, Norah Jones og John Cleese. Tónlistaratriði er í lok hvers þáttar.



# ÓLÍKIR NAUTNASEGGIR Á FOOD NETWORK

## Fjölvarp Stöðvar 2 býður nautnaseggjum í mat og drykk upp á frábæra dagskrá á Food Network þar sem fjallað er um mat á alla vegu í hátt í tvö hundruð ólíkum þáttum.

Hávaðabelgurinn Guy Fieri og hin stóíska Ina Garten eiga sennilega fátt annað sameiginlegt en ástríðu sína fyrir mat og drykk. Þau eru reyndar bæði með þætti á Food Network en meðan Guy geysist á milli bandarískra skyndibitabúlla með látum í þætti sínum Diners, Drive ins and Dives, töfrar Ina Garten fram einfalda og ljúfa rétti í eldhúsinu sínu heima í lúxushéraðinu Hamptons í New York-fylki í þætti sínum Barefoot Contessa.

Ina er ástríðukokkur sem fínpússaði matreiðsluhæfileika sína á sjöunda áratugnum til að drepa tímann á meðan eiginmaðurinn var í Víetnamstríðinu. Hún féll fyrir franskri matargerð á ferð um París og las matreiðslubók Juliu Childs spjaldanna á milli. Hún fór snemma að halda vikuleg matarboð heima hjá sér þar til hún var orðin hinn fullkomni gestgjafi.

Guy féll reyndar líka fyrir franskri matargerð þegar hann var skiptinemi í Frakklandi en það er önnur saga.

Á Food Network eru hátt í annað hundrað ólíkir matreiðsluþættir á dagskrá svo að hvers kyns nautnaseggir í mat og drykk finna örugglega eitthvað við sitt hæfi.

# BÍLAÞÆTTIR OG RAUNVERULEIKASJÓNVARP



BBC Knowledge er ný stöð á Fjölvarpi Stöðvar 2. Á stöðinni er að finna raunsanna skemmtiþætti frá BBC sem tengjast fjölmörgum áhugasviðum. Til dæmis vísindum og tækni, menningu og sögu, mannslíkamanum og heilanum, sögu og viðskiptum. Helstu skrautfjaðrir stöðvarinnar eru bílaþættirnir Top Gear og Top Gear USA en meðal annarra þátta má nefna Richard Hammond's Crash Course og heimildarþætti Louis Theroux sem kafar ofan í umdeild málefni.



Dr Phil og Jerry Springer eru á CBS Reality.

### Raunveruleg málefni

CBS Reality er einnig ný stöð sem býður fjölbreytt úrval af fróðlegum þáttum sem margir byggjast á raunveruleikaþáttaforminu. Meðal þátta má nefna Amazing Medical Stories, America's Dumbest Criminals, Cops, Crime Stories, Dr. Phil, Jerry Springer, Judge Judy, Psychic Private Eyes, Scariest Places on Earth, Shark Chasers, Unexplained Mysteries, When Animals Attack! og síðast en ekki síst When Good Pets Go Bad.






Kim Kardashian er tíður gestur á E!. Hér eru hún og Kanye West í Þýskalandi.

## Fræga fólkið og slúðrið

Þeir sem hafa áhuga á fræga fólkinu og hvað gerist í lífi þess hafa úr nægu að velja á Fjölvarpi Stöðvar 2. Hin vinsæla stöð E! er í uppáhaldi hjá mörgum en nú er einnig hægt að horfa á Star!

Á E! er meðal annars hægt að fylgjast með þáttinum Keeping Up With The Kardashians og True Hollywood Story. Joan Rivers og tískulöggurnar eru alltaf á sínum stað með gagnrýni á klæðaburð stjarnanna á rauða dreglinum.

Á Star! eru hins vegar Showbiz Tonight þar sem A.J. Hammer í New York segir nýjustu fréttir af fræga fólkinu. Á mánudag verður sýnt frá alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Stokkhólmi þar sem eru samankomnir allir helstu kvikmyndagerðarmenn heims. Þá verður sýnt frá BAFTA-verðlaunaafhendingunni í Los Angeles á Star! hinn 23. nóvember. Bæði verður sýnt frá rauða dreglinum og afhendingu verðlauna.



Ryan Seacrest er alltaf heitastur á rauða dreglinum.

## Hvernig lít ég út?

Style Network er vinsæl stöð á Fjölvarpinu og hentar vel þeim sem vilja fylgjast með nýjustu tísku og tískustraumum. Style Network sýnir hátískufatnað frá tískusýningum víða um heiminn. Einnig er þar að finna ýmis skemmtileg tískuráð og tískutengda þætti.

Jeannie Mai er með vinsælan þátt á Style Network sem nefnist How Do I Look? Þar kennir hún konum á öllum aldri að klæða sig smekklega með hjálp stílista, ættingja og vina. Gömlu fötin fara í ruslið en ný föt, klipping, og farði geta gert ótrúlega breytingu til hins betra.

Þá er hægt að horfa á vinsæla þætti með þeim Tia & Tamera og raunveruleikaþætti með hinni þekktu sjónvarpskonu Giuliana.

Nýlega fór í loftið á Fjölvarpinu stöðin Fashion One þar sem nýjustu tískufréttir birtast stöðugt. Á þessari stöð er ekki minna um hátísku en á Style svo auðvelt er fyrir þá sem hafa áhuga á tísku að finna efni við hæfi í Fjölvarpinu.



Jeannie Mai er þáttastjórnandi á Style Network.

## Fine Living í fjölvarpið

Candice Olson stýrir þáttunum Devine Design og Candice Tells All á Fine Living sem er ný stöð á Fjölvarpi Stöðvar 2.

Candice er einn fremsti innanhússhönnuður Kanada og í þáttunum leggur hún til atlögu við heimili sem þarfnast yfirhalningar og umbreytir þeim í háklassa hönnunarrými, ásamt teymi aðstoðarfólks.

Candice sló strax í gegn með þættinum Devine Design þegar hann fór fyrst í loftið árið 2001 og varð þátturinn fljótlega flaggskip stöðvarinnar.



Candice Olson er einn fremsti innanhússhönnuður Kanada.



BBC Knowledge

Richard Hammond, Jeremy Clarkson og James May skipa hið heillandi Top Gear-tríó.

MYND/BBC



Top Gear USA er bandarísk útgáfa þessara bráðskemmtilegu þátta.


JÓGÚRTÍS • MJÓLKURÍS • SORBET • MJÓLKURÍS • JÓGÚRTÍS • SORBET
Toppaðu þennan!
Þú dælir ís í boxið,
toppar með t.d. nammi,
hnetum, ávextum
og sósum,
og borgar eftir vigt
Nýtt á yoyo
Sykurlaus jógúrtís með Steviu
yoyo er opið alla daga frá 11:30 til 23:30
FRÁBÆRT ÚRVAL ÓLÍKRA BRAGÐTEGUNDA
...ef þú vilt vera í góðu formi
þá bjóðum við einnig ís í vöffluformi
...á aðeins 295 kr.
yoyo ferskur jógúrtís®
Nýbýlavegi 18, 200 Kópavogi • Egilsgata 3 / Domus Medica 101 Reykjavík

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 120 VX 4.0 VVTI 5/2003 ek.214þús. Sjálfskiptur. Allt nýtt í bremsum. Nýjir loftpúðar að aftan. Nýleg dekk. Dráttarbeisli. Ásett verð 2.480.000.- Rnr.292086.



Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4 11/2006 ek.147þús. Beinskiptur. Skipt um tímareim 2011 í 88þús. km. Ásett verð 1.990.000.- Rnr.286172.



Hyundai Getz Gls 10/2007 ek.38þús. Sjálfskiptur. 4sumardekk. 4vetrardekk. Ásett verð 1.390.000.- Rnr.104225.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390



Toyota Land Cruiser 150 Gx 10/2011 ek.48þús. Sjálfskiptur. Búinn í 45þús. km skoðun. Húdd og gluggahlífar. 7 manna. Dráttarbeisli. Ásett verð 9.390.000.- Rnr.285822.



BMW X5 3.0 Diesel E70 6/2009 ek.47þús. km. Sjálfskiptur. Leður. Nýkominn úr 45þús. km skoðun. Bluetooth. Umboðsbíll. 1 eigandi. Dráttarbeisli. Ökutæki er í sal. Ásett verð 8.590.000.- Rnr.310554.



VW Polo Comfortline 3/2012 ek.20þús. Beinskiptur. Loftkæling. Ekki bílaleigubíll. Ökutæki er í sal. Ásett verð 2.590.000.- Rnr.104180.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

588-0700 Bílabankinn.is



MMC L200 d-cab cr gls at. Árgerð 2007, ekinn 121 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.107466.Bílabankinn 588-0700



MMC Pajero. Árgerð 2009, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.106646.Bílabankinn 588-0700



KIA Sportage ex 4wd disel. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.280.000. Rnr.107378. Bílabankinn 588-0700



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgerð 2012, ekinn 44 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.250.000. Rnr.107643. Bílabankinn 588-0700



TOYOTA Corolla. Árgerð 2007, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.107664.Bílabankinn 588-0700



JEEP liberty. Árgerð 2007, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.980.000. Rnr.105478.Bílabankinn 588-0700 100% lánmöguleiki



TOYOTA Corolla l/b terra. Árgerð 1998, ekinn 222 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 450.000. Rnr.103809.Bílabankinn 588-0700 100% lán visa/eða euro



FORD F150 supercrew. Árgerð 2004, ekinn 122 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.680.000. Rnr.106630.Bílabankinn 588-0700 100% lánamöguleiki

588-0700 Bílabankinn.is



MAZDA 3. Árgerð 2004, ekinn 189 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.107463.Bílabankinn-588-0700 100% lán



TOYOTA Avensis s/d terra. Árgerð 2001, ekinn 205 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.106047 Bílabankinn 588-0700 100% lán visa/ eða euro



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr. Árgerð 2008, ekinn 158 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.350.00.- Tilboð 3.990.000. Rnr.105760.Bílabankinn 588-0700 Góð Lánakjör

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



**TILBOÐ 1.490.000.-**
LEXUS RX300.Árg. 2001,ek. aðeins 134.þ km,sjálfskiptur,leður,snertiskjár ofl,lítur rosalega vel út,er á staðnum. Rnr.103285. S:562-1717.



**TILBOÐ 990.000.-**
SUBARU JUSTY S.Árgerð 2008,ekinn 129 Þ.km,bensín,5 gírar,er á staðnum,100 % LÁN MÖGULEGT. Rnr.104045. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



BMW 730d f01. Árgerð 2011, ekinn 64 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 14.490.000. Rnr.411329.



AUDI A7 tdi quattro s-line. Árgerð 2012, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 14.590.000. Rnr.411539.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed ed ex 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.990586.



MERCEDES BENZ Ml 350. Árgerð 2005, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.160715.



FORD Focus c-max. Árgerð 2006, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.111093. Tilboð kr: 990.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



KIA Picanto Árgerð 2012. Ekinn 71þ. km, beinskiptur. 6 ár eftir af ábyrgð! 80% lán mögulegt. Verð 1.390.000kr. Raðnúmer 133702. Sjá nánar á www. stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

GE BÍLAR



M.BENZ S280. Árgerð 1994, ekinn 174 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000.ath skipti á ódýrari Rnr.760193. uppl í síma 776-7600



MMC Pajero did 33". Árgerð 2001, ekinn 280 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.580.000. ath skipti á ódýrari Rnr.210160. upplí síma 776-7600

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

BÍLALIND.is



SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4. Árgerð 2012, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.400192.



SKODA Octavia Ambiente. Árgerð 2006, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.400188.



NISSAN X-Trail le Disel. Árgerð 2008, ekinn 126 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.410534.



Nýr bíll með 5 ára ábyrgð. HYUNDAI I 10. Árgerð 2013, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.400189.



AUDI A4 Avant STW . Árgerð 2007, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur Verð 2.790.000. Rnr.400191.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**

iBíll.is
Netbílasala



Volvo V40 1,8 16 ventla station. Nýskr. 3/1999, ekinn 224 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr.112547.

**iBill.is, Netbílasala**
**Smiðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur**
**Sími: 578 8181**
**www.ibill.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



M.BENZ A 180. Árgerð 2005, ekinn 136 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.790.000. ný sprautaður( ábyrgðarviðgerð ) mikið yfirfarinn bíll Rnr.110806.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



NISSAN X-trail. Árgerð 2008, ekinn 83 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.119279.



SAAB 9-3. Árgerð 2006, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, Verð 1.450.000. 1 eigandi Rnr.112389.



FORD Kuga trend diesel. Árgerð 2011, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.112392.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is



MMC Pajero Sport GLS 3000. Árg.11/2003, ek. 92 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Krókur, Lítið keyrður og flottur bíll í góðu standi, Ásett verð 1.280.000. Rnr.112323. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**




**Breiðan ehf**
**821-6292**



Kia 2500 vinnuflokkabíll árgerð 2005, 6 manna, diesel, pallur, ekinn 90þús. km., sk.'14, 100% lánað, verð kr. 1.150.000,- gsm 821-6292.



M Bens Sprinter pallbíll árgerð 1997, diesel, ekinn aðeins 160 þús.km., vsk-bíll, sk.'14, 100% lánað, verð kr. 1.250.000,- gsm 821-6292.



VW Transporter árgerð 2006, bensín, langur með gluggum, ekinn 120 þús. km., ný dekk og tímareim, vsk-bíll, sk.'14, 100% lánað, verð kr. 1.860.000,- gsm 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



**SKIPTI Á DÝRARI**
Til sölu Nissan x-trail SE 4x4 2006 ek. 96 þús. ss, lúga, krókur, 17''álfelgur. Skipti óskast á 2012-2013 Corollu eða Yaris. Uppls. 6902160.




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.

Til sölu Ford Explorer ,96, 6 cyl. Sjálfssk., krókur, sk. ,14. V. 300 þús. S. 896 8568.

## 0-250 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUKUR - 250 ÞÚS**
RENAULT TWINGO 1,2 árg.' 2000 ek.155 þús., ssk, eyðir mjög litlu og er ný kominn úr skoðun án athugasemda verð 250 þús. möguleiki á 100% vis/euro s.841 8955.

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR STATION Á GÓÐU TILBOÐ**
FORD MONDEO 2.0 WAGON 2003 ek.148 þús., ssk, heilsársdekk, sk.14 mjög rúmgóður og þægilegur bíll sem lytur vel út, ásett verð 950 TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á allt að 100% visa/euro láni s.841 8955.



**GÓÐUR JEPPLINGUR - TILBOÐ 650 ÞÚS**
Hyundai Santa Fe 4x4 árg. ,01 ek. 169 þús. sjálfskiptur, sk. ,14, ný vetrardekk, gott eintak sem lýtur mjög vel út ásett verð 850 þús, TILBOÐSVERÐ 650 ÞÚS. möguleiki á 100% lán vis/euro s.841 8955.

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast viðgerðar. Allt kemur til greina, ekki eldri en árg. ,99. s.893 5517

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

**568 5000**
**NS**
**NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól



Fjórhjól CF Moto árg 2010 götuskráð 625 cub ek. 990 km topphjól. Verð 985þús. gsm 8682352

## Hjólbarðar

**TIL SÖLU 4 NAGLADEKK - EINS OG NÝ !**
215/65/r16 Keyrð í 4 mán, út á landi, sér ekki á þeim. Verð 60þús Uppl. í s. 693 3358 eða hlxnur@hotmail.com




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## Viðgerðir

**BÍLFIX**
Bílaviðgerðir á betra verði. Bílfix Smiðjuvegi 26, rauð gata. S. 778 3911.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




## Bókhald

**BÓKHALD OG SKATTFRAMTÖL**
Fyrir einstaklinga, einyrkja og félög. Áralöng reynsla. Dignus ehf - dignus. is - s: 699-5023.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**HIMNAMÁLUN**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Nudd

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, sófi, og fleira. S: 896 8568.



## Ný vara



### Spjaldtölvustandur

- Heldur spjaldtölvunni í réttri stöðu
- Fjölmargir stillimöguleikar
- Minnkar álag á háls, herðum og hrygg við lestur
- Hámarkshæð: 135 cm og Hámarkslengd: 38 cm

**Bjóðum einnig bókahaldara á standinn**

*Vinsælustu standarnir í Bandaríkjunum*

**Verð 29.750 kr.**



Spjaldtölvuarmur – **Verð 19.750 kr.**

# HEILSUEFLING OG AUKIN LÍFSGÆÐI

Eirberg

*Eirberg ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd.*



### SitFit Loftsessa

- Bætir setstöðu
- Styrkir bakvöðva
- Léttir álagi af hryggnum

**Verð: 5.980 kr.**







### Swopper vinnustóllinn

- Fylgir hreyfingum líkamans
- Styrkir bak og kviðvöðva
- Margviðurkenndur stóll

*Hentar sérstaklega vel fólki með bakvandamál*

**Verð: 118.700 kr.**



### Muvman fyrir breytilega hæð

- Betri vinnuaðstaða
- Sveigjanleiki
- Dýpri öndun
- Aukin afköst
- Einstakur stóll

*Í eldhúsið og við vinnuborðið*

**Verð 78.500 kr.**

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Opið virka daga kl. 9 -18 og laugardaga kl. 11 - 15 • Opið alla daga í desember • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Fjörutíu prósent stærri en 2003

***Lagabreytingar í umhverfi hlutafélaga síðasta áratug endurspeglast í nýrri útgáfu Hlutafélagaréttar Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors. Tekið er til aukinnar minnihlutaverndar, meira gagnsæis og reglna um kynjahlutföll. Þá er rakin refsiábyrgð og í glænýjum hluta bókarinnar fjallað um fjármálafyrirtæki og hlutabréfamarkaði.***

**VIÐSKIPTARIT**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Nýútkominn Hlutafélagaréttur Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors í endurskoðaðri útgáfu er um 40 prósentum viðameira rit en við síðustu endurskoðun árið 2003. Stefán segir nú horft til margvíslegra breytinga sem gerðar hafi verið á lögum, sér í lagi eftir hrun, auk þess sem bætt hefur verið við sérstökum kafla um fjármálafyrirtæki og verðbréfamarkaði. „Þessi stækkun er nokkuð rosaleg miðað við það sem var fyrir tíu árum síðan," segir Stefán Már.

Breytingarnar á lagaumhverfinu séu talsverðar frá 2003, ekki síst aukin minnihlutavernd í félögum og reglur til þess að tryggja ákveðið gegnsæi. „Það verður að liggja fyrir hverjir séu eigendur hlutafélaga og hægt að rekja sig frá dótturfélögum til móðurfélaga," bætir hann við. Þetta skipti til dæmis máli þegar komi að bótaábyrgð. Síðan hafi líka orðið ýmsar breytingar aðrar, svo sem breyttar reglur um kynjahlutföll í stjórnum félaga.




### STÚDENTUM MÁ ALLT BJÓÐA

Bókina segir Stefán Már hins vegar fyrst og fremst vera uppflettirit, auk þess að hún sé notuð í kennslu. „Þetta er mikið notað í lögfræðipraxís og hjá dómstólum. Það er aðalmarkaðurinn," segir hann. „Náttúrulega eru það svo fyrst og fremst stúdentar sem verða að lesa þetta frá síðu til síðu. Það er hægt að bjóða þeim allt," segir hann og hlær við.

Í bókinni segir Stefán Már farið yfir öll atriði hlutafélaga- og einkahlutafélagaréttar sem máli skipti, en bókinni er skipt upp í kafla þar sem farið er yfir hvert svið fyrir sig. „Til dæmis er gríðarlega mikilvægur kaflinn um breytingu á hlutafé, eiginhluti og sjóði. Fyrir kemur að menn læðist í sjóði og borgi sér en það er náttúrulega harðbannað." Stefán segir ekki alla gera sér grein fyrir því að hlutafé, sem einu sinni hafi verið lagt inn í félag, megi ekki taka út aftur. „Og það jafnvel þótt þú eigir félagið að fullu. En freistingin er náttúrulega mikil." Leiðin til að greiða sér fé út úr hlutafélagi sé með arðgreiðslum, en þá þurfi líka að fara að tilsettum reglum í þeim efnum. Sömuleiðis megi í þessum hluta lesa sér til um hverjir megi taka lán hjá hlutafélagi, en það mega almennir hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og tilteknir tengdir aðilar alla jafna ekki gera.

Þá hefur kaflinn um skaðabætur og bótaábyrgð samkvæmt reglum um skuggastjórnun verið endurritaður frá grunni. „Við reynum að fara ofan í þetta á grundvelli dóma." Kaflinn segir Stefán Már hins vegar að sé gríðarlega áhugaverður því lagt sé upp með þá grundvallarhugmynd að skaðabótaábyrgð sé engin, hlutafélagið standi sjálfstætt.



**Í LÖGBERGI** Stefán Már Stefánsson hefur kennt og stundað rannsóknir við Háskóla Íslands frá því hann var þar skipaður prófessor við lagadeild árið 1979. Ný bók hans, „Hlutafélagaréttur", tekur til verulegra breytinga sem orðið hafa á hlutafélagalöggjöfinni á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### SKATTURINN ER STÍFARI

„En svo koma til allar þessar undantekningar þegar menn sýna af sér vanrækslu eða mögulega lögbrot. Þá getur skaðabótaábyrgð stofnast." Eins sé mikilvægt að rekja raunábyrgð og hver stýri félagi í raun, svo sem í tilvikum móður- og dótturfélaga. „Ef tekst að sanna skuggastjórnun þá getur það leitt til bótaábyrgðar. Þú tekur þann sem raunverulega stjórnar."

Bókin tekur líka í meiri mæli en áður til skattamála. „Það er áhugavert hvernig menn hafa meðhöndlað skatta í tengslum við samruna félaga og sumt af því á gráu svæði." Þannig séu skattareglur um samruna mun stífari en félagaréttur.

Þá er í bókinni nýr kafli um samstæður og móður- og dótturfélög, en að síðustu er svo fjallað um fjármálafyrirtæki og verðbréfamarkaði. „Þetta efni er gríðarlega stórt í sjálfu sér þótt það sé kannski dálítið til hliðar við sjálfan hlutafélagaréttinn og tengist honum mjög sterkum böndum." Kaflinn gagnist því vel þeim sem vilji kynna sér á fljótlegan máta þessi fræði.

# Skaut sitt fyrsta hreindýr í haust

***Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, er menntaður viðskiptafræðingur og hefur alltaf verið heilluð af þeim geira. Hún hefur mikla starfsreynslu innan olíubransans en hennar aðaláhugamál er skógrækt.***

**SVIPMYND**
**Samúel Karl Ólason** | samuel@frettabladid.is

Margrét Guðmundsdóttir hefur verið forstjóri Icepharma í átta ár og er stjórnarformaður N1. Fyrirtækið Icepharma flytur inn lyf og vörur fyrir heilbrigðiskerfið. „Við erum einnig umboðsaðili Nike á Íslandi og við teljum okkur vera lýðheilsufyrirtæki," segir Margrét.

Hún er viðskiptafræðingur og er gift Lúðvíg Lárussyni sálfræðingi og saman eiga þau tvö börn; eina dóttur, sem einnig er viðskiptafræðingur og son, sem er verkfræðingur og býr í Kaupmannahöfn. Hún á einnig eitt lítið barnabarn. Í fjölskyldu hennar eru margir viðskiptafræðimenntaðir. „Dóttir mín er viðskiptafræðingur og bæði tengdabörnin eru viðskiptafræðingar. Sonurinn er verkfræðingur svo það bætir þetta aðeins. Eiginmaðurinn er svo sálfræðingur og hann hjálpar okkur öllum í gegnum þetta," segir Margrét hlæjandi. Spurð hvort viðskiptafræðin hafi alltaf heillað segir hún: „Faðir minn rak fyrirtæki. Ég fór í Versló og svo beint þaðan í viðskiptafræðina hérna heima. Það var aldrei nein spurning hjá mér og mér fannst alveg ótrúlega heillandi að vera innan þessa geira."

Stærsta áhugamál Margrétar er skógrækt. „Ég er skógarbóndi og rækta skóg vestur á Snæfellsnesi. Nánar tiltekið á Skógarströnd. Þetta er stór jörð og þar er fjölskyldan í þessari ræktun." Hún braut svo blað í eigin sögu og fór á hreindýraveiðar í haust. „Þannig að ég er búin að ná mínu fyrsta hreindýri og það fannst mér mikið afrek."




**STÝRIR ICEPHARMA** Margrét Guðmundsdóttir segir að viðskiptafræðin hafi alltaf hafa heillað hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét hefur mikla reynslu af olíubransanum og vann í honum í fimmtán ár. „Ég var búin að vinna í olíubransanum í fimmtán ár eftir að ég tók mastersgráðuna í Kaupmannahöfn. Ég var framkvæmdastjóri hjá Q8 í Kaupmannahöfn í níu ár og var síðan framkvæmdastjóri hjá Skeljungi í níu ár. Það skýrir hvers vegna ég er stjórnarformaður N1. Ég ætlaði aldrei að fara inn á þessa braut, en þetta er búið að vera ótrúlega spennandi og það er mjög gaman að koma til baka sem stjórnarformaður N1," segir Margrét.

Margrét hefur tekið þátt í samráðsvettvangi fyrir framtíð Íslands, sem upp kom í kjölfar McKinsey-skýrslunnar um íslenskt atvinnulíf og hvað þyrfti að gera til að auka samkeppnishæfi Íslands. Hún var formaður Félags atvinnurekenda í fjögur ár og er búin að vera forseti Evrópusamtaka dreifingarfyrirtækja hjúkrunarvara og tækja í tvö ár og er enn í stjórn þeirra samtaka.

## TRAUST OG GÓÐ



**ALMAR GUÐMUNDSSON,** framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Margrét er afskaplega traust og þægileg í samstarfi. Hún er mjög hlý manneskja og á sérlega auðvelt með að skapa jákvætt, skemmtilegt og þægilegt andrúmsloft í kringum sig. Hún er árangursdrifin og veit hvert hún vill fara. Hún treystir samstarfsfólki sínu vel og leggur mikið upp úr sjálfstæði og frumkvæði."



**HANNA KATRÍN FRIÐRIKSSON** framkvæmdastjóri Icepharma

„Margrét er farsæll stjórnandi. Hún býr yfir mikilli færni í mannlegum samskiptum og leggur áherslu á að láta samstarfsfólk sitt njóta sín. Hún er óhrædd við breytingar og leggur mikla áherslu á að setja stefnuna og hvetja fólk til dáða. Ef ég ætti að lýsa Margréti með bara einu orði, myndi ég segja að hún væri skemmtileg. Utan viðskiptalífsins á Margrét sér skemmtilega hressandi áhugamál sem lýsa karakternum vel. Hún er skógræktarbóndi og býflugnaræktandi og veiddi fyrsta hreindýrið sitt í haust. Ég þori ekki að veðja á hvað kemur næst, mögulega munstrar hún sig á hvalveiðibát fyrir næsta tímabil."

# FRÁBÆRT VERÐ Á 39"

# FINLUX




**Finlux 39FLHY189BV**

## 89.990

FRÁBÆRT VERÐ

**Vandað 39" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVB-T2 móttakara.**

**Háskerpu upplausn**
Tækið er með vönduðum örþunnum LCD skjá með 1920x1080 punkta háskerpu upplausn og Comb filter, Digital noise reduction og Progressive scan sem tryggir skarpa og góða mynd.

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og tveim USB tengjum, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**CI kortarauf**
Tækið er með CI kortararauf sem gerir fólki sem er með stafrænan loftnets-móttakara frá Vodafone kleift að skila inn gamla móttakaranum og fá CAM (CA) millistykki í staðinn sem svo gengur inn í tækið. Fækkar snúrum og fjarstýringum.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimögu-leikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, Heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

HDMI HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE · USB · DVB T2 · FULL HD 1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

FINLUX

Hin hliðin



VALA VALTÝSDÓTTIR

# Skattlagning skulda gjaldþrota aðila

Nú nýverið var lagt fram fyrsta fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar ásamt lagafrumvörpum til breytingar. Tillögur um skattalagabreytingar eru fáar fyrir utan eina breytingu er varðar álagningu svokallaðs „bankaskatts“ (lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki – lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja).

Í fyrsta lagi hækkar skattprósentan úr 0,041% í 0,145%. Í öðru lagi verða fjármálafyrirtæki í slitameðferð (föllnu bankarnir) skattskyld og í þriðja lagi munu skattkröfur á grundvelli laganna njóta forgangs við gjaldþrotaskipti. Breytingunni er ætlað að auka tekjur ríkissjóðs um 14,3 milljarða króna en föllnu bankarnir munu bera 11,3 milljarða króna af þeirri fjárhæð.

Þær fyrirætlanir, að leggja umræddan skatt á föllnu bankana, eru sérkennilegar, að minnsta kosti ef litið er til annars tveggja markmiða upphaflegu laganna, en það er að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja og kerfisáhættu sem fylgir fjármálafyrirtækjum. Ekki verður séð að starfsemi föllnu bankanna sé áhættusækin. Starfsemin, ef starfsemi skyldi kalla, felst í því að fá sem mest úr eignum föllnu bankanna til að geta greitt kröfuhöfum sem mest upp í þeirra kröfur. Í öllum tilvikum hafa þessir föllnu bankar annaðhvort ekki lengur starfsleyfi eða þá takmarkað starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki. Þá er samkvæmt frumvarpinu í raun einungis um að ræða þrjá aðila sem breytingin varðar.

## Óhæft andlag skattlagningar

Skattstofninn eru heildarskuldir í lok tekjuárs en í tilviki föllnu bankanna verður skattstofninn óljós, þar sem ekki er útséð hvernig fara beri með umdeildar kröfur á þessi fjármálafyrirtæki. Til viðbótar er þegar ljóst að eignir föllnu bankanna duga einungis fyrir hluta af heildarskuldum þeirra. Þannig verður ekki betur séð en skattandlagið sé ekki til staðar nema að hluta til. Einnig er óljóst hvort föllnu bankarnir geti í raun talist vera fjármálafyrirtæki.

Í bráðabirgðaákvæði er einnig lagt til að skattkrafan njóti stöðu forgangskröfu við gjaldþrotaskipti. Þetta er einnig sérstakt þar sem í öllum öðrum tilvikum njóta skattkröfur ekki betri stöðu við gjaldþrotaskipti en almennar kröfur.

## Réttlæting skattsins

Undanfarin misseri hefur mörgum verið tíðrætt um hvernig eigi að ná peningum af þessum vogunarsjóðum sem keypt hafa kröfur á hina föllnu banka. Þessi málflutningur hefur farið vel í almenning enda vogunarsjóðir einhverjir græðgispúkar í útlöndum og allt í lagi að skattleggja þá og „fá eitthvað út úr þeim“.

Það er mitt mat að það kunni ekki góðri lukku að stýra þegar skattlagning beinist að örfáum aðilum, skattstofninn er óljós og farnar eru aðrar leiðir um forgang skattkröfu en ella. Hér má ekki heldur gleyma því að slík lagasetning gæti brotið í bága við stjórnarskrá og því rétt að fara varlega.

Loksins færðu stuðning í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN SAMEINAR FALLEG FORM OG HÁMARKSÞÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

Tilboðsverð:
138.800kr*
Fullt verð: 198.500kr



* til afgreiðslu í viku 49

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe

SAFT

# KEYPT & SELT

## Til sölu












**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Ýmislegt



Sýnishorn til sölu: Garðskáli á brautum, 3x4m, 12m2, með 30% afslætti. Jón Bergsson ehf, Kletthálsi 15, S: 5888886, www.JonBergsson.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

105 Rvk, 2. herb. íbúð í glæsilegu fjölbýlishúsi.Húsvörður, 150 þús. á mán. Fyrirframgreiðsla. S. 8925245.

70 fm. íbúð til leigu í lyftuhúsi. Geymsla og bílskýli. Uppl. í síma 6945802.

## Húsnæði óskast

**HAFNARFJÖRÐUR**
Hjón með 3 börn óska eftir 5 herbergja íbúð eða húsi í Hafnarfirði sem fyrst, helst á Völlunum. Skilvísar greiðslur, reglusemi og reyklaus.
**Nánari uppl. í síma 892 6808**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 90-180 fermetra iðnaðarhúsnæði við Suðurhellu í Hafnarfirði. Bílalyfta getur fylgt. Uppl. 8224200

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLUHÚS.IS**
Hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar, upph. húsnæði. Uppl. í síma 770-5144.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 7767400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## fasteignir

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



**TIL LEIGU**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík**
668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. Loftræstibúnaður er til staðar. Á gólfum eru flísar og dúkar. Laust strax!

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**s. 777 2 333**

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Reykjavík
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Frá 1957
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Fagleg og vönduð vinnubrögð**

Ég , Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, sem er með 8 ára starfsreynslu af fasteignasölu, hef hafið störf hjá Eignamiðlun fasteignasölu og býð viðskiptavini í kaup og söluhugleiðingum velkomna að hafa samband



Kveðja,
Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
sölumaður
sími. 864-5464

## tilkynningar

**Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020: Axarvegur og Hringvegur um Berufjarðarbotn**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 17. október 2013 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan tekur til breyttrar legu Axarvegar (veglínu G) milli Háubrekku og Reiðeyrar, breyttrar legu Hringvegar um Berufjarðarbotn milli stöðva 21070 og 17200, og staðsetningar níu nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu mun liggja frammi til kynningar í skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík frá 6. nóvember til 18. desember 2013. Einnig mun tillagan vera aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: **www.djupivogur.is** undir liðnum Aðalskipulag.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps **Bakka 1, 765 Djúpavogi** eða á netfangið **sveitarstjori@djupivogur.is**, eigi síðar en **18. desember 2013.** Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

*Sveitarstjóri Djúpavogshrepps*



2 | KL. 20:25 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:05
HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum.



2 | KL. 21:00
GREY'S ANATOMY

Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloane Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
MILK

Sean Penn hlaut Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í þessari áhrifamiklu mynd.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni..



3 | KL. 19:50
THE CARRIE DIARIES

Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.



3 | KL. 20:30
ARROW

Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | 7 | 3 | 5 | | 1 |
| | | | | 8 | | 3 | | 9 |
| 2 | 4 | | | | 5 | | | 8 |
| 6 | 2 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | 8 | | | 4 | 9 | |
| | 3 | 9 | 7 | | | 6 | | |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | | | | |
| | 9 | | | 6 | | 2 | | 5 |
| | | | | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 7 | 6 | | 5 | | | |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| | | 6 | | 9 | | | 1 | |
| 3 | 1 | 5 | | | | 9 | 7 | |
| | | | | 5 | | 8 | 3 | |
| 6 | 7 | | | | 4 | 5 | | |
| 5 | | 3 | | | | | | 9 |
| | | | | 6 | | 3 | | 2 |
| | 4 | | 5 | 1 | | | 8 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | | 9 | | | | | |
| | | 5 | | | 6 | | | 3 |
| | 6 | 7 | | | | 9 | | 4 |
| | | 6 | 2 | | 9 | | 4 | |
| 4 | | 2 | 8 | 7 | | | | |
| | | | | | 1 | | 2 | |
| | | | 6 | | | | | 1 |
| | | | | | 4 | | | 9 |
| 8 | | | 7 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 8 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 2 | 5 | 7 |
| 1 | 4 | 8 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 9 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 3 | 5 | 9 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 9 | 7 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 3 | 8 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 3 | 2 | 1 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 |
| 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 8 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 1 |
| 8 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Greind, sem þekkir sín takmörk, er snilligáfa.“**

*- Albert Camus*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** berjast, **6.** í röð, **8.** vefnaðarvara, **9.** kvk nafn, **11.** tveir eins, **12.** næðuð, **14.** öskra, **16.** rás, **17.** útdeildi, **18.** fálm, **20.** átt, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**

**1.** kássa, **3.** tveir eins, **4.** eldsneyti, **5.** for, **7.** glaður, **10.** angra, **13.** sarg, **15.** mjög, **16.** þjálfa, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** aá, **8.** tau, **9.** una, **11.** rr, **12.** kæmuð, **14.** garga, **16.** æð, **17.** gaf, **18.** fum, **20.** sa, **21.** arma. **LÓÐRÉTT: 1.** mauk, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** ánægður, **10.** ama, **13.** urg, **15.** afar, **16.** æfa, **19.** mm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Halldór Garðarsson (1898) hafði hvítt gegn Ulrich Schmidhauser (1426) í fyrstu umferð Vetrarmóts öðlinga.**

**Hvítur á leik**



**15. Rxg6! fxg6 16. Bxg6! hxg6 17. Dxg6+ Kh8 18. He5 Hf5 19. Bh6 Bf8 20. Hxf5 exf5 21. Bxf8 d6 22. He1 De7 23. Bg7+!** Svartur gafst upp enda óverjandi mát.

**www.skak.is.** Önnur umferð Vetrarmóts öðlinga fer fram í kvöld.

# Útgáfuhátíð
## í Borgarleikhúsinu

Við fögnum útkomu *Tímakistunnar* í kvöld kl. 20

Fjölbreytt dagskrá, tónlist og uppákomur

Ókeypis aðgangur – allir velkomnir!




FYRIR NÚVERANDI OG FYRRVERANDI BÖRN

## Bók sem beðið hefur verið eftir!

*Tímakistan* er margslungið ævintýri fyrir alla fjölskylduna eftir metsöluhöfundinn Andra Snæ Magnason.

MÁL OG MENNING
*www.forlagid.is*



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Ræða hlutverk lista og fagna myrkri

**Ráðstefna háskóla á norðurheimskautssvæðinu verður í Norræna húsinu á morgun og föstudag. Þar verður einnig opnuð myndlistarsýning og framinn eldgjörningur á Ægisíðu.**

Tenging norður nefnist alþjóðleg ráðstefna um listir, listkennslu og sjálfbærni sem haldin verður í Norræna húsinu á fimmtudag og föstudag. Í tengslum við ráðstefnuna verður opnuð myndlistarsýning þar sem 27 listamenn frá norðlægum slóðum sýna verk sem tengjast á einhvern hátt inntaki ráðstefnunnar. Rúsínan í pylsuendanum verður svo blysför sem farin verður niður á Ægisíðu klukkan 17.30 á föstudag en þar verður kveikt á eldskúlptúrum að hætti íbúa Lapplands til að fagna myrkrinu.

Ráðstefnan er skipulögð af Listaháskóla Íslands og Háskóla Lapplands í Rovaniemi í tengslum við samstarfsnetið Arctic Sustainable Arts and Design (ASAD) sem er hluti af Norðurheimskautsháskólanum. Flutt verða átján erindi um málefni sem tengjast listum, listkennslu og sjálfbærni á norðurheimskautssvæðinu. Leitað verður svara við spurningum um hvort listir henti til að vekja athygli á þeim áskorunum er blasa við íbúum á norðurslóð í dag og hvert hlutverk lista geti verið í því að skrásetja áríðandi málefni íbúanna. Að sögn Ásthildar Bjargar Jónsdóttur, lektors í listkennsludeild Listaháskólans, eru framsögumennirnir fræðimenn og listamenn frá öllum þátttökulöndunum og hún segist eiga von á fróðlegum og líflegum umræðum.

Fyrir gjörningnum á Ægisíðu standa tvær finnskar listakonur, Hilkka Kempii og Suvi Autio, sem undanfarið hafa verið með námskeið á vegum listkennsludeildar Listaháskólans í því að búa til slíka eldskúlptúra með ævagamalli aðferð frá Lapplandi, en þar er aldagömul hefð fyrir því að fagna vetrinum og myrkrinu með þessum hætti. Börn frá Hjallastefnuleikskólum og nemendur úr Fjölbrautaskóla Garðabæjar taka þátt í gjörningnum og nemendur Borgarholtsskóla festa hann á filmu.

Nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku í ráðstefnunni á netfangið astajons@lhi.is en myndlistarsýningin og gjörningurinn á Ægisíðunni eru að sjálfsögðu öllum opin. - fsb



**TENGING NORÐUR** Á sýningunni eru verk eftir 27 listamenn frá norðlægum slóðum. Hún verður opin til 24. nóvember.



**JÓHANNA OG JÓNÍNA** „Þótt margt sé átakanlegt í þessari sögu er líka margt sem gleður.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Einstök ástarsaga

BÆKUR ★★★★☆

**Við Jóhanna**

JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR

MÁL OG MENNING

Æviminningar maka stjórnmálamanna og annarra þeirra sem eru áberandi í samfélaginu eru ekki nýtt fyrirbæri á íslenskum bókamarkaði, það er meira að segja ekki langt síðan gefinn var út heill bókaflokkur með viðtölum við eiginkonur áberandi karla – Betri helmingurinn. Saga þeirra Jónínu Leósdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur sem Jónína segir í nýrri bók sinni, Við Jóhanna, er vissulega angi af sama meiði. En samt er hún, af mörgum ástæðum, svo gerólík öllum sögum sem hafa verið sagðar áður af einkalífi íslenskra stjórnmálamanna.

Saga Jónínu og Jóhönnu er líka óvenjuleg sem saga af tveimur samkynhneigðum konum og leið þeirra úr felum. Þegar þær kynnast eru þær báðar giftar og virðast ekki gera sér neina grein fyrir kynhneigð sinni fyrr en þær verða ástfangnar hvor af annarri. Aðdragandinn er enginn og tilfinningarnar koma að minnsta kosti Jónínu, sem segir söguna, algerlega á óvart. Hún þarf þess vegna ekki bara að glíma við fordóma annarra heldur einnig sína eigin.

Við Jóhanna er fyrst og fremst ástarsaga og þótt hún sé líka merkileg heimild um hugarfar og fordóma í íslensku samfélagi síðustu þrjá áratugi, og að minnsta kosti að einhverju leyti saga stjórnmálamannsins Jóhönnu Sigurðardóttur, þá stendur ástarsagan upp úr. Sagan endar vel eins og öllum ætti að vera ljóst, en leið þeirra frá því að vera í laumulegu sambandi sem fáir vissu um til þess að vera hjón fyrir augliti heimsins er allt annað en auðveld og Jónína lýsir bæði gleðinni og sársaukanum sem það hefur valdið á einlægan hátt. Bók Jónínu er vel skrifuð, á köflum beinlínis spennandi, en líka hispurslaus bæði þegar lýst er gleði og sorgum, sigrum og eftirsjá.




Síðasti kaflinn í sögu þeirra Jóhönnu og Jónínu er einstakur, ekki bara í íslensku samhengi heldur alþjóðlega. Aldrei áður í mannkynssögunni hefur leiðtogi vestræns ríkis komið fram opinberlega með maka af sama kyni sér við hlið. Samt er það svo að sagan fjarar svolítið út í lokin þegar sigur er unninn í baráttu þeirra Jóhönnu og Jónínu, ást þeirra orðin opinber og þær komnar í lögglilt hjónaband.

Margt situr eftir í huga manns eftir lestur sögunnar. Á þeim þrjátíu árum sem eru liðin síðan þær kynntust hafa orðið alger umskipti á bæði réttindamálum samkynhneigðra og viðhorfum Íslendinga í þeirra garð. Það er holl áminning um það hversu hratt tíminn getur liðið, hvað söguleg umskipti geta orðið algert á ekki lengri tíma. Þótt margt sé átakanlegt í þessari sögu er líka margt sem gleður, ekki bara það að þær Jóhanna og Jónína hafi náð í höfn hjónabandsins. Eitt af því sem hlýtur að vekja athygli og gera mann pínulítið glaðan er hversu lengi þær Jónína og Jóhanna fengu að vera í friði með einkalíf sitt að eigin ósk. Eins og Jónína rekur í bókinni voru þegar komnar á kreik sögur um samband þeirra skömmu eftir að það hófst. Engu að síður virðast íslenskir æsifréttamenn og slúðurblaðamenn hafa setið á sér lengst af. Það er engan veginn sjálfgefið.

Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Eftirminnileg og einstök ástarsaga sem varpar ljósi á umbrotatíma í íslenskri samtímasögu.

# Pálmi er á leiðinni

BÆKUR ★★★☆☆

**Gengið með fiskum**

PÁLMI GUNNARSSON

UPPHEIMAR

Pálmi Gunnarsson, sá ástsæli söngvari og bassaleikari, hefur sent frá sér fallega bók sem hann helgar ástríðu sinni sem eru stangveiðar. Frá blautu barnsbeini hefur Pálmi verið forfallinn veiðimaður og rauði þráðurinn í bókinni er þroski hans í þá átt að leggja allt upp úr fagurfræðinni við veiðina.

Þeir karlar í settinu hjá Agli Helgasyni í Kiljunni, Sigurður G. og Þorgeir Tryggvason, fjölluðu um bókina og hittu á ljómandi góða samlíkingu: Pálmi er orðinn eins og japanskur tesiðameistari sem þarf ekki lengur te í bollann sinn; seremóníurnar hafa tekið yfir, andinn yfir efninu eða hvernig sem menn vilja stilla þessu upp. Við þurrfluguveiðar sverfur Pálmi oddinn stundum af önglinum og ánægjan felst í því að sjá hvort tekst að egna fyrir urriðann. Aukaatriði er að krækja í fiskinn, hvað þá að draga hann að landi enda sleppir Pálmi megninu af því sem hann veiðir.

Og þetta er fagnaðarerindið sem Pálmi boðar. Veiða og sleppa. Fyrir því færir hann rök og telur nauðsynlegt að veiðimenn tileinki sér það til verndar minnkandi stofnum laxfisks í íslenskum ám og vötnum. Við sögu koma gamlir magnveiðimenn sem hafa kristnast í þá átt.

Gengið með fiskum er fyrsta bókin sem Pálmi sendir frá sér og þó Pálmi sé kominn til vits og ára er engu að síður eftirtektarvert hversu ljómandi vel bókin er stíluð. Hún er þakklát viðbót í ört vaxandi bókaflokk sem eru veiðibækur og veiðisögur. Bókin er einkum ætluð veiðimönnum; ekki er víst að aðrir en þeir sem þekkingu hafa á viðfangsefninu hafi til að bera þá þolinmæði sem þarf til að liggja yfir þeim lygna hyl sem bókin er, þó stundum gári. Og þar komum við að vanköntum bókarinnar.




Pálmi hefur í gegnum árin fengist við pistlaskrif um stangveiðar og bókin ber þess merki. Svolítið eins og höfundur vilji nýta sér það efni sem hann á í bók. Hver kafli er örstuttur, sem um pistil sé að ræða. Hvort sem sú er ástæðan eða ekki þá hættir bókinni til reynast endurtekningarsöm. Sem myndi undir flestum kringumstæðum teljast dauðasök í bók en kannski ekki þegar um er að ræða frásagnir af fiskum sem er sleppt og þeir kannski veiddir aftur. Þá er eins og sá boðskapur sem er undirliggjandi ali á endurtekningarsemi; tilbrigðum við sama stef. Bókin vill einnig reynast ósamstæð, stundum eru veiðifélagarnir nefndir með nafni, stundum ekki, og það truflar lesturinn. Þá er á stöku stað vísað til rokkstjörnulífs Pálma en einungis þó þannig að lesandann þyrstir í að fá meira um það að heyra og er Pálmi hér með hvattur til að skrifa þá sögu.

Mikilsverð eigind textagerðar er að höfundur skrifi sig til aukins skilnings á viðfangsefninu. Þegar best lætur dregur hann lesandann með sér í það ferðalag og textinn verður sprúðlandi og lifandi. Það að Pálmi sé orðinn þessi tesiðameistari stangveiðinnar felur í sér að orð virðast stundum óþörf. Svona eins og hjá Beckett en verk hans styttust og styttust eftir því sem á ferilinn leið. Auðvitað ekki leiðum að líkjast en Pálmi er að byrja, hann er á leiðinni.

Jakob Bjarnar Grétarsson

**NIÐURSTAÐA:** Merkilega vel stíluð veiðibók, skyldueign í bókaskáp hvers veiðimanns en brokkgeng.

# BÓK SEM SKIPTIR MÁLI




★★★★

„... [frásögn] uppfull af tvístringi og sársauka, en líka gleði, húmor og djúpum pælingum um skáld-skap og ævi höfundarins."
Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið

„Lykilverk á hennar ferli ... bráðfyndin líka ... Bók sem við mælum óhikað með."
Egill Helgason / Kiljan

„Þetta er afar tilfinningarík og sérlega persónuleg saga."
Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

„Ég komst við við lesturinn ... þetta er bók sem skiptir máli."
Sigurður Valgeirsson / Kiljan

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | 6, 8, 10:10 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5:50 | L |
| JURASSIC PARK 3D | 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILLIPS | 6, 10:40 | 14 |
| ABOUT TIME | 9 | 10 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8:30 - 10:10 | 16 |
| RUSH | KL. 6 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 11 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 - 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 8 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT | KL. 10:10 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| THOR 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 2 LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 3.20 | L |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |
| FRANCES HA | KL. 6 | L |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PHILOMENA | KL. 8 - 10 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 6 | 16 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |




**SJÖUNDI ILMURINN Í RÖÐINNI** Coven er nýjasti ilmurinn frá Andreu Maack, en hún hefur getið sér gott orð fyrir ilmvötn sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Nornaseyði frá Andreu Maack

„Þetta er eiginlega hálfgert nornaseyði,“ segir Andrea Maack, myndlistarkona og ilmhönnuður, um nýjan ilm sinn, COVEN, sem hún er að setja á markað um þessar mundir.

Ilmurinn er sá sjöundi í röðinni hjá Andreu, en hún selur framleiðslu sína um allan heim, allt frá Íslandi til Miðausturlanda. Ilmvötn Andreu eru frábrugðin öðrum að því leyti til að þau eru unnin út frá teikningum eftir hana sjálfa, en hún er myndlistarmaður að mennt.

Andrea býr og starfar um þessar mundir í Mílanó, þar sem höfuðstöðvar Andrea Maack Parfums eru til húsa. - ósk



**VINSÆL** Linda er konan á bak við Scintilla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

# Eins og teppi og Louis Vuitton

Linda Björg Árnadóttir sem heldur úti Scintilla, íslensku textílfyrirtæki, framleiðir vörur sínar hjá sama framleiðanda og Louis Vuitton.

„Þetta eru ullarteppi sem eru framleidd í Skotlandi hjá sama framleiðanda og framleiðir teppi og trefla fyrir Louis Vuitton,“ segir Linda Björg. „Við gerð og gæðum eru þetta eins teppi, með sama frágangi, en að sjálfsögðu á allt öðru verði,“ segir Linda Björg, létt í bragði.

Linda hefur mörg járn í eldinum. Hún hefur nýlokið við spalínu fyrir Bláa lónið sem inniheldur meðal annars ilmandi handklæði og undirbýr nú sýningu á sandblásnum speglum í Sparks á Klapparstíg. „Við erum enn á undirbúningsstigi – með söfnun í gangi á Karolina Fund fyrir speglunum. En það hefur gengið gríðarlega vel,“ segir Linda að lokum. - ósk

# Skömm er lykilatriði

**BAKÞANKAR**
Halla Þórlaug Óskarsdóttir



Stökkvi menn út úr brennandi húsi má svo sem færa rök fyrir því að það sé þeirra val. Að hrapa til dauða fremur en að brenna inni. Ég held samt að enginn mótmæli því að betur færi á að reyna að slökkva eldinn og bjarga þannig mannslífum. Jafnvel þótt einhverjum fyndist spennandi að ná mynd af fallinu.

**MENN** hafa fleygt því fram að vændi eigi heima á yfirborðinu því annars fari það í undirheimana. Að fólk hætti ekki að stunda vændi frekar en sjálfsfróun. Að þeir sem „geti ekki stundað kynlíf öðruvísi en að borga fyrir það“ muni halda því áfram, löglega eður ei.

**Í** fyrsta lagi á vændi ekkert skylt við kynlíf. Í öðru lagi er kynlíf ekki mannréttindi. Í þriðja lagi tel ég ólíklegt að vændiskaupendur geti ekki fundið aðrar leiðir til að stunda „kynlíf“. Áður en lengra er haldið vil ég minnast á að þótt vændi sé ekki bundið við vændiskonu og karlkyns kaupanda þá er meirihluti tilfella þannig. Það litar þennan pistil.

**SIÐFERÐISLEGA** röng eða vafasöm gjörð veldur skömm. Tökum klám sem dæmi. Klám er auðvelt að nálgast á Internetinu en er þó litið hornauga af samfélaginu. Ef það væri aftur á móti hluti af sjónvarpsdagskránni væri það normalíserað af samfélaginu og skömmin hyrfi smám saman. Það sama gildir um vændi. Enginn myndi stíga fram og viðurkenna vændiskaup. Ekki af því það er ólöglegt, heldur af því það er skammarlegt.

**EINSTAKLINGAR** eiga vissulega að ráða yfir líkama sínum. Fólk á hvorki að skammast sín fyrir líkama sinn né gera eitthvað skammarlegt til að þóknast öðrum. Vel að merkja, í vændi er skömmin ekki vændiskonunnar, heldur kaupandans. Ég held þó að engin sé stolt vændiskona.

**SKÖMM** er tilfinning sem þolendur kynferðisafbrota berjast við að losna undan. Ábyrgðinni er ítrekað komið á þolandann. Og það er nákvæmlega tilfellið hér, þegar konan sem stekkur út úr brennandi byggingu er gerð ábyrg og „val“ hennar tekið úr öllu samhengi.

**ÞAÐ** er lykilatriði að réttu aðilarnir skammist sín.

# Allt sem gat farið úrskeiðis fór úrskeiðis

## Fatahönnuðurinn Rakel Blomsterberg opnaði vefverslunina rakelblom.com í vikunni og tekur þátt í einni stærstu tískusýningu Evrópu í Mílanó.



**LITRÍKT OG ÓDÝRT** Rakel leggur áherslu á sanngjarna verðlagningu. MYND/EINKASAFN

„Fatalínan mín er byggð á útskriftarverkefninu mínu sem bar heitið The World Through My Eyes þar sem ég bjó til flíkur og textíl sem endurspegluðu heimsálfurnar. Ég valdi tvær heimsálfur, Suður- og Norður-Ameríku, og bjó til línu sem gekk upp fyrir almenna sölu,“ segir Rakel, sem útskrifaðist sem fatahönnuður í fyrra. Í kjölfarið vann hún hina virtu ID-hönnunarsamkeppni á Nýja-Sjálandi og tekur nú þátt í tískusýningunni Mittelmoda í Mílanó á Ítalíu.

„Mittelmoda er ein af stóru keppnunum í Evrópu. Þetta er keppni fyrir nýútskrifaða fatahönnuði þar sem við fáum tækifæri til að sýna útskriftarlínuna okkar. Alls komast 23 hönnuðir alls staðar að úr heiminum inn á þessa sýningu. Ég hef heyrt að margir keppendanna hafi fengið starf hjá hinum ýmsu tískuhúsum en ég er svo sem ekkert að búast við því að meika það. Vonandi hitti ég gott fólk sem getur hjálpað mér að fóta mig í þessum iðnaði og svo er þetta frábær skóli til að fá leiðbeiningar frá dómurum og öðrum sem taka þátt,“ segir Rakel.

Þessi upprennandi fatahönnuður opnaði vefverslunina sína á mánudag en hún rekur hana ásamt manni sínum Eiríki Ragnarssyni.

„Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar. Við erum búin að fá margar jákvæðar athugasemdir og fyrstu pantanirnar eru meira að segja farnar að laumast inn frá ýmsum stöðum í heiminum. Mig grunaði alls ekki að það myndi gerast á fyrstu dögunum,“ segir Rakel.

Fæðing línunnar var þyrnum stráð. „Allt sem mögulega gat farið úrskeiðis fór úrskeiðis. Langerfiðast var að panta og láta prenta efnið með minni hönnun. Það er vonlaust að finna hverjir eru á viðráðanlegu verði og loksins þegar ég fann nokkra var meira en helmingurinn af efninu gallaður eða ónýtur. Þetta endaði með því að síðasta efnið kom daginn fyrir myndatökuna og ég svaf ekki dúr þá nótt. Sem betur fer var ljósmyndarinn minn, Marella Steinsdóttir, alveg með þetta og bjargaði mér,“ segir Rakel. Hún hefur verið búsett í London í sex mánuði.

„Ég kann vel við mig en það tók langan tíma að venjast umhverfinu. Ég þekkti ekki marga og skildi hvorki upp né niður í því hvernig þessi iðnaður virkaði. Að vissu leyti þurfti ég að byrja á byrjuninni. Ég er búin að vera mjög heppin þar sem ég hef kynnst alveg frábæru fólki. Nú er nýr kafli hafinn og ég er strax farin að huga að næstu línu.“ liljakatrin@frettabladid.is



MYNDIR: MARELLA STEINSDÓTTIR

**HEIMSÁLFUHÖNNUN** Fallegt dress innblásið af Norður-Ameríku.
Fyrirsæta: **Curmiah Lisette**
Förðun: **Molly Turrell**



**SUÐRÆNT OG SEIÐANDI** Hér eru áhrif Suður-Ameríku ráðandi.
Fyrirsæta: **Curmiah Lisette**
Förðun: **Molly Turrell**




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is



**FISKARNIR HAFA ENGA FÆTUR** EFTIR **JÓN KALMAN STEFÁNSSON**

# STÓRBROTIN ÆTTARSAGA



*Fiskarnir hafa enga fætur* er tíunda skáldsaga Jóns Kalman. Hann hefur þrisvar sinnum verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2005. Bækur hans hafa verið þýddar og verðlaunaðar um alla Evrópu.




KOMIN Í VERSLANIR

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

NOW®

Gæði • Hreinleiki • Virkni

20% afsláttur

af öllum NOW bætiefnum
í Lyf & heilsu í nóvember.




QUALITY GMP ASSURED

NOW er breið lína hágæða fæðubótarefna sem er án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna.

Landsbyggðin: Glerártorg Akureyri, Hrísalundur Akureyri, Dalvík, Keflavík, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hella, Hvolsvöllur, Vestmannaeyjar

Höfuðborgarsvæðið: Kringlan, Austurver, JL-húsið, Domus Medica, Eiðistorg, Hamraborg, Fjörður

Lyf & heilsa – Við hlustum!




## Mikil skemmtun hjá Juventus og Real



**HEITUR** Cristiano Ronaldo skoraði gott mark fyrir Real Madrid gegn Juventus í gær en það dugði ekki til sigurs því leikurinn fór 2-2. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Bayern München og Man. City tryggðu sig inn í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær.

Real Madrid og PSG eru svo gott sem komin í sextán liða úrslit sömuleiðis þó svo bæði lið hafi gert jafntefli í gær.

Man. Utd gerði markalaust jafntefli við Real Sociedad. United enn á toppi síns riðils en er ekki komið áfram.

Robin van Persie klúðraði víti í leiknum og Javier Hernandez algjöru dauðafæri. - hbg

visir.is
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina.

# Vonandi förum við báðir

Álagið er mikið á Brynjari Leó Kristinssyni um þessar mundir en hann reynir við Ólympíulágmarkið í skíðagöngu. Hætti á skíðum í þrjú ár og fór að æfa sund.

**SKÍÐI** „Ég var að koma af æfingu hér í Hlíðarfjalli og þetta gengur bara vonum framar, enda frábær aðstaða hér á Akureyri um þessar mundir,“ segir hinn 25 ára Brynjar Leó Kristinsson, skíðagöngukappi, sem hefur næstu tvo mánuði til þess að ná lágmarkinu á Vetrarólympíuleikana í Sochi í Rússlandi en leikarnir fara fram í febrúar.

Æfingafélagarnir Brynjar Leó og Sævar Birgisson æfa þessa dagana af kappi á Akureyri og framundan eru mót til að ná lágmarkinu. Sævar stendur betur að vígi en hann hefur nú þegar náð lágmarkinu í sprettgöngu og 15 kílómetra göngu með hefðbundinni aðferð. Eins og staðan er núna fer aðeins einn skíðagöngumaður á leikana en takist öðrum hvorum þeirra að komast á topp 300 á heimslistanum gefur það sjálfkrafa keppnisrétt í Sochi. Það er því möguleiki fyrir þá báða að komast á þetta stærsta skíðagöngumót í heiminum.

„Næsta mót hjá mér fer fram í Svíþjóð og hefst 22. nóvember en framundan eru níu eða tíu mót hjá mér til að ná lágmarkinu. Þetta lítur vel út en ég þarf bæta mig um tíu sekúndur sem ætti í raun að vera formsatriði.“

Brynjar hefur áður náð tímalágmarkinu á æfingum og það er því ljóst að hann hefur alla burði til þess að standast prófið.

„Sævar er kominn inn á leikana í sprettgöngu en ég stefni á lengri göngu, þar liggur minn styrkleiki. Vonandi fer það svo að við komumst báðir á Ólympíuleikana en síðast kepptu tveir skíðagöngukappar fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Lillehammer árið 1994.“



**ÁKVEÐIN** Brynjar Leó Kristinsson ætlar sér að ná lágmarkinu fyrir Sochi og hefur næstu vikur til stefnu. Það er bara spurning hvort það dugi honum. MYND/SIGMAR

Brynjar byrjaði að æfa skíði þegar hann var fjögurra ára en eftir rúmlega áratug í íþróttinni lagði hann skíðin á hilluna 16 ára.

„Ég var kominn með þó nokkurn leiða á göngunni og þar sem flestallir vinir mínir voru að hætta ákvað ég að fara sömu leið.“

Þá tók við tími þar sem Brynjar ákvað að leggja sund fyrir sig og æfði hann íþróttina næstu þrjú árin.

„Sundið átti nokkuð vel við mig. Félagsskapurinn var góður en minn besti árangur í sundinu var áttunda sæti á Íslandsmeistaramótinu í 1.500 metra skriðsundi.“

19 ára ákvað Brynjar að taka þátt á skíðalandsmótinu sem þá var haldið á Akureyri.

„Ég var farinn að sakna göngunnar og skráði mig til leiks í flokki 17-19 ára. Það fór betur en á horfðist og ég vann sprettgönguna. Þá varð í raun ekki aftur snúið og ég sá mig knúinn til að fara aftur á fullt í sportið.“

Möguleikar Brynjars á að komast á topp 300 á heimslistanum eru að sögn Ólafsfirðingsins ekki svo miklir en Sævar gæti hins vegar náð því.

„Ég næ líklega ekki þeim árangri á næstu vikum en Sævar er í góðri stöðu og ef allt fer vel gætum við báðir komist til Sochi.“

Brynjar Leó og Sævar búa báðir í Svíþjóð þar sem þeir æfa með Ulricehamns IF en þeir gerðu eins árs samning við klúbbinn.

stefanp@frettabladid.is

# Rándýrt að skipta um útlending

Akureyri þarf að bæta margt fyrir komandi leiki. Heimir Örn kominn til baka í vörnina.

**HANDBOLTI** „Þetta hefur ekki gengið nægilega vel hjá okkur og það er margt sem við þurfum að skoða í okkar eigin leik,“ segir Heimir Örn Árnason, þjálfari Akureyrar, en liðið er í næst neðsta sæti Olísdeildar karla með fjögur stig eftir sex umferðir.

„Það sem hefur verið aðalsmerki liðsins síðastliðin ár eru hraðar sóknir og auðveld mörk upp úr því en það hefur ekki verið til staðar á tímabilinu.“

Akureyri missti tvo sterka leikmenn fyrir tímabilið en Geir Guðmundsson og Guðmundur Hólmar Helgason gengu báðir til liðs við Val í sumar.

„Það var vissulega mikil blóðtaka og svo er Bergvin [Gíslason] enn frá vegna meiðsla sem gerir hlutina ekki auðveldari fyrir okkur.“

Heimir Örn fékk leikheimild með Akureyri á dögunum en hann hefur spilað með 1. deildarliðinu Hömrunum á tímabilinu.

„Hreinn Hauksson varð að hætta tímabundið handboltaiðkun af persónulegum ástæðum og því varð ég að koma á ný yfir í liðið til að styrkja varnarleikinn, en hann hefur alls ekki verið nægilega góður hjá okkur á tímabilinu.“

Serbinn Vladimir Zejak gekk til liðs við Akureyri fyrir tímabilið og hefur hann alls ekki staðið undir væntingum fyrir norðan.

„Hann hefur ekki verið nægilega öflugur og hefur lítið haft fram að færa fyrir liðið í þessum fyrstu leikjum. Zejak er ávallt mjög góður á æfingum hjá okkur og leggur sig alltaf fram en þetta er ekki að falla fyrir hann í leikjum.“ En kemur til greina að láta leikmanninn fara?

„Það er ekki svo auðvelt en það kostar um 450.000 krónur að fá leyfi fyrir leikmann í handboltanum. Þetta er ekki eins og í körfunni þar sem það gjald er mun lægra. Vonandi kemur hann til á næstu vikum.“



**MIKIL VINNA** Akureyri þarf að bæta margt fyrir næstu leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Akureyri mætir FH í Kaplakrika annað kvöld og þarf liðið í raun að eiga stórleik til að eiga möguleika í spræka Hafnfirðinga. - sáp


ARNALDUR INDRIÐASON
Óumdeildur glæpasagnameistari Íslendinga bregst ekki í nýrri verðlaunabók.
*Skuggasund* er mögnuð saga um syndir sem aldrei fyrnast og atvik sem aldrei gleymast.
„Sestu í uppáhalds hægindastólinn ... og búðu þig undir að njóta viðstöðulaust ...“
EL MUNDO
★★★★★
DE TELEGRAAF
DE TELEGRAAF
THE SUNDAY TIMES
ARNALDUR INDRIÐASON
Skuggasund
1
BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
21.10 – 3.11 2013
*Skuggasund* hlaut spænsku glæpasagnaverðlaunin
PREMIO RBA DE NOVELA NEGRA 2013
RBA
VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05
### Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkvísi. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.

## Í KVÖLD



### Kiljan

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.15** Í þættinum Kiljunni sem er í umsjón Egils Helgasonar er fjallað um bækur úr ýmsum áttum og af öllum toga. Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum og fólki.



### CSI Miami

**SKJÁR EINN KL. 22.50** Hinn sérkennilegi Horatio Caine fer fyrir hópi harðsvíraðra rannsóknarmanna í þessum goðsagnakenndu þáttum.



### Meistaradeild Evrópu

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik stórliðanna Dortmund og Arsenal í sterkustu deild í heimi, Meistaradeild Evrópu.

## Rás 2 kl. 09.05
### Virkir morgnar



Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og fjallað er um skemmtileg mál líðandi stundar jafnt sem liðinna og ólíðinna stunda.





## Baráttan heldur áfram!

Það er stórt kvöld fram undan í Meistaradeildinni. Í Þýskalandi tekur Dortmund á móti Skyttunum með hæfilegri gestrisni því riðillinn er galopinn, Dortmund, Arsenal og Napoli eru öll með sex stig. Barcelona fær AC Milan í heimsókn og þar þurfa Ítalir að halda einbeitingu því Celtic eru skammt undan. Mourinho og félagar í Chelsea kljást svo við Schalke í London. **Ekki missa af fjörinu!**

## Í DAG

| | | |
|---|---|---|
| FC Zenit–Porto | 2 SPORT | 16:55 |
| Upphitun | 2 SPORT | 19:00 |
| Dortmund–Arsenal | 2 SPORT | 19:30 |
| Ajax–Celtic | 2 SPORT 3 | 19:30 |
| Barcelona–AC Milan | 2 SPORT 4 | 19:30 |
| Chelsea–Schalke | 2 SPORT 5 | 19:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 21:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

2 SPORT
*besta sætið*


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Spurningabomban**
**10.25 Glee**
**11.10 Doctors**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Covert Affairs**
**13.45 Chuck**
**14.30 Last Man Standing**
**14.50 Suburgatory**
**15.15 Tricky TV**
**15.40 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Bold and the Beautiful**
**16.47 Ellen**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.05 Heimsókn**
**20.25 Kolla** Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns.
**21.00 Grey's Anatomy** *(7:22)*
**21.45 The September Issue** Heimildarmynd um eitt stærsta einstaka eintak af tímariti sem nokkru sinni hefur verið gefið út.
**23.15 Hung** *(7:10)*
**23.45 The Blacklist**
**00.30 Person of Interest**
**01.15 NCIS. Los Angeles**
**02.00 Make It Happen**
**03.25 In Your Dreams**
**04.55 Dante's Peak**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistarad. - meistaramörk**
**10.40 Meistarad. Evrópu. Juventus - Real Madrid**
**12.25 Meistarad. Evrópu. Real Sociedad - Man. Utd.**
**14.10 Meistarad. Evrópu. FC Kaupmannahöfn - Galatasaray**
**15.55 Meistarad. - meistaramörk**
**16.55 Meistaradeild Evrópu. Zenit - Porto** Bein útsending
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Arsenal** Bein útsending
**21.45 Meistarad. - meistaramörk**
**22.45 Meistarad. Evrópu. Ajax - Celtic**
**00.40 Meistarad. Evrópu. Barcelona - AC Milan**
**02.35 Meistarad. - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Football League Show**
**16.10 Stoke - Southampton**
**17.50 West Ham - Aston Villa**
**19.30 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Schalke** Bein útsending
**21.45 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**22.40 Messan**
**23.50 Newcastle - Chelsea**
**01.30 Arsenal - Liverpool**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**15.45 The X-Factor US**
**17.10 The X-Factor US**
**17.55 Bunheads**
**18.40 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.50 The Carrie Diaries**
**20.30 Arrow** *(4:23)*
**21.15 Damages** *(9:10)*
**22.05 Shameless** *(8:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu.
**22.50 Banshee** *(8:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood, fyrrverandi fanga og afar útsmoginn þjóf.
**23.40 Junior Masterchef Australia**
**00.30 The Carrie Diaries**
**01.15 Arrow**
**02.00 Damages**
**02.50 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.48** Latibær **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Skoppa og Skrítla **08.35** Strumparnir **09.00** Lukku-Láki **09.24** Ofurhundurinn Krypto **09.45** UKI **09.50** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.48** Latibær **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Skoppa og Skrítla **12.35** Strumparnir **13.00** Lukku-Láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.45** UKI **13.50** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.48** Latibær **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Skoppa og Skrítla **16.35** Strumparnir **17.00** Lukku-Láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.45** UKI **17.50** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Lína Langsokkur **20.15** Sögur fyrir svefninn

## 2 GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.20 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(8:22)*
**20.00 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** *(7:10)* Kalli Berndsen er mættur til leiks og heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið.
**20.25 Örlagadagurinn** *(23:30)* Skemmtilegir en jafnframt átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þess.
**21.00 Cold Feet** *(6:8)*
**21.50 Prime Suspect 4** *(2:3)* Stöð 2 Gull rifjar upp þessa bresku og vinsælu þætti um lögreglukonuna Jane Tennison.
**23.35 The Drew Carey Show** *(13:24)*
**00.00 Curb Your Enthusiasm**
**00.30 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi**
**00.50 Örlagadagurinn**
**01.25 Cold Feet**
**02.15 Prime Suspect 4**
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

## 2 BÍÓ

**11.40 Tower Heist**
**13.25 Solitary Man**
**14.55 Charlie and the Chocolate Factory**
**16.50 Tower Heist**
**18.35 Solitary Man**
**20.05 Charlie and the Chocolate Factory**
**22.00 Milk**
**00.05 Extract**
**01.40 The Strangers**
**03.05 Milk**

## RÚV

**16.40 HM 2014 - umspilið**
**17.10 Friðþjófur forvitni**
**17.33 Nína Pataló**
**17.40 Geymslan**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Djöflaeyjan**
**18.45 Íþróttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Neyðarvaktin** *(1:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago.
**20.45 Krabbinn** *(6:8) (The Big C IV)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn.
**21.15 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Mynd af Hilary Hahn** *(Hilary Hahn - A Portrait)* Þýsk heimildarmynd um fiðlusnillinginn Hilary Hahn.
**23.20 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - No homo** Leikstjóri. Guðni Líndal. Verðlaunamynd við útskrift í Kvikmyndaskóla Íslands vorið 2012.
**23.35 Kastljós**
**23.55 Fréttir**
**00.05 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Design Star**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Kitchen Nightmares**
**19.15 Parks & Recreation**
**19.40 Cheers**
**20.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(13:20)* Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku.
**20.35 Borð fyrir fimm** *(4:8)* Bráðskemmtilegir þættir þar sem Siggi Hall, Svavar Örn og vínsérfræðingurinn Alba kíkja í matarboð heim til fólks og meta kosti þess og galla.
**21.10 In Plain Sight** *(1:8)* Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.00 Ray Donovan** *(7:13)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna. Ray er allt annað en sáttur þegar hann kemst að því að faðir hans er enn við sama heygarðshornið.
**22.50 CSI Miami** *(7:24)*
**23.40 Sönn íslensk sakamál**
**00.10 Dexter**
**01.00 Borð fyrir fimm**
**01.30 Ray Donovan**
**02.20 The Borgias**
**03.10 Excused**
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** World Golf Championship 2013 **13.00** World Golf Championship 2013 **16.00** Ryder Cup Official Film 2002 **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship 2013 **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 1999 **23.45** Golfing World **00.35** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




Útgáfufagnaður í Eymundsson Austurstræti á morgun, fimmtudag, kl. 17. Allir velkomnir – léttar veitingar.

KOMIN Í VERSLANIR!

# LEGGUR SPILIN Á BORÐIÐ!



Í þessari áhugaverðu og opinskáu bók hlífir Steingrímur J. Sigfússon hvorki sjálfum sér né öðrum. Ísland reist úr rústum hrunsins. Dramatísk átök á bak við tjöldin. Einstök innsýn í heim íslenskra stjórnmála. Gerir upp hitamál síðustu ára. Þungbærar deilur við samherja. Björn Þór Sigbjörnsson blaðamaður skráir.

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

## BÍÓMYNDIN



**INGI HRAFN HILMARSSON**
**Vinna:** Leikari
Ég er nýbúinn að sjá myndina Warrior og hún kom mér skemmtilega á óvart. Myndin er á topp-5 listanum mínum eins og er.

# Vekja athygli á kostum smáforrita og iPad

Appland er upplýsinga- og fræðsluvefur sem fjallar um notkun smáforrita fyrir iPad á öllum skólastigum.

„Tækifærin eru svo mörg með iPad og þeim smáforritum sem í boði eru," segir Ingibjörg Ósk Jónsdóttir, nemi í hugbúnaðarverkfræði við Háskólann í Reykjavík. Hún starfrækir fræðslu- og upplýsingavefinn appland.is. ásamt þeim Rakel G. Magnúsdóttur, tölvunarfræðinema við HR, Ólöfu Unu Halldórsdóttur, tölvunarfræðingi og skólaliða, og Sigurði Fjalari Jónssyni, framhaldsskólakennara og markaðsstjóra Iðunnar fræðsluseturs.

Appland.is er vefur þar sem fólk getur nálgast upplýsingar um hvernig hægt sé að nota iPad og þau smáforrit sem í boði eru, í skólastarfi og til ýmiss konar fræðslu. Þar fást upplýsingar um hagnýt smáforrit fyrir öll skólastig.

„Þetta haustið erum við Rakel með þróunarverkefni í samstarfi við HR og Kelduskóla og förum við í Kelduskóla einu sinni í viku. Þar fræðum við annan og þriðja bekk um notkun iPad og eftir hvern tíma bloggum við svo um hvernig fræðslan gekk. Krakkarnir taka þessu ótrúlega vel og eru mjög fljótir að læra," útskýrir Ingibjörg.

Fræðslustarfið hefur einnig farið fram fyrir börn á leikskólastigi og hefur Rakel unnið með þessum krökkum frá því þau voru í leikskóla.

Markmiðið með verkefninu er einnig að kenna öðrum kennurum við skólann hvernig hægt sé að nýta iPad til kennslu. Einnig er vefurinn hugsaður fyrir alla þá sem vilja fræðast og kynnast iPad og smáforritanotkun í fræðslu- og kennslu. - gl



**MIÐLA PEKKINGU** Ingibjörg Ósk Jónsdóttir og Rakel G. Magnúsdóttir standa á bak við upplýsinga- og fræðslusíðuna Appland.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Uppselt á sjö mínútum

Stefán Hilmarsson heldur sína fyrstu formlegu jólatónleika í desember.



**STEFÁN HILMARSSON**

„Miðasala hófst á föstudaginn klukkan 12.00 og klukkan 12.07 var orðið uppselt," segir Stefán Hilmarsson tónlistarmaður, sem býður upp á jólatónleika í Salnum í Kópavogi föstudagskvöldið 20. desember. „Ásókn var satt að segja miklu meiri en gert var ráð fyrir og því ákváðum við sem snöggvast að bæta við einum aukatónleikum daginn eftir," bætir Stefán við, en aðeins eru örfáir miðar eftir á aukatónleikana.

Á tónleikunum verða flutt lög af jólaplötu Stefáns sem ber titilinn Ein handa þér, sem kom út fyrir fimm árum, í bland við sérvalin stemningar- og hátíðarlög. Auk þess munu þar hljóma eitt til tvö lög af nýrri jólaplötu sem Stefán hefur haft í hægum smíðum undanfarin misseri. Mörg þessara laga hefur hann ekki sungið opinberlega fyrr, því þegar Ein handa þér kom út á sínum tíma gafst ekki tími til tónleikahalds sökum anna á öðrum vígstöðvum.

„Þetta eru fyrstu svona formlegu jólatónleikarnir sem ég held," segir Stefán. Honum til fulltingis verða valinkunnir spilarar auk þess sem nokkrir leynigestir láta sjá sig á tónleikunum.

Fram undan eru einnig viðhafnartónleikar Sálarinnar sem fram fara í Hörpu næsta laugardagskvöld. Seldist upp á tónleikana á fyrsta degi og var því aukatónleikum bætt við. - glp




# Aðdáandi Ásgeirs fékk símtal frá BBC

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur fékk símtal frá þáttastjórnandanum Dermot O´Leary á BBC 2 Radio þar sem kannaðar voru vinsældir Ásgeirs Trausta á Íslandi.

„Þetta kom mér mjög á óvart og ég var við það að skella á hann," segir Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur, sem fékk skemmtilegt símtal frá þáttastjórnandanum Dermot O´Leary á BBC Radio 2 útvarpsstöðinni fyrir skömmu.

Um er að ræða viðtal sem Ásgeir Trausti fór í á BBC Radio 2 útvarpsstöðinni fyrir skömmu. Viðtalið tók óvænta stefnu þegar stjórnandi þáttarins Dermot O´Leary, sem er kynnir X-Factor þáttanna á Bretlandi og mikil stjarna, ákvað að gera smá tilraun.

Hann hafði heyrt að tíu prósent Íslendinga ættu plötu Ásgeirs, Dýrð í dauðaþögn, og hafði hann í fórum sínum gamla símaskrá sem hann hafði fengið hjá Sendiráði Íslands í London.

„Hann ákvað að opna símaskrána, sem er frá árinu 2009, einhvers staðar og finna eitthvert nafn í skránni og hringja í þá manneskju, sem reyndist vera Margrét. Ásgeir hafði ekki hugmynd um þetta," útskýrir María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs Trausta, um gjörninginn.

Í samtali O´Leary og Margrétar kom í ljós að mamma Ásgeirs hafði kennt syni Margrétar þegar þau bjuggu öll á Húsavík.

„Tilraun þáttastjórnandans gekk upp því auðvitað átti hún diskinn og öllum þarna á útvarpsstöðinni var mikið skemmt," segir María Rut.

Spurð um álit sitt á Ásgeiri Trausta segist Margrét María hafa mjög gaman af honum.

„Eftir þetta atvik hef ég sett mér það markmið að sjá hann á tónleikum sem allra fyrst," bætir Margrét María við.

Í þættinum taka Ásgeir og gítarleikarinn Júlíus Aðalsteinn Róbertsson órafmagnaða útgáfu af laginu Torrent, sem heitir á íslensku Nýfallið regn og einnig frábæra útgáfu af laginu Heart Shaped Box með Nirvana.

„Í því lagi mátti ekki segja orðið Hymens svo Ásgeir deyr ekki ráðalaus og skellir inn íslenskri merkingu orðsins," bætir María Rut við.

Á næstunni kemur Ásgeir fram ásamt félögum sínum í sjónvarpsþættinum Made in Chelsea sem er vel þekktur í Bretlandi.

gunnarleo@frettabladid.is



**MARGRÉT MARÍA** Margrét María Sigurðardóttir fékk óvænt símtal frá þáttastjórnanda BBC. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## VINSÆLDIR ÁSGEIRS

| Geisladiskar seldir | Stafrænar plötur seldar | Vínylplötur seldar |
|---|---|---|
| RÚMLEGA 28.000 | RÚMLEGA 2.000 | RÚMLEGA 600* |

*Bara heilar plötur, ekki stök lög

**Samtals rúmlega 30.000 eintök** af plötunni hafa selst á öllum sniðum en þar fyrir utan er allt streymi og stök seld lög.

**Þreföld platínuplata**
Ásgeir Trausti og Mugison eru einu tónlistarmennirnir sem hafa náð þrefaldri platínuplötu á einu ári.



**UMBOÐSMAÐUR ÁSGEIRS TRAUSTA** María Rut Reynisdóttir hafði gaman af viðtalinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VINSÆLL ÁSGEIR** Ásgeir Trausti hefur selt yfir 30.000 plötur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

# NÁMSBRAUTIR OG NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI 2014

## KYNNINGARFUNDUR 7. NÓVEMBER AÐ DUNHAGA 7

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR
***Klukkan 17:00 – Umsóknarfrestur til 15. nóvember***

HANDLEIÐSLUFRÆÐI - EINS ÁRS NÁM Í FAGHANDLEIÐSLU, KENNINGUM OG HANDLEIÐSLUTÆKNI
***Klukkan 17:30 – Umsóknarfrestur til 15. nóvember***

## AÐRAR NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI

SÁLGÆSLUFRÆÐI – DIPLOMA Á FRAMHALDSSTIGI OG STÖK NÁMSKEIÐ
***Umsóknarfrestur til 6. desember***

LEIÐTOGAHÆFNI – LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUNUN
***Umsóknarfrestur til 3. febrúar***

ÁFALLASTJÓRNUN
***Umsóknarfrestur til 3. febrúar***

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:

sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalán á Birtíngi

Frjósemisfaraldur ríður nú yfir á útgáfufélaginu Birtíngi, sem gefur meðal annars út tímaritin Séð & heyrt, Vikuna, Nýtt líf og Gestgjafann. Fjórar konur í fyrirtækinu eru með barni, þær Rakel Ósk Halldórsdóttir ljósmyndari, **Kristín Ýr Gunnarsdóttir,** blaðakona á Vikunni, Marta Goðadóttir, blaðakona á Nýju lífi og Ásgerður Margrét Þorsteinsdóttir umbrotskona. Það er því ljóst að mikið verður barnalánið hjá fyrirtækinu um og eftir áramót.



### Andri Snær rótar í tímakistunni

**Andri Snær Magnason** rithöfundur fagnar nýrri bók sinni, Tímakistunni, í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hann mun bjóða upp á blandaða dagskrá upplestrar og tónlistar með dyggri aðstoð **KK** á stóra sviðinu. „Ég ætla að gramsa í tímakistunni, þetta verður lítið tónlistarferðalag og uppgjör mitt við tímann sem það tók að skrifa bókina," segir Andri Snær. Hann var í fjögur ár að skrifa bókina og í tíu ár að hugsa um hana.



## Mest lesið VÍSIR

1 Skoðar álag á námsmenn sem ílengjast erlendis
2 Lokkuðu ólögráða stúlkur í hópkynlíf með áfengi
3 Ótrúlegt myndband næst af flugslysi
4 Guðmundur Felix mátaði skurðarborðið
5 Nýtt app breytir framrúðunni í GPS-tæki





